

**JÓHANNES STEINN JÓHANNESSON**

*Gefur uppskrift að íslenskri bleikju*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**GEÐHJÁLP**

*Þjónustan breyst til batnaðar á 30 árum*

Sérblað Geðhjálpar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**FRIÐRIK ÓMAR HJÖRLEIFSSON**

*Aftur í Eurovision*

Syngur bakraddir fyrir Jóhönnu Guðrúnu í Moskvu

FÓLK 38


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. mars 2009 — 75. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Byrjaði smátt



Nýi tónlistarskólinn fagnar um þessar mundir þrjátíu ára afmæli sínu.

TÍMAMÓT 24

### Draumaland á lokastigi



Þorfinnur Guðnason hefur eytt þremur árum í gerð kvikmyndarinnar Draumalandið.

FÓLK 32

### Hálf sagan sögð?

„Og við skulum ekki gleyma því að dýrustu prófkjör Íslandssögunnar áttu sér stað fyrir kosningarnar 2007“, skrifar Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

UMRÆÐAN 22

### Háspenna – lífshætta



Haukakonur eru einum sigri frá Íslandsmeistaratitlinum eftir dramatískan sigur á KR í gær.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verða norðan 5-10 m/s allra austast, annars yfirleitt hægviðri. Stöku él norðan og austan til, annars þurrt og bjart með köflum. Frost 0-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2008 - janúar 2009.


# Tugmilljarðar gætu sparast við aðildarumsókn að ESB

**Aukinn trúverðugleiki efnahagsstefnunnar við ákvörðun um að stefna hér að upptöku evru og aðild að Evrópusambandinu getur þýtt mun hagstæðari lánakjör fyrir ríkið, að því er segir í nýrri skýrslu ráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Miðað við þá brúttóskuldastöðu sem blasir við þjóðarbúinu næstu mánuði og ár gæti umsókn um aðild að Evrópusambandinu (ESB) sparað ríkissjóði milljarða og jafnvel milljarðatugi króna í formi betri lánskjara. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkis- og alþjóðamál. „Er þá ekki minnst á þann stöðugleika og trúverðugleika í augum annarra þjóða sem umsókn Íslands að ESB kynni að hafa,“ segir þar einnig.

Í nýlegri samantekt fjármálaráðherra um íslenskan þjóðarbúskap og ríkisfjármál má lesa að í lok þessa árs muni vaxtaberandi erlendar skuldir ríkissjóðs nema um 2.300 milljörðum króna. Lækki vextir um eitt prósentustig myndu því sparast 23 milljarðar króna. Heimildir blaðsins herma þó að erfitt sé að slá á hversu mikið lánakjör ríkisins kynnu að batna.

Kjörin sem ríkinu standa til boða, svo sem hjá Bretum vegna Icesave-skuldbindinga, koma til með að ráðast af trúverðugleika efnahagsstefnunnar. Rætt hefur verið um vexti á bilinu fimm til sex prósent. Til samanburðar má nefna að vextir sem Ungverjalandi bjóðast eru um 3,5 prósent.

„Þegar kemur að gjaldmiðilsmálum til lengri tíma litið hafa þrír kostir verið í umræðunni hér á landi: áframhaldandi notkun íslensku krónunnar, einhliða upptaka evru (eða annars gjaldmiðils) og upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu“, segir í skýrslu utanríkisráðherra.

Þar kemur fram að íslenska krónan hafi átt undir högg að sækja og ekki sé að sjá breytingu þar á. Einhliða upptaka annarrar myntar er einnig sögð verulegum annmörkum háð. „Slíkt myndi hugsanlega breyta kreppunni hér á landi úr gjaldeyriskreppu í jafnvel enn alvarlegri bankakreppu vegna þess að bankarnir hefðu engan þrautalánveitanda. Þeir gætu hvorki reitt sig á Seðlabanka Evrópu né Seðlabanka Íslands.“

Upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu og myntsamstarfi Evrópu myndi hins vegar kalla á strangt ferli sem fæli í sér aðhald í ríkisfjármálum og stöðugleika í gengismálum sem standast þyrfti skilmála Maastricht-sáttmálans. „Má ætla að það ferli tæki að minnsta kosti fimm ár frá þeim tíma að sótt er um aðild að sambandinu,“ segir í skýrslunni. **- óká**



**FRÁ 38. LANDSFUNDI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS** Landsfundur Sjálfstæðisflokksins var settur í Laugardalshöllinni í gær. Er fundurinn sá fjölmennasti í 80 ára sögu flokksins en hann sækja 1.900 fulltrúar alls staðar að af landinu. Geir H. Haarde kom víða við í síðustu ræðu sinni sem formaður. Taldi hann flokkinn standa vel þrátt fyrir tímabundinn mótbyr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Geir segir Sjálfstæðisflokkinn hafa gert mikil mistök við einkavæðingu bankanna:

# Baðst afsökunar á mistökum

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, fráfarandi formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrum forsætisráðherra, sagði sjálfstæðismenn hafa gert mikil mistök við einkavæðingu bankanna og baðst afsökunar á sínum þætti í þeim í setningarræðu sinni við upphaf 38. landsfundar Sjálfstæðisflokksins í gær.

„Með því að falla frá þeirri stefnumörkun sem ákveðin hafði verið um dreifða eignaraðild urðu okkur á mikil mistök,“ sagði Geir.

Hann rakti fall bankanna til þessara mistaka og sagði að hefðu sjálfstæðismenn haldið fast við upphaflegt markmið um dreifða eignaraðild hefðu bankarnir ekki verið jafn sókndjarfir og áhættusæknir og raunin varð.

Geir varði mestum tíma í að gera upp banka- og efnahagshrunið en horfði til framtíðar í Evrópumálum. Hann vonast til að tillaga Evrópunefndar flokksins um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu verði samþykkt, en hún verður kynnt í dag. **- shá / sjá síðu 4**

Verðlaunaköttur í Kópavogi:

# Á ekki langt að sækja snillina

**GÆLUDÝR „Hún hefur geðslag föðurfjölskyldu sinnar sem og andlitsfallið. Hún er mjög vel gefin, forvitin, uppátækjasöm og blíð,“ segir Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir, eigandi læðunnar Mallorcu Perlu, sem varð stigahæst í flokki húskatta á sýningu Kynjakatta á dögunum.**



RAGNHEIÐUR HREFNA GUNNARSDÓTTIR

**Mallorca Perla á ekki langt að sækja snilli sína því afi hennar er kötturinn Muri sem hefur þótt sýna ótrúlega leikhæfileika, meðal annars í Bjarkarmyndbandinu og svo í hlutverki kattarins sem gleypir mann í Símaauglýsingunni.** - jma / sjá síðu 38







**SPURNING DAGSINS**



*Einar, eru þríhjól ekki meira en nóg fyrir börnin?*

„Jú, þú þarft ekki bílpróf á þau eins og á fjórhjólin.“

Fyrirtækið SportX á Akureyri býður til sölu vélknúin fjórhjól fyrir börn frá þriggja ára aldri. Einar Magnússon er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Breska leyniþjónustan sökuð um að eiga þátt í pyntingum:

# Meintar pyntingar í rannsókn

**LONDON, AP** Bresk stjórnvöld hafa fyrirskipað lögreglurannsókn á ásökunum fyrrverandi fanga í Gvantanamo-fangabúðunum á Kúbu þess efnis að fulltrúar bresku leyniþjónustunnar hafi verið viðriðnir pyntingar hans í öðrum löndum.

Fanginn, Binyam Mohamed, fullyrðir að hann hafi verið pyntaður um sjö ára skeið í Marokkó, Pakistan og Afganistan. Það hafi verið gert með fullri vitund að minnsta kosti eins fulltrúa bresku leyniþjónustunnar MI5 og að leyniþjónustan breska hafi enn fremur látið kvölurum hans í té spurningar sem nota ætti við yfirheyrslur yfir honum.

Fulltrúar leyniþjónustunnar hafna því að hafa ógnað honum eða þrýst á að hann talaði.

Í yfirlýsingu frá Mohamed segist hann fagna því að málið skuli rannsakað en þó verði að forðast að gera þennan tiltekna fulltrúa leyniþjónustunnar að blóraböggli fyrir möguleg lögbrot stofnunarinnar. Hann hafi aðeins verið að hlýða skipunum.

Mohamed var handtekinn í Pakistan árið 2002 grunaður um að tengjast hryðjuverkastarfsemi. Hann losnaði úr Gvantanamo-búðunum í janúar á þessu ári og hefur síðan verið að jafna sig á óþekktum stað í Bretlandi. - sh



**GVANTANAMO** Mohamed dvaldi lengi í Gvantanamo-fangabúðum Bandaríkjamanna á Kúbu.

Hvalfjörður og Hafnarfjörður:

## Gagnaver reist í byrjun árs 2010

**IÐNAÐARMÁL Hvalfjarðarsveit og Hafnarfjörður eru efst á blaði varðandi staðsetningu gagnavers eða netþjónabús sem undirbúningsfélagið Titan Global hefur í hyggju að reisa hér á landi. Skessuhorn greinir frá þessu.**

**Stefnt er á að framkvæmdir geti hafist í byrjun næsta árs. Jónas Tryggvason, framkvæmdastjóri félagsins, segir að netþjónabú verði risið á báðum stöðum innan fimm ára. Áætlað er að um 100 manns starfi við hvort bú. Staðsetning iðnaðarlóða í Hvalfjarðarsveit og Hafnarfirði ræður mestu um að þessi sveitarfélög eru efst á blaði.** - shá

# Nefndarmenn fá 3,2 milljónir á mánuði

**Kostnaður við uppskipti viðskiptabankanna þriggja verður kominn í milljarð króna um mánaðamót. Hver skilanefndarmaður fær að meðaltali um 3,2 milljónir á mánuði í verktakagreiðslur. Í hærri kantinum, segir viðskiptaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Starfsmenn skilanefnda viðskiptabankanna þriggja hafa fengið að meðaltali um 3,2 milljónir króna í mánuði í verktakagreiðslur. Þetta kemur fram á minnisblaði sem fulltrúi Fjármálaeftirlitsins (FME) kynnti viðskiptanefnd Alþingis í gær.

Þar kemur fram að kostnaður við uppskipti bankanna stefnir í að ná einum milljarði króna um næstu mánaðamót, segir Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar. Kostnaðurinn fellur á ríkissjóð, ýmist beint eða í gegnum FME.

„Mér finnst þetta vel í lagt,“ segir Álfheiður, spurð hvort hún telji verktakagreiðslur til nefndarmanna eðlilegar. Greiðslurnar séu á ábyrgð FME, sem samið hafi við nefndarmenn.

Meirihluti kostnaðarins tengist vinnu endurskoðunarfyrirtækja og annarri aðkeyptri vinnu.

Verktakagreiðslur til skilanefndarmanna numu 238 milljónum króna í lok febrúar. Nefndirnar höfðu þá verið að störfum í um fimm mánuði. Fimm eru í hverri nefnd, ýmist lögmenn eða endurskoðendur. Þeir taka við greiðslunum í gegnum fyrirtæki sín.

Innifalið í 3,2 milljóna króna greiðslu er 24,5 prósenta virðisaukaskattur. Þegar hann hefur verið dreginn frá standa eftir um 2,4 milljónir króna. Af því þarf svo að greiða tekjuskatt, tryggingargjald, orlof og í lífeyrissjóð.

„Þetta er auðvitað í hærri kantinum,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Sérstaklega sé horft til þess að um langtímaverkefni sé að ræða.



**FRUMVARP** Ekki tókst að ljúka umfjöllun um frumvarp sem færa mun kostnað við uppgjör viðskiptabankanna í þrotabú þeirra á fundi viðskiptanefndar í gær. Stefnt er að því að frumvarpið verði að lögum fyrir þinglok. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Hann segir greiðslurnar þó ekki út úr korti miðað við vinnu lögfræðinga og endurskoðenda tengda þrotabúum almennt. Fyrir ríkið skipti meiru hvað komi út úr búinu en greiðslur til skilanefndarmanna, enda séu greiðslur til þeirra dvergvaxnar í samanburði við það sem komið gæti út úr bönkunum.

Viðskiptanefnd Alþingis fjallaði í gær um frumvarp um slit viðskiptabankanna, en náði ekki að ljúka umfjöllun sinni um það. Þar er meðal annars ætlunin að fella



**STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON** Formaður skilanefndar Kaupþings.



**LÁRUS FINNBOGASON** Formaður skilanefndar Landsbankans.



**ÁRNI TÓMASSON** Formaður skilanefndar Glitnis.

kostnað vegna skilanefndanna sem til fellur eftir lagabreytingarnar á þrotabú bankanna, eins og venjan er í gjaldþrotamálum.

Þá verður fellt út lagaákvæði sem bannar málsókn gegn bönkunum, og er full samstaða um það í nefndinni, segir Álfheiður.

brjann@frettabladid.is



**MOSKVA** Rússar vilja meiri upplýsingar áður en þeir lána 500 milljónir Bandaríkjadala.

Viðskiptatímaritið Forbes:

## Ísland vill enn fá Rússalánið

**EFNHAGSMÁL** Stjórnvöld í Rússlandi hafa óskað eftir nánari upplýsingum vegna 500 milljóna dollara láns sem Íslendingar vilja fá frá Rússum. Þetta kom fram í vefútgáfu viðskiptatímaritsins Forbes í gær. Er þetta haft eftir Konstantin Vyshkovsky, yfirmanni lánadeildar fjármálaráðuneytisins. Vyshkovsky segir þörf á þessum upplýsingum áður en ákvörðun er tekin um lánið sem svarar til um 60 milljarða króna. „Við viljum vita hvaða samkomulagi hefur verið náð við aðra lánardrottna,“ segir Vyshkovsky við Forbes. - gar

Kannabisræktun í Þykkvabæ:

## Grunaðir um að hafa selt efni

**LÖGREGLUMÁL Piltarnir þrír sem handteknir voru í fyrradag vegna umfangsmikillar kannabisræktunar í Þykkvabæ, sættu yfirheyrslum hjá lögreglu í gær. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er grunur um að þeir hafi náð að selja eitthvað af ræktuninni áður en lögreglan upprætti hana.**

**Nokkrir þeirra hafa komið við sögu lögreglu áður vegna fíkniefnamála. Þeir reyndust samvinnufúsir við yfirheyrslur í gær. Ekki var gerð krafa um gæsluvarðhald yfir þeim og var þeim sleppt eftir skýrslutökur í gærkvöldi.**

- jss / sjá síðu 8



**GEIMFERÐ** Bandaríski geimferðalangurinn Charles Simonyi virtist klár í slaginn áður en lagt var af stað í langferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimferðalangur af stað:

## Geimskotið gekk að óskum

**KASAKSTAN, AP** Geimfar sem bar bandaríska milljarðamæringinn Charles Simonyi af stað til stjarnanna lagði klakklaust af stað frá Norður-Kasakstan í gær.

Somonyi, sem er sextugur hugbúnaðarhönnuður, greiddi um 35 milljónir Bandaríkjadala fyrir ferðina, sem jafngildir um 4,1 milljarði króna.

Förinni er heitið til alþjóðlegu geimstöðvarinnar, en um tvo daga tekur að koma geimfarinu að stöðinni. Þetta er önnur ferð Simonyi með rússneskri geimflaug. Auk hans var einn rússneskur geimfari og einn bandarískur með í för. - bj

**HAFNARFJÖRÐUR**

**Lán fyrir afborgun láns**

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti í gær að taka hálfan milljarð króna að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 15 ára. Lánið er tekið til að greiða afborgun af skammtímaláni sem einnig er hjá Lánasjóðnum.


THULE SWEDEN

Skíðabogar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is


Könnun Fréttablaðsins um aðildarviðræður við Evrópusambandið:

# Afstaða til ESB helst stöðug

**SKOÐANAKÖNNUN** Alls 46,6 prósent segjast nú vilja að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. 53,4 prósent eru því mótfallin. Vikmörk í nýrri könnun Fréttablaðsins eru 3,9 prósentustig og er því ekki marktækur munur á milli þeirra sem eru fylgjandi og mótfallnir því að sótt verði um.

Nánast engin breyting er á afstöðu fólks frá síðustu könnun blaðsins fyrir tveim vikum þegar 45,5 prósent voru fylgjandi því að sækja um aðild og 54,5 prósent því mótfallin.

Líkt og í síðustu könnun er nánast enginn munur á afstöðu fólks eftir kyni, en íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru því heldur meira fylgjandi að sótt verði um aðild.

Tæplega 80 prósent kjósenda Samfylkingar eru hlynnt aðildarviðræðum og tæplega 50 prósent kjósenda Framsóknarflokks. Rúmlega 40 prósent kjósenda Vinstri grænna og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk eru aðildarviðræðum fylgjandi. Minnstur er stuðningur við aðildarviðræður meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins, en tæp 24 prósent eru því fylgjandi að sótt verði um aðild.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 25. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu. 79,4 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - ss

**Á að sækja um aðild að Evrópusambandinu?**





ICELANDAIR

ICELANDAIR
REYKJAVÍKURFLUGVELLI, 101 REYKJAVÍK
SÍMI 50 50 300, FAX 50 50 766

27. mars 2009

Kæri lesandi,

**SEATTLE – NÝR OG SPENNANDI ÁFANGASTAÐUR**

Mér er sérstakt ánægjuefni að skýra frá því að 22. júlí mun Icelandair hefja beint áætlunarflug fjórum sinnum í viku milli Íslands og Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna.

Velgengni Icelandair byggir á stöðugri útsjónarsemi, þróun og aðhaldi. Áætlunarflug til Seattle gefur félaginu ný og ábatasöm sóknarfæri þar sem hið öfluga og einstaka leiðakerfi Icelandair, styrkur félagsins og sveigjanleiki, gera okkur kleift að bjóða stystu flugleiðina milli Skandinavíu og Seattle og hagkvæman kost fyrir farþega frá öðrum áfangastöðum Icelandair í Evrópu.

**ALLT AÐ 100 NÝ STÖRF Á ÍSLANDI**

Jafnframt er það mikið ánægjuefni að við gerum ráð fyrir að hundrað nýrra starfsmanna fái starf hér á Íslandi í tengslum við flug til Seattle auk þess sem aukinn ferðamannastraumur skapar mikilvæg störf um allt land.

Á erfiðum tímum í efnahagslífi þjóðar skiptir höfuðmáli að snúa vörn í sókn. Þess vegna var sú ákvörðun tekin að hefja áætlunarflug til Seattle og þess vegna horfum við hjá Icelandair björtum augum til framtíðarinnar.

Kær kveðja,

Birkir Hólm Guðnason,
framkvæmdastjóri Icelandair

## GENGIÐ 26.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,56 | 118,12 |
| Sterlingspund | 171,06 | 171,9 |
| Evra | 159,51 | 160,41 |
| Dönsk króna | 21,41 | 21,536 |
| Norsk króna | 18,142 | 18,248 |
| Sænsk króna | 14,603 | 14,689 |
| Japanskt jen | 1,1955 | 1,2025 |
| SDR | 177,08 | 178,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
193,9144
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Könnun á fylgi frambjóðenda til formannsembættisins í Sjálfstæðisflokknum:

# Fleiri vilja Bjarna en Kristján

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson nýtur meira fylgis en Kristján Þór Júlíusson í embætti formanns Sjálfstæðisflokksins, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Bjarna mælist 47 prósent en 35,9 prósent við Kristján Þór. Rétt rúm 17 prósent nefndu aðra.

Sé einungis horft til þeirra sem sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn er munurinn meiri; tæp 58 prósent nefndu Bjarna en tæp 30 prósent Kristján Þór. Tæp þrettán prósent nefndu aðra.

Munurinn á tvímenningunum er sáralítill ef litið er til aðspurðra sem búa á landsbyggðinni; stuðn-


BJARNI BENEDIKTSSON


KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

ingurinn við Bjarna mælist tæp 44 prósent en við Kristján Þór rúm 42 prósent. Aðrir fá rúm fjórtán prósent. Á höfuðborgarsvæðinu er fylgi Bjarna tæp 50 prósent en Kristjáns Þórs rúm 30 prósent. Aðra nefndu 20 prósent svarenda.

Þegar spurt var hvaða aðra aðspurðir vildu í formannsembættið nefndu flestir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, varaformann flokksins.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 25. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Hver vilt þú að verði formaður Sjálfstæðisflokksins? 50,5 prósent tóku afstöðu.

Kosið verður í embættið á landsfundi Sjálfstæðisflokksins á sunnudag. - bþs

Landsfundur kúabænda:

## Nýr formaður verður kjörinn

**LANDBÚNAÐUR Kúabændur flykkjast til höfuðborgarinnar til landsfundar sem hefst í dag.**

**Endurnýjun mjólkursamningsins við ríkið verður helsta mál fundarins auk þess sem nýr formaður verður kjörinn. Sigurður Loftsson í Steinsholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Sigurgeir Hreinsson, Hrísholi í Eyjafjarðarsveit, eru í framboði. Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir kosningabaráttuna hvorki hafa verið hatramma né dýra.**

**Fundinum lýkur með árshátíð þar sem nautakjöt verður á matseðlinum. - she**

Varaformaður Framsóknar:

## Könnunin er mikil vonbrigði

**KÖNNUN „Ég vaknaði allhressilega við lestur Fréttablaðsins í [gær]morgun, eins og, held ég, margir aðrir framsóknarmenn,“ segir Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, þar sem flokkurinn mælist með 7,5 prósenta fylgi, sem er það minnsta á árinu.**


BIRKIR JÓN JÓNSSON

**„Þetta er í raun og veru ekki í takt við þá strauma sem ég hef fundið gagnvart flokknum á undangengnum vikum og mánuðum. Þannig að niðurstaðan er vissulega mikil vonbrigði,“ segir Birkir, en telur þó að könnunin muni hleypa kappi í flokksmenn. Hann hefur ekki trú á að niðurstaða kosninga verði á þessa leið. - sh**

Oddviti Framsóknar:

## Málinu lokið af minni hálfu

**STJÓRNMÁL** Vigdís Hauksdóttir, oddviti á lista framsóknarmanna í Reykjavíkurkjördæmi suður, segist ætlar ekki að höfða mál gegn ASÍ fyrir að hafa látið sig velja milli starfsins og þess að taka sæti á framboðslista þegar hún óskaði eftir launalausu leyfi fram yfir kosningar. Vigdís segist þekkja hið sanna í málinu og hún líti svo á að nú sé málinu lokið af sinni hálfu.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kannast ekki við að neinn starfsmaður ASÍ hafi óskað eftir launalausu leyfi vegna framboðs til Alþingis í vor. Ásakanir um að starfsmönnum ASÍ sé mismunað á grundvelli pólitískra skoðana séu úr lausu lofti gripnar. - ghs

# Vill þjóðaratkvæði um aðildarviðræður

**Geir H. Haarde styður tillögu Evrópunefndar um tvöfalda atkvæðagreiðslu um ESB. Hann íhugaði stjórnarsamstarf við Vinstri græna 2007 og segir AGS hafa stöðvað stýrivaxtalækkun í janúar vegna stjórnmálaóreiðu í landinu.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, fráfarandi formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði það stærstu mistök sjálfstæðismanna sem tengjast bankakerfinu að hafa fallið frá stefnu um dreifða eignaraðild við einkavæðingu bankanna fyrir sex árum. „Ég ber mína ábyrgð á því að svona var búið um hnútana á sínum tíma og á þeim mistökum er rétt að biðjast afsökunar. Geri ég það hér með,“ sagði Geir.

Geir varði mestum tíma í að gera upp banka- og efnahagshrunið í ræðu sinni en horfði til framtíðar í Evrópumálum. Hann vonast til að tillaga Evrópunefndar flokksins um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, annars vegar um aðildarviðræður og hins vegar um niðurstöðu þeirra, verði samþykkt en tillagan verður kynnt í dag.

Geir segist hafa íhugað stjórnarsamstarf við Vinstri græna eftir alþingiskosningarnar árið 2007. Sagðist Geir hafa reynt forystumenn VG að orðheldni og heilindum í löngu samstarfi á Alþingi en hins vegar hafi málefnalegur ágreiningur reynst of mikill þegar upp var staðið.

Geir sagði að peningamálastefna Seðlabankans hafi brugðist; háir vextir hafi dregið að sér erlent fjármagn og aukið á þenslu í stað þess að draga úr henni.

Geir fullyrti í ræðunni að strax í janúar hefði Seðlabankinn mælt með lækkun stýrivaxta í ljósi hratt lækkandi verðbólgu en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn metið óvissu í stjórnmálum með þeim hætti að rétt væri að bíða með lækkun. „Af


**FRÁ LANDSFUNDI** Fjölmennasti landsfundur Sjálfstæðisflokksins til þessa var settur í gær. Þingmennirnir Kristján Þór Júlíusson og Bjarni Benediktsson munu berjast um formannsstólinn ásamt Snorra Ásmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þessum sökum dróst vaxtalækkunin um tvo mánuði,“ sagði Geir.

Í janúar vildu sjálfstæðismenn ráðast í aðgerðir sem meðal annars fólu í sér endurskoðun peningamálastefnunnar og að efla atvinnuskópun með því að hefja hvalveiðar og ráðast í álversframkvæmdir í Helguvík og á Bakka.

Geir sagði það mistök að hafa fallist á kröfu Framsóknarflokks um 90 prósenta húsnæðislán að loknum kosningum 2003 og skattalækkanir á þeim tíma megi jafnframt gagnrýna.

Geir sagði að árangurstengd ofurlaun innan bankakerfisins hefðu kynt undir áhættusækni bankamanna og til þess mætti rekja fall bankanna að hluta. Hann sagði að Íslendingar, eins og aðrar þjóðir, yrðu að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig.

svavar@frettabladid.is


**SÆRÐIR** Yfir eitt þúsund létust í þriggja vikna átökum í byrjun árs, og þúsundir til viðbótar særðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilt um látna í átökum:

## Segja meirihluta vígamenn

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsher hafnar fullyrðingum Palestínumanna um að meirihluti þeirra sem féllu í átökum á Gasaströnd í janúar hafi verið óbreyttir borgarar.

Í yfirlýsingu frá Ísraelsher í gær kemur fram að 1.166 manns hafi látist í átökunum. Þar af hafi 709 verið vígamenn Hamas-samtakanna og tæplega 300 hafi verið óbreyttir borgarar. Talsmenn hersins gátu ekki gert grein fyrir stöðu 162 manna sem létust í átökunum.

Palestínumenn segja 1.417 hafa fallið. Af þeim hafi yfir 900 verið óbreyttir borgarar. - bj

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Réðst á Guðmund í Byrginu

**DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að ráðast á Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins, og vinna skemmdir á bíl hans í maí í fyrra. Maðurinn taldi sig eiga harma að hefna, þar sem Guðmundur hafði nýlega verið dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn eiginkonu mannsins og þremur öðrum konum.**

**Maðurinn greindi frá því í Kompási skömmu síðar og greindi þar frá því að hann hafi löðrungað Guðmund. Þá er maðurinn ákærður fyrir kynferðisbrot gegn viðskiptavini sínum á húðflúrsstofu. - sh**


20 ÁRA STARFSAFMÆLI

ALLIR FISKRÉTTIR

990 KR/KG

ÝSA Í RASPI, MARINERAÐAR FISKSTEIKUR OG ALLIR FISKRÉTTIR.

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

*Tilboðið gildir út alla vikuna*

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HELGIN**
Í fyrramálið verður komin snjókoma á vesturhelmingi landsins samfara vaxandi vindi af suðri. Smám saman gengur úrkomuloftið yfir landið. Þegar líður á daginn hlánar syðst og vestast og þar þróast því úrkoman yfir í slyddu eða rigningu. Óvissa ríkir um sunnudagsveðrið. Helst er að sjá hvassa norðanátt nyrðra með éljum norðan og vestan til. Kalt í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 8° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| New York | 17° |
| Orlando | 29° |
| Osló | 10° |
| París | 10° |
| Róm | 16° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
OPIÐ til 20 alla daga
ÓDÝRT Í HAGKAUP
LÍNU ÝSA FROSIN
689 kr/kg.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÍSLENSKT NAUTAFILE
2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-
Nautaat
ÓDÝRT Í HAGKAUP
LAMBASKROKKUR HEILL FROSINN
849 kr/kg.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
LAMBALÆRI KRYDDLEGIÐ
1.399 kr/kg.
Merkt verð 1.998.-
GRÍSA-KÓTILETTUR
799 kr/kg.
ÍSLANDS FISKUR
ÝSURÉTTUR Í KARRÝ
799 kr/kg.
ÍSLANDS FISKUR
PLOKKFISKUR
799 kr/kg.
KJÚKLINGA-LUNDIR
1.799 kr/kg.
Merkt verð 2.999.-
KJÚKLINGA-BRINGUR
1.949 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
KÚRBÍTUR
299 kr/kg.
BÖKUNAR-KARTÖFLUR
139 kr/kg.
COUS COUS
KÚS KÚS 5 TEGUNDIR
30% afsláttur v/kassa
NÝBAKAÐ
FOCACCIA 2 TEGUNDIR
169 kr/stk.
Verð áður 309.-
ÓDÝRT Í HAGKAUP
Egils Páskaöl
EGILS PÁSKAÖL
99 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
Ísblóm
ÍSBLÓM 4 STK. Í PAKKA
259 kr/pk.
24 Hagkaup
OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 29. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Er í lagi að foreldrar kaupi áfengi fyrir 18 eða 19 ára börn sín?*

| | |
|---|---|
| Já | 53,6% |
| Nei | 46,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér í lagi að hægt sé að kaupa fjórhjól fyrir börn frá þriggja ára aldri?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Fiskútflytjendur á Vestfjörðum langþreyttir á lélegum vegsamgöngum:

# Aldrei fleiri fiskar yfir fjörðinn

**SAMGÖNGUR** Aldrei hefur jafn mikið verið flutt af fiski með ferjunni Baldri en í þessari viku. Hátt í 600 tonn fóru með henni yfir Breiðafjörðinn frá mánudegi til miðvikudags.

„Venjulega hafa tveir flutningabílar komið í hverri ferð en síðustu daga höfum við tekið fimm í ferð,“ segir Unnar Valby Gunnarsson, skipstjóri á ferjunni.

Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði, og Guðjón Indriðason, framkvæmdastjóri Þórsbergs á Tálknafirði, segja að nú þegar meira þurfi að hafa fyrir sölunni fari stærri fiskfarmar loks þegar



**BALDUR** Ef ferjunnar nyti ekki við væri búið að loka Odda segir framkvæmdastjórinn.

sala næst. „Og síðustu vikurnar hefur aðeins verið að losna um tregðuna hjá kaupendum,“ segir Sigurður. Hann segir enn fremur að ef Breiðafjarðarferjunnar nyti ekki við væri löngu búið að loka í Odda. „Kaupendur vilja fá vöruna strax og þeir spyrja ekkert hvort fært sé yfir Klettshálsinn eða ekki.“

Báðir segja þeir það í raun nógu hamlandi að þurfa að stíla inn á áætlanaferðir ferjunnar, tími sé til kominn að Vestfirðingar fái að njóta heilsárs vegsamgangna, álíka þeim sem eru annars staðar á landinu. „Fyrst var vegaframkvæmdum frestað vegna fjárskorts, síðan vegna þenslu og nú aftur vegna kreppu þannig að það er ekki gott að segja hvenær við fáum að njóta þessara þæginda sem þekkjast annars staðar á landinu,“ segir Guðjón. **- jse**

Endurtekin íbúakosning:

# Undirskriftum enn safnað

**SKIPULAGSMÁL Hópur sem stendur fyrir söfnun undirskrifta meðal Hafnfirðinga stefnir enn að því að safna nógu mörgum nöfnum til að knýja fram nýja íbúakosningu um deiliskipulag fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Að sögn Gylfa Ingvarssonar, forsvarsmanns söfnunarinnar, var 570 undirskriftum af rúmlega 5.000 hafnað af bæjaryfirvöldum. Fjórðung atkvæðisbærra bæjarbúa þurfti til að fá fram nýja kosningu. Það svari til á milli 4.500 og 4.600 manna. Ætlunin sé að safna um 250 undirskriftum til viðbótar. Gylfi segir að farið verði yfir stöðuna í næstu viku. - gar**


Demparar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is


# Vill hundruð milljóna fyrir nektardansbann

**Eigandi Óðals sakar alþingismenn um rangfærslur með því að tengja íslenska nektardansstaði við mansal og aðra glæpastarfsemi. Hann segir að verði nektardans bannaður með lögum stefni í skaðabótamál upp á hundruð milljóna.**

**STJÓRNMÁL** Grétar Berndsen, eigandi veitingastaðarins Óðals, varar við því að nektardans verði bannaður með lögum eins og gert er ráð fyrir í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali.

„Verði það gert er ljóst að í uppsiglingu er skaðabótamál af hálfu allra þeirra aðila og einstaklinga sem verða fyrir tjóni af þeim sökum og myndu bótakröfurnar geta numið að minnsta kosti hundruðum milljóna króna,“ segir Grétar í bréfi sem hann hefur sent alþingismönnum.

Grétar bendir á þann þátt aðgerðaáætlunarinnar þar sem segir að girða eigi fyrir undanþágumöguleika í lögum þannig að nektarstaðir verði alfarið bannaðir. „Er beinlínis gefið í skyn, án nokkurs rökstuðnings, að slík alvarleg lögbrot eigi sér stað á mínum veitingastað“, segir í bréfi Grétars sem kveður meðal annars bæði Ragnheiði Ástu Jóhannesdóttur félagsmálaráðherra og Atla Gíslason alþingismann ranglega hafa bendlað nektardansstaði við glæpastarfsemi.

„Ásakanir sem þessar eru með öllu ólíðandi fyrir starfsfólk Óðals, sérstaklega í ljósi þess að engin rannsókn hefur sýnt fram á að mansal eða vændi hafi verið stundað af starfsfólki staðarins,“ skrifar Grétar.

Grétar segir rangt sem fullyrt hafi verið að undanþágu fyrir nektardans hafi verið „laumað“ í gegnum Alþingi. „Umræddri undanþágu var ekki laumað inn heldur var hún sett inn til þess að tryggja að staðir sem áður voru skilgreindir sem næturklúbbar gætu haldið starfsemi áfram.“

Þá hvetur Grétar þá sem um þessi mál fjalla til að hafa það í huga að starfsmenn og eigendur



**ERÓTÍSKUR DANS** Eigandi Óðals segir engin gögn sýna að mansal eða vændi sé stundað á staðnum. Atvinnuréttindi og lifibrauð tuga kvenna og karla séu borin fyrir borð verði nektardans bannaður. MYND/AFP NORDICPHOTO



**GRÉTAR BERNDSEN**

umræddra veitingahúsa eigi börn í skólum og séu hluti samfélagsins. Með því að væna þetta fólk um alvarleg lögbrot sé vegið að heiðri þeirra og líf þeirra jafnvel rústað. „Ekki má heldur gleyma þeim fjölda fyrrverandi dansara sem starfað hafa hjá Óðali og hafa kvænst á Íslandi og eiga börn í íslenskum skólum. Það getur varla verið gaman fyrir þær núna þegar fjallað er um þær með þessum ósæmilega hætti í fjölmiðlum.“

Að sögn Grétars er mikilvægt að smekkur eða viðhorf sumra skerði ekki frelsi annarra til athafna eins og fjölmörg dæmi séu um í sögunni. „Siðapostular hafa í gegnum tíðina viljað banna allt milli himins og jarðar vegna þess að það samræmdist ekki þeirra eigin smekk eða siðferðisvitund.“

Að sögn Grétars hefur hann engin viðbrögð fengið frá alþingismönnum. Allsherjarnefnd Alþingis afgreiddi í gær frumvarpið með nektardansbanninu og bíður það frekari meðferðar þingsins.

**gar@frettabladid.is**




Gorenje

ísskápur

A+ Orkunýtni

Gorenje ísskápur

RK60358DBK

Svört hönnun.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihólfs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Hæð: 180 cm.

Tilboð 115.900

PIPAR • SÍA • 90535

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


**Neytendur:** Gott málefni og kreppublúsverðlag

# *Ýmis þjónusta hjá Fjölsmiðjunni*



**DR. GUNNI**
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Í Fjölsmiðjunni við Kópavogsbraut starfa um sjötíu krakkar við ýmis störf. Krakkarnir standa á krossgötum og eru að fóta sig á ný í tilverunni, meðal annars með starfsþjálfun. „Við erum með bílaþvottastöð og vinnum helst bara með umhverfisvæn efni,“ segir Halldór Hafdal deildarstjóri. „Við bjóðum upp á alþrif á bílum á mjög góðu verði. Bílarnir eru teknir algjörlega í gegn og líta út eins og nýir þegar þeir koma héðan eftir þriggja tíma nostur. Við bjóðum líka upp á að bílarnir séu sóttir út í bæ.“ Halldór segir



mikla aðsókn í alþrifin og að öll næsta vika sé bókuð.

Í Fjölsmiðjunni er einnig boðið upp á ýmsa aðra þjónustu, til dæmis pökkun og tölvuþjónustu. „Það eru eintómir snillingar sem starfa við tölvuviðgerðirnar og fátt sem þeir geta ekki lagað,“ segir Halldór. Hann bætir við að fólk sé ekki einungis að styðja gott málefni þegar það leitar til Fjölsmiðjunnar, heldur sé það líka að fá þjónustu á því sem hann kallar „kreppublúsverðlagi“. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Fjölsmiðjunnar, www.fjolsmidjan.is.


Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


heima
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
25%
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
25%
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
Öndvegi
25%
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
25% afsláttur af öllum vörum!
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað sat Geir H. Haarde lengi á Alþingi?

2. Hver er besti knattspyrnumaður heims að mati Frakkans Zinedine Zidane?

3. Í hvaða kvikmynd Jackie Chan leikur Magnús Scheving stórt hlutverk?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Séra Patrick Breen segir hugarfar skipta meira máli en getnaðarvarnir:

# Staðgengill kaþólska biskupsins á Íslandi sammála páfa um smokka

**TRÚMÁL** Smokkar hjálpa ekki til í baráttunni gegn alnæmi heldur gera þeir illt verra, segir staðgengill kaþólska biskupsins á Íslandi, séra Patrick Breen.

Hann var spurður um afstöðu safnaðarins til ummæla Benedikts páfa, sem hélt þessu fram í Afríku á dögunum. Vöktu ummælin mikla umræðu og reiði margra. Heilbrigðisráðherra Frakklands kallaði þetta meðal annars „risavaxin vísindaleg ósannindi“ sem gerðu afrískum konum erfiðara fyrir í lífsbaráttunni. Spænsk stjórnvöld brugðust við með því að senda milljón smokka til Afríku.



BENEDIKT PÁFI

„Ég er alveg sammála honum [páfanum]. Þetta er kenning kirkjunnar og rétt hjá honum að segja það sem þarf kjark til að segja. Okkur vantar stundum kjark til að segja það sem er satt, það sem er sannleikur,“ segir Patrick. „Ég held að þessir smokkar hjálpi ekki í raun og veru.“

Spurður hvort hann væri einnig sammála þeim ummælum páfa, að smokkar gerðu illt verra, segir hann að almennt séð sé það rétt.

Þannig séu smokkar ekki notaðir í Úganda og þar hafi gengið betur í baráttunni gegn alnæmi en í Suður-Afríku, þar sem smokkar séu mikið notaðir. „Það skiptir mestu hvernig fólk hugsar,“ segir Patrick, en páfinn telur að notkun smokka leiði til lauslætis. - kóþ

Tvítugur maður á skilorð:

## Hafði mök við 14 ára stúlku

**DÓMSMÁL Tvítugur maður hefur verið dæmdur í eins árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa mök við fjórtán ára stúlku. Maðurinn hafði þrívegis samræði við stúlkuna frá desember 2007 og fram í janúar 2008, og hafði einu sinni við hana munnmök.**

**Maðurinn játaði brotin. Samræðið fór fram með samþykki stúlkunnar, en samræði við börn undir fimmtán ára aldri er hins vegar ólöglegt og var maðurinn því dæmdur sekur. Refsingin var skilorðsbundin vegna ungs aldurs gerandans og þess að hann hafði hreint sakavottorð. Bótakröfu stúlkunnar var vísað frá dómi.** - sh



**LANDSBANKINN** Neitaði að taka við greiðslu frá manni sem gaf ekki upp kennitölu.

Fékk ekki að borga gíróseðla:

## Má ekki heimta kennitölu fólks

**PERSÓNUVERND** Nýi Landsbankinn mátti ekki krefjast kennitölu af manni sem var að greiða nokkra gíróseðla fyrir annan mann í nóvember. Þetta kemur fram í úrskurði Persónuverndar. Upphæðin sem um ræddi var 90 þúsund krónur. Bankinn neitaði að taka við greiðslu því maðurinn neitaði að gefa upp kennitölu sína. Hann vísaði málinu þá til Persónuverndar sem sagði upphæðina til muna lægri en þá fjárhæð sem miðað sé við í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

„Viðskiptin sjálf, það er greiðsla á ýmsum reikningum, voru að auki þess eðlis að ekki verður séð að önnur atvik hafi gefið sérstakt tilefni til þess að fara fram á kennitölu kvartanda.“ - gar

**NOREGUR**

### Skip tekið við Sómalíu

Norskt olíuflutningaskip, Bow Asir, sem er skráð á Bahamaeyjum, hefur verið tekið af sjóræningum fyrir utan strönd Sómalíu. Skipstjórinn segir að sextán til átján vopnaðir sjóræningar hafi komið um borð. Tæplega þrjátíu filippseyskir og pólskir sjómenn er á skipinu en lítið hefur heyrst frá þeim.

# Húseigandi grunlaus um kannabisræktun

**Eigandi húsnæðisins í Þykkvabæ, þar sem lögregla fann umfangsmikla kannabisræktun í fyrrakvöld, er sleginn og miður sín. Hann hafði leigt húsnæðið út í góðri trú. Engan á staðnum grunaði að þar færi fram ólögleg iðja.**

**LÖGREGLUMÁL** „Okkur varð hræðilega við þegar við áttuðum okkur á hvað hafði verið í gangi hérna og erum gjörsamlega í rusli. En úr því sem komið er, er lán í óláni að þetta skyldi hafa komist upp.“

Þetta segir Jón Þ. Magnússon, eigandi húsnæðis í Þykkvabæ, þar sem upp komst um umfangsmikla kannabisræktun í fyrrakvöld. Lögregla lagði hald á um fimm hundruð kannabisplöntur í húsnæðinu, auk annars búnaðar til vatnsræktunar, þar á meðal á annan tug gróðurhúsalampa.

Jón segir enn fremur að þótt sér hafi verið farið að þykja hlutirnir eitthvað skrítnir, meðal annars hversu erfitt hefði verið orðið að ná sambandi við þá sem hlut áttu að máli, hefði verið svo víðs fjarri að nokkrum manni hefði dottið í hug að þeir væru að fást við eitthvað ólöglegt. Ekki síst í ljósi þess að einn þeirra sé sonur hans. Hann segir fólkið hafa verið algjörlega grunlaust um það sem fram fór í húsnæðinu, sem alla jafna hefur verið notað sem vélageymsla. Í nóvember hefði hann hins vegar leigt hluta af því til piltanna sem grunaðir eru um að standa að ræktuninni. Hann hefði verið farinn að leggja drög að því að hætta útleigunni þar sem hann hefði ætlað að fara að nota húsnæðið.

Jón hefur unnið að því ásamt félaga sínum að koma upp hestatengdri atvinnustarfsemi á staðnum. Hann óttast að málið muni skaða hana, jafnvel verulega.

„Maður hefur verið að reyna að brölta í atvinnuleysinu og koma af stað sjálfstæðum rekstri með góðu fólki í rólegheitum þó og þetta er ekki til þess að hjálpa manni, því almannarómurinn er harður dómari,“ útskýrir Jón enn fremur. „En ég vil halda í trúna því hana hef ég. Ef maður á sér enga trú þá er náttúrlega næsta skref að hoppa í sjóinn. En þetta var ekki mannslát, heldur mannorðslát kannski. Það er svo skammt um liðið síðan þetta komst upp að maður er bara að reyna að jafna sig og hugsa rökrétt.“

„Þó að þetta virðist vera að gerast á hverju götuhorni nú, þá skil ég bara ekki hvernig menn halda að þeir komist upp með þetta,“ segir hann og kveðst undrast hversu auðvelt sýnist að hefja iðju af þessum toga og komast yfir efnivið sem til hennar þurfi. jss@frettabladid.is



**ENN EIN RÆKTUNIN** Kannabisræktunin í Þykkvabænum var með sama sniði og sú sem tekin var á Kjalarnesi fyrir skömmu og myndin er af. Um var að ræða vatnsræktun með lömpum og næringarefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsætisráðherra Finnlands:

## Enn í vanda vegna kvenna

**FINNLAND** Forsætisráðherra Finnlands, Matti Vanhanen, er enn í vandræðum vegna kvennamála. Blaðið 7 päivää segir frá því að Vanhanen hafi sent frambjóðanda Miðflokksins í sveitarstjórnarkosningunum í október gróf tölvuskeyti, til dæmis um að númer hans sem frambjóðanda væri 69.



MATTI VANHANEN

Blaðið segir frá því að í fyrstu hafi forsætisráðherrann sent konunni, sem er einstæð móðir, tölvuskeyti til að ræða kosningabaráttuna. Konunni hafi hins vegar ekki líkað tvíræð skeytin, að sögn Hufvudstadsbladet.

Vanhanen segir að ekki hafi verið um tvíræðni að ræða, birta megi tölvuskeytin hans vegna. - ghs

Óvissa í kjölfar bankahruns:

## Spyrjast fyrir í ráðuneytinu

**STJÓRNSÝSLA Vel á annað hundrað skriflegra erinda hefur borist fjármálaráðuneytinu frá því neyðarlögin voru sett síðastliðið haust. Þá eru símtöl ekki meðtalin en þau eru ófá. Frá þessu er greint í Vefriti fjármálaráðuneytisins.**

**Í byrjun var helst spurt um inneignir í hlutabréfum og peningasjóðum bankanna. Enn fremur hvort og til hvaða aðgerða ætti að grípa fyrir ellilífeyrisþega, námsmenn og öryrkja.**

**Frá því um áramót hafa flestir haft áhyggjur af lífeyrissjóðunum og útgreiðslu á séreignarsparnaði. Þá hafa margir viljað vita meira um greiðslu barnabóta.** - she






Hæstiréttur staðfestir dóm yfir stungumanni:

# Í fimm ára fangelsi fyrir morðtilraun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Sævar Sævarsson, 27 ára, í fimm ára fangelsi fyrir að reyna að stinga mann til bana á Hverfisgötu í ágúst í fyrra. Með þessu staðfestir Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í nóvember.

Maðurinn réðst á annan af erlendu bergi brotinn fyrir utan skemmtistað á Hverfisgötu og stakk hann í handlegg og bak. Fórnarlambið hlaut lífshættulegt stungusár inn í brjósthol og inn í lunga, svo af hlaust loftbrjóst og blæðing í brjóstholi. Þá skaddaðist ölnartaug í framhandlegg mannsins. Maðurinn missti mátt í fingri og fær hann jafnvel ekki aftur fyrr en eftir hálft annað ár.

Sævar játaði að hafa stungið manninn en neitaði að hafa ætlað að ráða hann af dögum. Í niðurstöðu dómsins segir að tilviljun ein hafi ráðið því að fórnarlambið hafi ekki beðið bana af stórhættulegri árásinni. Sævari er gert að greiða manninum rúmar 800 þúsund krónur í bætur. - sh



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Í dómnum segir að tilviljun hafi ráðið því að fórnarlambið beið ekki bana.

# Sparaðu krónurnar

## ... verslaðu í Nettó!




40% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR, SKINNLAUSAR

**1.678 kr/kg**

~~2.796~~ kr/kg



35% afsláttur

RAUÐVÍNSKRYDDAÐ LAMBALÆRI

**1.494 kr/kg**

~~2.298~~ kr/kg




50% afsláttur

NETTÓ BRAUÐ

**99 kr/stk.**

~~198~~ kr/stk.

LÉTTREYKTUR HUNANGSGRÍS

**1.339 kr/kg**

~~1.998~~ kr/kg



33% afsláttur




CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g

**155 kr/pk.**

~~189~~ kr/pk.

RED BULL ORKUDRYKKUR 250ml

**159 kr/ds.**




FREYJU HRÍSKÖKUR 4 í pk.

**179 kr/pk.**




LITTLE COOK NÚÐLUR 85g KJÚKLINGA EÐA BEEF

**49 kr/pk.**










FANTA 2l

**129 kr/stk.**

NÁTTÚRA APPELSÍNU-, EPLA- EÐA ACE SAFI 1l

**99 kr/stk.**

~~136~~ kr/stk.




TILBOÐIN GILDA 26. - 29. MARS EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

nettó - ódýrara en þú heldur



**ALLT Á FLOTI** Sjálfboðaliðar flytja sandpoka að heimilum á bökkum Rauðár í Norður-Dakótaríki í Bandaríkjunum. Þar hafa flóð komið í veg fyrir atvinnustarfsemi og skólahald undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur úrskurðar að móðir ungrar stúlku greiði fyrir höfuðmeiðsl kennara:

# Ábyrgð einhverfrar stúlku staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt móður einhverfrar stúlku til að greiða kennara stúlkunnar 9,7 milljónir króna í bætur fyrir skaða sem stúlkan olli honum. Stúlkan, sem er ellefu ára, skellti rennihurð af öllu afli á höfuð kennarans.

Hæstiréttur kemst þar með að sömu niðurstöðu og héraðsdómur gerði í mars í fyrra.

Atvikið varð á Seltjarnarnesi árið 2005 þegar stúlkan flúði einelti samnemenda sinna inn í vinnurými kennarans. Þegar kennarinn fór að huga að henni skellti hún rennihurð af öllu afli á höfuð hennar. Kennarinn hlaut 25 prósenta varanlega örorku.



**MÝRARHÚSASKÓLI** Atvikið átti sér stað í skólanum árið 2005.

Kennarinn stefndi bæði stúlkunni og Seltjarnarnesbæ. Bærinn var hins vegar sýknaður með þeim rökum að ekki mætti rekja áverkana til þess að rennihurðin í skólanum væri hættuleg sem slík.

Móðir stúlkunnar áfrýjaði málinu og bar við að einhverfa stúlkunnar og áhrif hennar á hegðun hafi ekki verið metin með fullnægjandi hætti við aðalmeðferð málsins í héraði. Því bæri að vísa málinu frá. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að sýknukrafan í aðalmeðferð í héraði hafi ekki nema að litlu leyti byggt á því að stúlkan væri einhverf og að það ylli því að hún gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gjörða sinna.

Tryggingarfélag móðurinnar mun borga skaðann þar sem hún er með heimilistryggingu. - sh

Dæmdur fyrir árás á unnustu:

# Mildari refsing í annarri tilraun

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt mann á fimmtugsaldri í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á konu sína. Málið vakti nokkra athygli á sínum tíma þegar konan, sem er frá Venesúela, sakaði manninn, sem er flugmaður, um að hafa smyglað sér til landsins í fraktflugvél.

Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Hæstiréttur ómerkti þann dóm vegna þess að ekki hafði verið notaður löggiltur dómtúlkur og vísaði málinu aftur heim í hérað. Konunni eru dæmdar 400.000 krónur í bætur. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kannabis í miðbænum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í miðborginni í fyrrinótt. Við húsleit fundust um 200 kannabisplöntur, þriðjungur þeirra á lokastigi ræktunar. Lögregla minnir á fíkniefnasímann 800 5005.

## DÓMSTÓLAR

### Læsti höndum í fótlegg

Karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti. Hann læsti höndum sínum um fótlegg lögreglumanns, sem féll í jörðina.

### Fíkniefnaakstur og þjófnaðir

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni, umferðarlögum og þjófnaði. Hann var sviptur ökuréttindum í fjögur ár.

Norðmenn segja Íslendinga á réttri leið en of skammt komna fyrir makrílveiðar:

# Pedersen íhugar að setja veiðibann

**SJÁVARÚTVEGUR** Einhvers konar viðskiptahöft á Íslendinga voru ekki til umræðu og það var aldrei á dagskrá að ræða eitthvað slíkt á fundum Helgu Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, og Huw Irranca-Davies, starfsbróður hennar frá Bretlandi, á dögunum.



**HELGA PEDERSEN**

Hins vegar hefur norski ráðherrann til athugunar hvort Norðmenn muni banna íslenskum skipum sem veiða makríl að veiða hvaða tegund sem er innan norskrar lögsögu.

Þetta kemur fram í svari frá norska sjávarútvegsráðuneytinu til Fréttablaðsins. Þar segir enn fremur að ákvörðun Íslendinga um að úthluta sér makrílkvóta einhliða hafi vissulega verið rædd á fundum ráðherranna.

Afstaða Norðmanna er sú að ef Íslendingar vilji veiða makríl í sátt við önnur strandríki verði þeir að gera tilkall til ákveðins veiðisvæðis. Slíkt tilkall yrði þó að vera byggt á niðurstöðum rannsókna sem Íslendingar hafa þó enn ekki gert. Norska sjávarútvegsráðuneytið segir það því skref í rétta átt hjá Íslendingum að þeir hafi í hyggju að taka þátt í rannsóknarverkefni með Norðmönnum og Færeyingum en það felst í því að mæla makrílstofninn.

Íslendingar hafa lengi sóst eftir að fá að setjast að samningaborði um ákvörðun makrílkvóta. - jse




**NORSKA STRANDGÆSLAN** Íslenskir sjómenn sem veiða makríl gætu fengið að kenna á þessum innan norskrar lögsögu ef Helga ákveður að refsa fyrir makrílveiðarnar.



Fíton ehf / SÍA


FERMING
4.990 kr.
Íslenskir málshættir
4.990 kr.
Saga orðanna
Bækur sem opna þér töfra tungumálsins
2.990 kr.
Steinn Steinarr
Ljóðasafn
4.990 kr.
Íslensk orðtök
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**STÆRSTA EGGIÐ** Maður heldur á því sem talið er vera stærsta egg sem verpt hefur verið hér á jörðu. Eggið er frá því snemma á 17. öld úr Stóra fílafuglinum útdauða. Það verður selt á uppboði í Lundúnum á næstunni. Fyrsta boð er um 700 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Byggingarfélag námsmanna dæmt til greiðslu vegna fyrirvaralausrar uppsagnar:

# Brottrekinn fær tvær milljónir

**DÓMSMÁL** Byggingarfélag námsmanna hefur verið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða fyrrum rekstrarstjóra ríflega tvær milljónir króna, auk hálfrar milljónar í málskostnað. Þá er viðurkennd skylda félagsins til að greiða fyrrum rekstrarstjóranum laun, orlofslaun og bifreiðahlunnindi, svo og bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda.

Mál þetta er risið í framhaldi af meintu fjársvikamáli varðandi byggingarfélagið, sem er til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Í apríl á síðasta ári tilkynnti lögmaður byggingarfélagsins rekstrarstjóranum að stjórn félagsins hefði ákveðið að rifta ráðningarsamningi við hann fyrirvaralaust. Hið sama átti við um framkvæmdastjóra byggingarfélagsins, sem er bróðir rekstrarstjórans. Þetta var gert í kjölfar skoðunar KPMG endurskoðunarskrifstofu á innri skoðun á rekstri félagsins. Þar kom meðal annars í ljós að þeir bræður áttu ráðgjafarfyrirtæki saman, sem aftur vann fyrir verktakafyrirtæki sem fengu stór verkefni hjá byggingarfélaginu án útboða.

Uppsögn rekstrarstjórans gekk gegn starfssamningi sem gerður hafði verið við hann og því vann hann málið. - jss



**STÚDENTAÍBÚÐIR** Verktakar höfðu fengið stór verkefni nokkur undanfarin ár án útboða.

Fáskrúðsfjörður:

# Nauðungarsala á húsgrunnum

**EFNAHAGSMÁL Sextán húsgrunnar sem voru sagðir marka tímamót í byggingarsögu Fáskrúðsfjarðar þegar framkvæmdir hófust við þá, hafa nú verið settir á nauðungarsölu. Grunnarnir voru skráðir á Fjárfestingarfélag Austurbyggðar og lýstar kröfur í þá nema um 10 milljónum króna.**

**Félagið fékk 26 lóðum úthlutað árið 2006 og þótti það til marks um uppbyggingu á Austurlandi. Í Austurglugganum segir að húsnæðisframboð á Fáskrúðsfirði sé fremur lítið og innan við tugur eigna sé á söluskrá. Fleiri fasteignaverktakar sem störfuðu á Austurlandi séu í vandræðum.** - kóp

Heilbrigðisráðherra:

# 50 hafa fengið Tysabri lyfið

**HEILBRIGÐISMÁL Fimmtíu MS-sjúklingar, á mismunandi stigum hafa fengið Tysabri lyfjagjöf. Þetta kom fram í svari Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller á Alþingi á miðvikudag. Meðalaldur þeirra sem eru í meðferð er 45,5 ár.**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

**Ögmundur sagði að tafir hafi orðið á því að hefja lyfjagjöf vegna dauðsfalla eftir Tysabri notkun erlendis. Þá hafi þrír sýnt ofnæmisviðbrögð við lyfinu hér á landi.** - ss



**BERA SAMAN BÆKUR SÍNAR** Bjarnheiður Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri hjá Impru, María Sjöfn Davíðsdóttir iðnhönnuður, Matthildur Jóhannsdóttir iðnhönnuður, Helgi K. Pálsson innanhússarkitekt og Þóra Ben málari hittast reglulega í Deiglunni til að ræða hönnun og atvinnusköpun og bera saman bækur sínar. Þau ætla að skapa atvinnu fyrir sig og aðra og vilja komast í samstarf við handverksfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rífa hugmyndirnar upp úr skúffunum

**Atvinnulausir eru nú yfir 17 þúsund talsins. Hugmyndirnar blómstra og nýsköpunin sprettur fram. „Nú er tíminn til að opna skúffurnar og rífa upp hugmyndirnar,“ segir iðnhönnuður sem leiðir nýsköpunarhóp í Deiglunni.**

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnulausir eru nú meira en 17 þúsund talsins, samkvæmt nýjustu tölum Vinnumálastofnunar. Atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu eru rúmlega 11.500. Næstmesta atvinnuleysið er á Suðurnesjum, eða ríflega 1.800 manns. Nýsköpunin blómstrar meðal atvinnulausra sem reyna nú að skapa sér vinnu sjálfir.

Félagsmiðstöðin Deiglan er til húsa í gamla Lækjarskólanum í Hafnarfirði en atvinnulausir eru vel yfir þúsund þar í bæ. Í Lækjarskóla hittist reglulega hópur hönnuða og handverksmanna sem hefur það að markmiði að búa til vöru og selja. Ýmsar góðar hugmyndir eru í Deiglunni; að hanna minjagripi fyrir erlenda ferðamenn og koma eigin hönnun í framleiðslu í samstarfi við handverksmenn.

„Við sem erum hönnuðir viljum komast í samstarf við aðra í framleiðslu og vinnu þannig að úr verði atvinnuskapandi verkefni, ekki bara fyrir okkur heldur líka aðra. Okkur vantar tengsl við fólk í sem flestum geirum. Nú er tíminn til að opna skúffurnar og rífa upp hugmyndirnar,“ segir Matthildur Jóhannsdóttir iðnhönnuður. Hún vinnur meðal annars að því að koma í framleiðslu umhverfisvænum göngustaf sem sáir fræjum um leið og gengið er.

> „Sporin hingað inn eru misjafnlega þung.“
> **BRYNHILDUR BARÐADÓTTIR** VERKEFNISSTJÓRI

Brynhildur Barðadóttir er verkefnisstjóri í Deiglunni. Hún segir að aðsóknin hafi farið hægt af stað eins og búist hafi verið við en nú hafi starfsemin tekið vel við sér, fjölmörg námskeið séu í boði og hópar sem hittist reglulega. Deiglan sé líka samverustaður, þangað komi margir til að fá sér kaffi og spjalla við aðra. Þannig kvikni margar hugmyndir.

„Við erum að aðstoða fólk við að koma í framkvæmd hugmyndum til atvinnusköpunar og líka að einangra sig ekki,“ segir Brynhildur og telur marga koma í Deigluna af forvitni og til að kanna hvað sé í boði. Aðrir komi til að ná sér í sundkort og bókasafnskort fyrir atvinnulausa. „Sporin hingað inn eru misjafnlega þung. Sumum reynist erfitt að koma og öðrum ekki,“ segir hún.

Í Deiglunni er boðið upp á margs konar starf og námskeið, til dæmis klippimyndagerð, prjónakennslu og margt annað.

Þá er Félagsmiðstöðin Vesturgötu 7 í Reykjavík öllum opin og geta ekki síst atvinnulausir notfært sér allt það sem þar er í boði. „Maður er manns gaman,“ segir Halldóra Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þar, og skorar á fólk að kíkja við. ghs@frettabladid.is

Safnað til innanlandsaðstoðar:

# Gáfum fimmtíu krónur á haus

**SÖFNUN** Um fimmtán milljónir króna söfnuðust í sameiginlegri landssöfnun Rauða kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar.

„Við erum sátt við að ná helmingnum af upphaflega markmiðinu,“ segir Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossinum. Um símasöfnun var að ræða þar sem 100 krónur drógust frá símreikningi við innhringingu. „Við stefndum á 100 krónur á haus en það náðist ekki alveg. Aðferðin er ekki sú fljótvirkasta en okkur langaði til að sem flestir sæju sér fært að gefa. Það komu um 50 þúsund símtöl sem okkur þykir harla góð þátttaka.“ - she



**VINNINGSTILLAGA** Glæstar höfuðstöðvar sem nú hvíla ofan í skúffu.

Samkeppni um Landsbanka:

# Vinningstillaga loksins til sýnis

**HÖNNUN** Vinningstillaga úr alþjóðlegri samkeppni í fyrrasumar um hönnun á nýjum höfuðstöðvum Landsbanka Íslands verður sýnd á Háskólatorgi í dag.

Að því er segir í tilkynningu sigraði tillaga frá BIG frá Danmörku ásamt Arkiteó, Einrúmi og Andra Snæ Magnasyni. „Þar sem þörf er á sól dregur byggingin sig í hlé – og hleypir birtu inn á torgið.

Þar sem þörf er á skjóli skýtur byggingin fram skúta og skapar líf á Lækjartorgi. Þar sem þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur á Arnarhóli, myndar byggingin boga og hvelfingu sem getur nýst sem svið á tyllidögum,“ segir meðal annars um vinningstillöguna. - gar



**STJÓRNIN** Enginn tíu ráðherra hefur hagsmunatengsl utan þings. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ríkisstjórnin svarar:

# Þiggur ekki fé, gjafir eða ferðir

**STJÓRNMÁL** Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta utan þings og fáir gegna trúnaðarstörfum utan stjórnmálaflokkanna. Þetta kemur fram í upplýsingum sem birtar hafa verið um hagsmunatengsl ráðherra og trúnaðarstörf utan þings.

Enginn ráðherranna þiggur fjárhagslegan stuðning, gjafir eða boðsferðir og enginn þeirra hefur hlotið fengið eftirgjöf skulda. Aðeins Katrín Jakobsdóttir þiggur laun meðfram ráðherrastörfum en hún fær greitt fyrir stöku námskeið og fyrirlestra um bókmenntir við Háskóla Íslands. Fjórir ráðherrar gegna stjórnarsetu eða öðrum trúnaðarstörfum fyrir hagsmunasamtök eða opinberar stofnanir, án þess að þiggja laun fyrir. - shá

**SÓMALÍA**

## Sjóræningjar taka tvö skip

Sómalskir sjóræningjar tóku í gær tvö evrópsk skip sem sigldu hundruð kílómetra undan ströndum landsins. Annað skipið var 9.000 tonna grískt tankskip með 19 manna áhöfn. Hitt var norskt 23.000 tonna tankskip með 27 manna áhöfn.




Stýrihópur um forvarnir:

## Enginn undir aldri fékk tóbak

**HEILBRIGÐISMÁL** Í nýrri könnun á aðgengi yngri en átján ára að tóbaki á sölustöðum í Borgarbyggð fékk enginn undir aldri að kaupa slíka vöru.

Það var stýrihópur um forvarnir í Borgarbyggð sem stóð fyrir könnuninni. Unglingar sem gerðu hana voru á aldrinum 14 til 15 ára. Var þeim neitað um afgreiðslu á öllum sölustöðum, sem eru fimm talsins, að því er fram kemur á vefsíðu Borgarbyggðar.

Á einum stað var 16 ára unglingur með undanþáguleyfi við afgreiðslu en á hinum stöðunum var afgreiðslufólkið fullorðið. - jss



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Síldveiði í höfninni hefur verið stöðvuð.

Ráðherra hlýðir á bæjarstjóra:

## Endurskoðar ákvörðun sína

**SJÁVARÚTVEGUR Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra hefur óskað eftir því að Hafrannsóknastofnun afli gagna um ástandið í höfninni í Vestmannaeyjum og þegar þau liggi fyrir muni hann endurskoða ákvörðun sína, en hann hafði lagst gegn því að síldin væri veidd úr höfninni. Þetta var kunngert á vef ráðuneytisins í gær. Gögnin ættu að liggja fyrir innan fárra daga.**

**Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, hafði beðið ráðherrann að endurskoða ákvörðun sína um veiðibann í höfninni og sagði að allt stefndi í umhverfisslys ef síldin væri ekki veidd því um nauðsynlega hreinsun væri að ræða. Þetta eru viðbrögð ráðherrans við þeirri bón.** - jse

Finnska lögreglan:

## Þrír menn misnotað 60 börn

**FINNLAND** Finnska lögreglan hefur komið upp um þrjá menn á fimmtugsaldri sem eru grunaðir um að hafa haft reglulega samskipti við börn á netinu og misnotað meira en sextíu börn, að sögn Hufvudstadsbladet. Mennirnir búa á höfuðborgarsvæðinu í Finnlandi.

Lögreglan segir að börnin sem talið er að mennirnir hafi brotið gegn búi víðs vegar um Finnland. Mennirnir hafi skipst á barnaklámi á netinu, talað við börnin um kynlíf á netinu og hitt sum þeirra. Kynferðisbrotin áttu sér stað bæði í netheimum og raunheimum.

Bæði er um drengi og stúlkur að ræða. - ghs

NOREGUR

### StatoilHydro verður Statoil

Norska stórfyrirtækið StatoilHydro hefur ákveðið að breyta nafninu í Statoil. Nafnbreytingin kostar um 200 milljónir norskra króna. Dýrast verður að breyta nafninu á olíuborpöllunum úti í hafi.





512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
359
498
HÁLFT KÍLÓ
359
129
VÍNBER RAUÐ 359 kr. VÍNBER GRÆN 359 kr. JARÐARBER 500g 498 kr.
APPELSÍNUR smáar en safaríkar 129 kr./kg. 15 tonn í boði á þessu verði.
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 gr 159 kr.
1998
BÓNUS HANGIÁLEGG
1998 kr./kg.
RJÓMI
259
MJÓLKU RJÓMI
400ml 259 kr.
ROÐ OG BEINLAUS
769
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
769 kr./kg.
98
BÓNUS RÚG OG SÓLKJARNABRAUÐ
7 SNEIÐAR 98 kr.
mayonnaise
198
BÓNUS MAJONES 550 ml 198 kr.
50%
AFSLÁTTUR
SÆLGÆSTISBARINN
50% afsláttur alla daga
75 kr pr. 100g poki.
Kristall
Kristall
129
129
EGILS KRISTALL HREINN OG SÍTRÓNU
2 ltr. 129 kr.
luxus
Diletto
kaffi
298
DILETTO KAFFI
400G 298 kr.
VINSÆLASTA KAFFIÐ Í BÓNUS.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR.
398
BÓNUS PÁSKAEGG
Nr. 3 170g 398 kr.
Nr. 4 315g 698 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÚKLINGUR 30%-40% AFSLÁTTUR
1679
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG.
40% afsláttur 1679 kr./kg.
489
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
30% afsláttur 489 kr./kg.
1689
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 2598 KR./KG.
35% afsláttur 1689 kr./kg.
539
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG.
40% afsláttur 539 kr./kg.
419
HOLTA BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
40% afsláttur 419 kr./kg.
1443
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2220 KR./KG.
35% afsláttur 1443 kr./kg.
KS LAMBALÆRISSNEIÐAR 1359 KR./KG.
FRÁBÆRAR Á GRILLIÐ - ÞIÐNA UPP Á KLUKKUSTUND.
KJARNAFÆÐI
1198
KF NAUTAHAMBORGARAR
10 x 120g 1198 kr.
1359
KS LAMBALÆRISSNEIÐAR 1359 kr./kg.
Frábærar á grillið. Þiðna upp á klukkustund.
898
NÝREYKTUR
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR
898 kr./kg.
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT
539
KS LAMBASÚPUKJÖT
1.flokkur 539 kr./kg.
598
FERSKT BLANDAÐ HAKK/NAUT/GRÍS
598 kr./kg.
398
KF KOFAREYKTU SVEITABJÚGUN
398 kr./kg.
MERKT VERÐ 498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
VISA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

## „ORÐRÉTT“

*Í aðgerð*

**„Heilbrigðismál eru atvinnumál.“**

ÖGMUNDUR JÓNASSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA.
Fréttablaðið, 26. mars.

*Til í slaginn*

**„Ja, ég hef ekkert á móti því að menn takist harkalega á.“**

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON, FORMANNSEFNI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS.
Fréttablaðið, 26. mars.

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? RAGNHEIÐUR ELÍN CLAUSEN, BÓKMENNTAFRÆÐINEMI

## Skrifar smásögur um samfélagsmál



„Ég er atvinnulaus eins og margur, en ekki aðgerðalaus því ég sæki tíma í ritlist í bókmenntafræði við HÍ,“segir Ragnheiður Clausen sem flestir muna eftir sem vinsælli sjónvarpsþulu á árum áður. „Ragnheiður situr því ekki með hendur í skauti í atvinnuleysinu heldur notar þær til að hamra inn smásögur í tölvuna. „Námið byggist á að skrifa smásögur. Reyndar tók ég hrunið og samfélaginsástandið svo nærri mér að ég hreinlega fékk ritstíflu. Stíflan er brostin og ég skrifa smásögur af kappi. Annars er mitt vandamál hvað ég er feimin að sýna verkin mín. Það er vitaskuld ekki uppskrift að árangri á ritsviðinu. Það vinnur með mér er að ég er einfari og því hentar mér vel að sitja heima og skrifa. Ég fell að því leyti inn í mynstrið um sérlundaða rithöfundinn,“ segir Ragnheiður og hlær. „Mér líður best með hundunum mínum. Hundar eru yndislegar verur, gáfaðir og með djúpt sálarlíf.“ Hún segir sögur sínar flestar tengjast mannlífsskoðun og samfélaginu. „Ég sæki söguefni víða, til dæmis var ég sjálfboðaliði hjá Fjölskylduhjálpinni og kynntist þar gríðarlegri neyð. Nýverið skrifaði ég sögu sem byggist á þeirri reynslu. Það sem kom mér mest á óvart voru viðbrögð þeirra sem hafa heyrt söguna. Margir héldu mig ýkja og „dramatísera“ en sannleikurinn er að ég dró frekar úr. Flestir lifa í ákaflega vernduðum heimi.“ Spurð um hvort von væri á sögu um hunda flissar Ragnheiður og segist ekki búast við því í bráð. „Það er þó líklegra heldur en að ég taki upp á því að skrifa vísindaskáldsögu. Kannski brýst fram áhugi á dýrasögum þegar glæpasagnaáhugi Íslendinga dofnar,“ segir hún að lokum.

## VODKA
### BRAGÐLÍTILL SPÍRI




Upphaflega var vodka landi Austur-Evrópubúa, eða sá drykkur sem bændur eimuðu úr tiltæku hráefni. Helst var notast við rúg, en fátækari bændur þurftu að nota kartöflur. Vel gert vodka var hreint og bragðlaust, en oft þurfti að krydda það eða bragðbæta.

Í Vodka er notaður mjög hreinn spíri, sem hefur lítið bragð. Hægt er að eima vodka úr korni, kartöflum eða mólassa (hrásykursýrópi). Rúgur er mikið notaður í Austur-Evrópu og Rússlandi. Hveiti er algengara í Ameríku og Vestur-Evrópu. Kartöflur voru helst notaðar ef ekki var völ á korni.

## SJÓNARHÓLL
### ÖGMUNDUR AFÞAKKAR RÁÐHERRALAUN

### Flott


MARINÓ THORLACIUS LJÓSMYNDARI

„Mér finnst þetta flott hjá honum,“ segir Marinó Thorlacius ljósmyndari um þá ákvörðun Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra, að afsala sér ráðherralaunum. Marinó segir að með þessu hafi Ögmundur gefið tóninn og erfitt verði fyrir aðra ráðherra að gera ekki slíkt hið sama. „Þetta er það sem fólk hefur verið að kalla eftir, að menn gangi á undan með góðu fordæmi og það er Ögmundur að gera.“

Borið hefur á efasemdaröddum sem telja að með þessu sé Ögmundur eingöngu að fiska eftir atkvæðum. Marinó tekur ekki undir þær. „Ögmundur hefur sýnt það í gegnum tíðina að hann er einn af fáum á Alþingi sem er tiltölulega samkvæmur sjálfur sér. Ég held að enginn sem er ósammála þeirri stefnu sem hann talar fyrir fari að kjósa hann út af laununum. Og ef þetta er bara lýðskrum, þá er það að minnsta kosti ágæt nýbreytni frá hinum hefðbundnu kosningaloforðum, þar sem menn lofa yfirleitt að eyða meira frekar en minna.“

# Öflug hjartadeild er eitt af aðalsmerkjum góðs háskólasjúkrahúss

**Elsta hjartaþræðingartæki LSH er komið til ára sinna og nýtt tæki mikið hjartans mál. Hjartaheill skora á almenning að taka þátt í því þjóðþrifamáli að safna fyrir nýju tæki í landssöfnun nú um helgina. Lífið liggur við.**


MAGNÚS PÉTURSSON Segir mikla framför hafa orðið í hjartalækningum og að ný tæki hafi bjargað mörgum mannslífum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Oft hefur framlag almennings og félagasamtaka skipt sköpum um hvort ráðist er í kaup á tækjum eða lagt í nýbyggingar. Það hefur jafnvel ýtt undir nýjungar á sviði læknavísinda hér á landi,“ segir Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari og fyrrum forstjóri Landspítalans. Honum er ekki kunnugt um hvort safnanir og framlög hjálparsamtaka séu jafn algeng á öðrum Norðurlöndum og hér.

„Hins vegar tel ég að þátttaka almennings sé af hinu góða. Það getur ekki verið nema gott að almenningur, hollvina- og félagasamtök komi að heilbrigðiskerfinu og eigi sinn hlut í að góðum hlutum er ýtt úr vör. Fyrir nú utan að allt veltir þetta hlassi og heilbrigðiskerfið er þungt hlass,“ segir Magnús og hlær við. Hann leggur hins vegar á það ríka áherslu að safnanir og gjafir eigi ekki að leiða til þess að hið opinbera velti af sér skyldunni.

„Uppbygging heilbrigðiskerfisins á ekki að ráðast af vilja fólks og fyrirtækja til að gefa. Það er ekki kerfi sem við viljum. Hins vegar er þetta ómetanleg viðbót. Það gefur líka vísbendingu um áherslur og áhuga almennings. Þá skapa stórar safnanir umræðu og hugarfarsbreytingu. Bara það getur bjargað mannslífum.“ Magnús segir það óumdeilt að hjartadeild LSH sé góð. Vissulega mætti húsakostur vera betri en deildin er að hluta byggð inn í vörumóttöku.

„Ef deildin er vel búin tækjum og starfsfólk gott þá skiptir húsnæði minna máli. Það sem skiptir höfuðmáli er að hægt er að bregðast skjótt við. Allir sem þurfa á bráðri þjónustu að halda fá hana. Það er svo sannarlega ekki þannig alls staðar,“ segir Magnús.

Hann segir mikla framför hafa orðið í hjartalækningum og að með tilkomu nýrra tækja hafi mörgum mannslífum verið bjargað. Fyrir utan að færri fara í stórar hjartaaðgerðir sem er augljós sparnaður. „Góð og öflug hjartadeild er þar að auki eitt af aðalsmerkjum góðs háskólasjúkrahúss,“ segir Magnús að lokum og snýr sér að núverandi starfi sínu sem sáttasemjari.

Í tilefni af söfnun Hjartaheilla verður skemmtidagskrá á Stöð 2 í opinni útsendingu. Fjöldi valinkunna listamanna skemmta fólki af hjartans list. Hægt verður að hringja í símanúmerin 903 1000, 903 3000 og 903 5000 allt eftir efnum og aðstæðum gefanda. Beint númer fyrir hærri eða lægri fjárframlög en þúsund krónur er 551 9020. - she


FRÉTTABLAÐIÐ
Helgarblað
alla laugardaga



**Helgarblaðið:**
Alinn upp af konum. Björn Hlynur Haraldsson leikari í helgarviðtali.
Þegar þjóðin er göbbuð – skemmtileg 1. aprílgöbb
Frægustu fjölskylduerjurnar.

**Heimili og hönnun:**
Safnar hreindýrum. Kolbrún Hjartardóttir er haldin söfnunaráráttu á háu stigi.

**Fjölskyldan:**
Grunnur að velferð. Waldorfskólinn tengir saman líkamlegt starf, tilfinningalíf og hugsanasvið.




Allt sem þú þarft


Í Arnarfirði er veidd eina innfjarðarrækjan á landinu:

# Það kætir menn að koma með fullfermi

Eina innfjarðarrækjan sem veidd er hér á landi um þessar mundir er í Arnarfirði. 150 tonna kvóti var gefinn út í fyrra en nú í haust var 500 tonna kvóti gefinn út fyrir þetta fiskveiðiár.

„Þetta hefur gengið mjög vel, við erum að skríða í tvö hundruð tonnin,“ segir Björn Magnússon, skipstjóri á Brynjari BA 128, en hann er með um 290 tonna kvóta. Hann segist ekki óttast að verið sé að veiða of mikið í firðinum en um nokkurra ára skeið voru horfurnar dökkar fyrir stofninn. Var þá meðal annars gripið til þess ráðs að fóðra þorskana utarlega í firðinum svo hann gengi ekki á rækjustofninn sem nú virðist vera að braggast þótt enn sé hann langt frá því sem var á 9. áratugnum.

Jón Páll Jakobsson býr á Bíldudal en hafði ekki getað róið úr heimahöfn undanfarin ár en rækjan breytti því. Hann og Snæbjörn Árnason keyptu bát í síðasta mánuði og hafa nú hafið rækjuveiðar. „Það er óneitanlega þægilegt að geta labbað niður á bryggju, farið út og verið svo kominn heim um klukkan átta á kvöldin,“ segir hann. Höfrungur BA er síðan þriðji báturinn í rækjuveiðunum.


BJÖRN MAGNÚSSON VIÐ LÖNDUN Það kætir menn óneitanlega að koma með fullfermi af rækju úr firðinum sínum eins og sést á Birni. MYND/JÓN HÁKON

Stefán Brynjólfsson, rannsóknarmaður hjá Hafrannsóknastofnun, segir að í haust verði rækjustofninn endurmetinn í Arnarfirði en eins verður ástandið rannsakað í Ísafjarðardjúpi, Öxarfirði, Skjálfanda, Húnaflóa og Skagafirði. Og hver veit nema að veiði á innfjarðarrækju hefjist annars staðar og fleiri geti farið að sigla frá heimahöfn. - jse


Á HLAUPUM Ágúst Kvaran tekur þátt í eyðimerkurmaraþoni þessa dagana.

Afrekshlaupari í Sahara:

## Hleypur 250 kílómetra

Ágúst Kvaran ofurhlaupari er kominn til Marokkó en á sunnudaginn hefst þar Sahara-eyðimerkurmaraþonið sem stendur í eina viku en það eru Frakkar sem standa fyrir því. Ágúst er annar tveggja Íslendinga sem ætla að taka þátt í maraþoninu.

Fyrstu þrjá dagana hlaupa keppendur 30-40 kílómetra á dag, fjórða daginn hlaupa þeir 75-80 kílómetra, fimmta daginn hvíla þeir en sjötta daginn eru hlaupnir 42 kílómetrar og sjöunda daginn 15-20 kílómetrar. Hlaupið nær því samtals um 250 kílómetrum. Keppendur hlaupa með vatn og allar vistir. Aldrei er hlaupin sama leið frá ári til árs. - ghs

# OPIÐ BRÉF FRÁ LÍFEYRISÞEGUM TIL STJÓRNMÁLAFLOKKA

**Reykjavík, 18. mars 2009.**

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók ákvörðun um að skerða lögverndaðan lífeyri almannatrygginga um 10 prósent sl. áramót hjá meginþorra lífeyrisþega. Þetta var gert þrátt fyrir öryggisákvæði laga sem var sérstaklega sett til að vernda lífeyrisþega á krepputímum. Forsvarsmenn samtaka lífeyrisþega telja að þar hafi ekki verið forgangsraðað í anda velferðarsamfélags.

Frá sama tíma hefur auk þess verið brugðið á það ráð að tvöfalda skerðingarhlutfall vegna svokallaðra fjármagnstekna – aðgerð sem beinist fyrst og fremst að þeim lífeyrisþegum sem eiga hóflegar bankainnistæður. Vextir og verðbætur munu því skerða greiðslur almannatrygginga verulega og bitna á þeim sem hefur tekist með erfiðismunum að leggja til hliðar til framtíðar.

Athygli vekur að hin nýja ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar hefur ekki enn horfið frá því að ráðist sé með þessum hætti á tugþúsundir lífeyrisþega.

Það er lýðræðisleg krafa að ríkisstjórnarflokkarnir svari því skýrt og skilmerkilega hvort, og þá hvenær, þeir hyggist leiðrétta ofannefnda gjörninga. Að öðrum kosti er óhjákvæmilegt að líta svo á að þetta sé í raun stefna þeirra.

Vegna komandi kosninga er mikilvægt að önnur framboð upplýsi einnig um afstöðu sína til þeirra grundvallarmála sem hér um ræðir. Er þess óskað að svör berist eigi síðar en fimmtudaginn 2. apríl.

*Með vinsemd og virðingu,*

F.h. Landssambands eldri borgara,

Helgi K. Hjálmsson formaður.

F.h. Öryrkjabandalags Íslands,

Halldór Sævar Guðbergsson formaður.

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Gerður Aagot Árnadóttir formaður.

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 216 **Velta:** 119 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
33 **+0,78%**

**OMX ÍSLAND 6**
635 **+0,14%**

MESTA HÆKKUN
**ÖSSUR** 3,16%
**FØROYA BANKI** 2,19%

MESTA LÆKKUN
**MAREL FOOD SYST.** 0,69%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 260,00 +0,00% ... Bakkavör 1,40 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,50 +1,27% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 46,60 -3,72% ... Össur 88,90 -0,11%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Hvar er hægt að skera?

Ljóst má vera að úr vöndu er að ráða fyrir ríkisvaldið þegar kemur að sparnaði og niðurskurði á fjárlögum sem þanist hafa út ár frá ári. Á Netinu er hins vegar að finna mjög gagnlegt tól þar sem útgjöld í hverjum málaflokki er að finna í myndrænni útfærslu (DataMarket, http://apps.datamarket.net/fjarlog/). Þar er til dæmis fljótséð að skammt dugar upp í fjárlagahallann niðurskurður í utanríkisráðuneytinu sem stundum hefur verið nefndur. Heildarútgjöld þar nema 12 milljörðum króna, þrír til ráðuneyta. Samkvæmt áætlun verður fjárlagahalli ársins 153 milljarðar króna. Líklegt má þó teljast að margt smátt geti gert eitt stórt þegar lagst er yfir málin og ýmis gæluverkefni „heima í héraði“ skoðuð nánar. Fjármálaráðuneytið hlýtur að fagna öllum tillögum og um að gera að sem flestir skoði.

### Dauðadæmt mál



Það er enda víðar en hér sem leitað er leiða til að spara í rekstri hins opinbera. Í Bretlandi ná menn ekki upp í nefið á sér yfir 4.500 punda styrk ríkisins (um 770 þúsund krónur) til tveggja miðla sem segjast nýta féð til að hjálpa syrgjandi fólki að ná sambandi við látna ástvini. Miðlarnir, sem raunar eru par, að sögn The Daily Mail, reka skóla um andleg málefni og fer styrkurinn, sem er hluti af áætlun ríkisins um að láta fé renna í atvinnuuppbyggingu (Want2Work), í að kenna fólki að ná sambandi yfir í andaheiminn. Gagnrýnendur hafa hins vegar hneykslast mjög á styrkveitingunni, sér í lagi á tímum þar sem fólk er í stórum stíl að missa vinnuna. Parið segir hins vegar 770 þúsund kallinn lítið gjald ef takist að færa syrgjandi fólki hugarró.

## Aldrei meiri samdráttur

Útflutningur frá Japan dróst saman um 49,4 prósent í febrúar miðað við sama tíma í fyrra, samkvæmt nýbirtum gögnum japanska viðskiptaráðuneytisins.

Þetta er umfram svörtustu spár en tölur sem þessar hafa aldrei áður sést þar í landi. Viðskiptaráðuneytið hóf að halda utan um þessar tölur árið 1980.

Kreppa í helstu viðskiptalöndum Japans, ekki síst í Bandaríkjunum og Evrópu, skýrir samdráttinn, sem hefur komið harkalega niður á bíla- og raftækjaframleiðendum. Það hefur svo skilað sér í snörpum samdrætti í japönsku hagkerfi sem dróst saman um 12,1 prósent á síðasta ársfjórðungi. **- jab**



**STJÓRN** Ný stjórn Auðar Capital var kjörin á stjórnarfundi í vikunni.

# 56 milljóna hagnaður hjá Auði Capital

Fjármálafyrirtækið Auður Capital skilaði 56 milljóna króna hagnaði á árinu 2008, en það var fyrsta rekstrarár félagsins. Fyrirtækið er skuldlaust, og nemur eigið fé þess um 1,2 milljörðum króna.

Auður Capital fékk raunar starfsleyfi í apríl, svo þetta er afkoman eftir átta mánaða rekstur, segir Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs.

„Í fjárfestingum okkar, bæði til að ávaxta eigið fé og viðskiptavina okkar, kom það sér vel að vera bæði óháður og áhættumeðvitaður,“ segir Þóranna, spurð hvernig félaginu takist að skila hagnaði eftir slíkt umbrotaár.

„Við gátum tekið ákvarðanir út frá okkar bestu sannfæringu, án þess að þurfa að bíða eftir að einhver sem við höfðum hagsmuni gagnvart hækkaði eða lækkaði,“ segir Þóranna.

Stjórn Auðar hefur ákveðið að leggja tíu milljóna króna stofnframlag í góðgerðarsjóð sem fengið hefur nafnið AlheimsAuður. Sjóðnum er ætlað að hvetja konur til athafna, sérstaklega á vanþróuðum svæðum heimsins. Auður Capital mun leggja eitt prósent af hagnaði félagsins í sjóðinn ár hvert. **- bj**


## VANTAR MÁLVERK Í SÖLU

**Vegna mikillar sölu á síðasta málverkauppboði**
**Leitum við að góðum verkum gömlu meistaranna**



**Kristján Davíðsson**
**Seld á 1.200.000**



**J.S.Kjarval**
**Seld á 456.000**



**J.S.Kjarval**
**Seld á 972.000**



**Kristín Jónsdóttir**
**Seld á 1.380.000**



**Ásgrímur Jónsson**
**Seld á 2.040.000**



**Gunnlaugur Blöndal**
**Seld á 612.000**

Gallerí BORG

***Skipholti 35***
*105 Reykjavík. sími 511 7010*
*Gsm: 847-1600*
*petur@galleriborg.is*

**Erum að undirbúa næsta uppboð.**
**Við tökum lægri sölulaun.**
**Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600**


# Flest gjaldþrot eru í byggingargeiranum

**Nýjar tölur Hagstofu Íslands sýna yfir 50 prósenta fjölgun gjaldþrota milli ára. Fyrstu tvo mánuði ársins urðu 149 fyrirtæki gjaldþrota, samanborið við 97 fyrirtæki í fyrra. Greining Íslandsbanka segir að gera megi ráð fyrir að gjaldþrotum haldi áfram að fjölga á þessu ári. Þrotahrina sé fram undan.**



**Í BYGGINGU** Í nýrri samantekt Hagstofunnar kemur fram að á fyrstu tveimur mánuðum ársins hafi 54 prósent fleiri fyrirtæki orðið gjaldþrota en á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nær þriðjungur gjaldþrota febrúarmánaðar var hjá fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Samantekt Hagstofu Íslands sýnir að gjaldþrot í febrúar voru 36 prósentum fleiri en í sama mánuði ári fyrr. Alls voru 76 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í febrúar, en það er sex fyrirtækjum meira en í janúar. Í febrúar í fyrra voru 56 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta.

„Gera má ráð fyrir að gjaldþrotum fyrirtækja haldi áfram að fjölga á þessu ári samhliða því sem mikill samdráttur er fram undan í hagkerfinu og eftirspurn og fjárfestingar dragast saman. Spár sem birtar hafa verið um gjaldþrot fyrirtækja gera ráð fyrir að þrotahrina sé fram undan á árinu,“ segir í samantekt Greiningar Íslandsbanka um málið.

Af þeim fyrirtækjum sem tekin voru til gjaldþrotaskipta voru 20 í byggingargeiranum, en það eru 30 prósent heildarfjöldans. Fyrir ári urðu níu fyrirtæki í sama geira gjaldþrota. „Fyrstu tvo mánuði ársins hafa 38 fyrirtæki í byggingariðnaði verið tekin til gjaldþrotaskipta sem er fimmtungur allra gjaldþrota á árinu“, bendir Greining Íslandsbanka á og bætir við að fyrstu tvo mánuði síðasta árs hafi 17 fyrirtæki í byggingariðnaði verið tekin til gjaldþrotaskipta. „Fjármálakreppan hefur komið afar illa niður á byggingariðnaði enda hefur fjárfesting dregist mikið saman, meðal annars vegna þess að aðgengi að lánsfé hefur versnað.“

Fyrir utan byggingariðnaðinn urðu í febrúar 15 gjaldþrot í heildog smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum farartækjum og 12 í rekstri gisti- og veitingastaða. „Fyrstu tvo mánuði ársins 2009 er fjöldi gjaldþrota 149 en fyrstu tvo mánuði ársins 2008 voru gjaldþrotin 97 sem jafngildir tæplega 54 prósenta aukningu milli ára,“ segir í samantekt Hagstofunnar. **olikr@markadurinn.is**

Vel á annan tug tilboða í útibú, netbanka og verðbréfafélag SPRON:

# Tlilboð valin á næstu dögum

**FJÁRMÁLASTOFNANIR** Vel á annan tug tilboða bárust í ýmsar rekstrareiningar SPRON áður en frestur rann út klukkan fjögur í gær.

„Það eru margir að horfa á verðbréfin og netbankann,“ segir Hlynur Jónsson, formaður skilanefndar SPRON, spurður um það hvert áhugi tilboðsgjafanna beindist helst.

Skilanefndin hóf í í gærkvöldi að meta tilboðin til að finna út hver þeirra væru álitleg og raunhæf. Tilboðin eru óskuldbindandi í þessari umferð. „Við erum meðal annars að skoða nánar upplýsingar um fjárhagslegan styrk, framtíðarsýn, starfsmannamál og annað slíkt,“ segir Hlynur.

Einingarnar sem um ræðir eru útibú, SPRON verðbréf, netbanki SPRON og Rekstrarfélag SPRON verðbréfasjóða. SPRON Factoring, sem annast kröfukaupaþjónustu fyrir útflytjendur og fleiri, var ekki boðið til sölu að þessu sinni.



**STARFSFÓLK SPRON** Í SPRON við Skólavörðustíg biðu starfsmenn frekari tíðinda af afdrifum sparisjóðsins fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlynur sagðist í gærkvöldi ekkert vilja segja að svo stöddu um innihald þeirra tilboða sem bárust. „Við erum bara að fara yfir þetta núna,“ svarar Hlynur sem aðspurður kveðst eiga von á því að ákvörðun verði tekin skjótt um það við hvaða tilboðsgjafa verður rætt frekar. „Markmiðið er að það komi í ljós á næstu dögum.“ **- gar**

# Kauptu nýju COOLPIX S220

## – myndavélin sem fær höfuð til að snúast




Allar Nikon myndavélar koma með íslenskum leiðarvísi.

**NÚ KEMUR COOLPIX S220 – ARFTAKI HINNAR VINSÆLU S210**

Nýja Nikon COOLPIX S220 á margt sameiginlegt með forvera sínum S210. Hún er jafnlitrík og jafnlítil (18 mm á þykkt), en með 10 megapixla upplausn og fleiri nýjum aðgerðum: Þú getur lagfært myndirnar þínar á skjá myndavélarinnar í stað þess að gera það í tölvunni. COOLPIX lagar sjálfkrafa hreyfðar myndir (Mode Detector). Fæst í mörgum líflegum litum – veldu eftirlætið þitt!

- 2.5 tommu LCD skjár
- 3x NIKKOR aðdráttarlinsa
- Sjálfvirkar myndstillingar fyrir t.d hágæða nærmyndir
- Hraðlagfæring í myndavélinni sjálfri

**Heimilistæki**, Reykjavik • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavik • **Beco**, Reykjavik
**Fotoval**, Reykjavik • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavik • **Samkaup**, Borgarnes
**Hljómsýn**, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur
**Samkaup**, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnvetninga**,
Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**,
Sauðárkrókur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík
**Samkaup**, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði
**Mosfell**, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar
**Foto**, Vestmannaeyjar • **Tækniráð**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

*At the heart of the image*

Nikon

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gegnsæi og upplýsingamiðlun:

## Til verri vegar

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fá orð hafa verið mönnum tamari á síðustu mánuðum en gegnsæi og upplýsingamiðlun. Reynslan ætti að hafa kennt mönnum að ærin ástæða er til að gefa þessum hugtökum skýrt innihald í verki. Í reynd hafa mál hins vegar þróast á allt annan veg. Smátt er gert með það sem sagt er. Taka má dæmi á þremur sviðum:

Í fyrsta lagi má nefna álitaefni varðandi bankaleynd. Lögmæt sjónarmið um persónuvernd og viðskiptavernd liggja að baki þeirri trúnaðarskyldu sem bankamenn hafa gagnvart málefnum viðskiptamanna. Hún hefur þó aldrei verið hugsuð til að hindra framgang réttvísinnar. Henni er heldur ekki ætlað skýla brotalömum í viðskiptasiðferði.

Bankahrunið vakti eðlilega spurningar um hvort opna ætti fyrir frekari aðgang að upplýsingum í fjármálastofnunum út frá sjónarmiðum um viðskiptasiðferði. Hvað hefur gerst? Staðreyndirnar blasa við:

Sérvöldum og takmörkuðum upplýsingum hefur verið komið á framfæri innan úr gömlu bönkunum. Almenningur hefur hins vegar ekki haft jafnan og almennan aðgang að þeim. Upplýsingamiðlun af þessu tagi byggir ekki upp traust.

Satt best að segja á hún ekkert skylt við gegnsæi og er ekki til marks um opna stjórnsýslu. Fremur má kalla þetta klíkuskaparmiðlun á upplýsingum. Meðan annað er ekki upplýst bera skilanefndirnar ábyrgð á þessu ástandi. Þessi háttsemi byrjaði í tíð fyrri ríkisstjórnar en hefur síðan færst í aukana.

Í annan stað má nefna afskriftir og ríkisstyrki: Afskriftir ríkisbankanna til fyrirtækja sem ekki fara í gjaldþrotameðferð eru jafngildi ríkisstyrkja. Þær vaxa nú hratt og fara ekki fram með gegnsæjum hætti. Af þessu leiðir að mjög erfitt er um vik að glöggva sig á samkeppnishömlum á markaðnum sem hljótast af opinberum ráðstöfunum.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um að styrkja suma sparisjóði og smærri fjármálafyrirtæki á vildarkjörum og setja aðra í þrot voru ekki teknar með gegnsæjum hætti. Afstaða almennings til þeirra ráðstafana verður því að byggjast á pólitísku trausti einu saman en ekki beinhörðum upplýsingum.

Það er í slíkum jarðvegi sem spilling skýtur rótum.

Í þriðja lagi má nefna þann leyndarhjúp sem er yfir öllum samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þannig tók sjóðurinn án skýringa pólitíska afstöðu í innbyrðis deilu stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar um aðstoð við skuldug heimili. Þar tók hann stöðu á móti Framsóknarflokknum og með hinum stjórnarflokkunum. Án frekari upplýsinga virðist þessi athöfn vera íhlutun um innanríkismál umfram það sem ráð er gert fyrir í birtu samkomulagi milli sjóðsins og íslenskra stjórnvalda.

Svo virðist sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi einnig komið að ákvörðunum sem leiddu til síðustu aðgerða ríkisstjórnarinnar varðandi sparisjóðina. Engin opinber grein hefur þó verið gerð fyrir samráði stjórnvalda og sjóðsins um þau mál. Þá hvílir leynd yfir allri upplýsingagjöf stjórnvalda til sjóðsins um ríkisfjármálaaðgerðirnar.

Allt bendir þetta til að menn hafi lítið lært. Þó að aukinn kraftur hafi færst í stjórnmálaumræðuna hafa þessi mál fremur færst til verri vegar eftir stjórnarskiptin. Flestir væntu þó annars af núverandi forsætisráðherra. Sú hefur ekki orðið raunin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

LAGERSALA
Opið virka daga frá 13 – 18
Helgar frá 13 - 16






Eldhúsvaskar
Frá kr. 3.900
Blöndunartæki
Frá kr. 3.900
Baðspeglar
Kr. 990
Símar 894-1411 og 861 7540
Norðurhella 10 Hafnarfjörður

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jafnaðarmannleg yfirboð

Ögmundur Jónasson hefur afsalað sér ráðherralaunum, í ljósi þess að hann er að krefjast launalækkunar hjá starfsmönnum að hans sögn. Einhverjum finnst þetta í takt við kröfu um að ráðamenn þjóðarinnar lifi frekar í takt við almenning í landinu en útrásarvíkinga.

Ekki þó ritstjóra Herðubreiðar. Honum finnst ráðherrann, með því að þiggja lægri laun en honum ber, ná nýjum hæðum í „ódýrri yfirboðs- og yfirborðspólítík mánuði fyrir kosningar“.

Sú var tíðin að yfirboð fyrir kosningar var það kallað að slöngva út milljörðum í framkvæmdir í eigin kjördæmi rétt fyrir kosningar, til dæmis í jarðgöng. Nú hefur jafnaðarmaðurinn Karl Th. Birgisson upplýst okkur um annað.

### Sameiginlegur göngutúr?



Vinstri græn héldu nýverið landsfund sinn undir yfirskriftinni: Vegur til framtíðar varðaður. Í gær setti Sjálfstæðisflokkurinn sinn landsfund og yfirskriftin er: Göngum hreint til verks. Nú er bara spurning hvort þeir síðarnefndu ganga eftir hinum nývarðaða vegi þeirra fyrrnefndu. Ný stjórn, eða göngutúr?

### Afsökunarbeiðnin

Margir hafa kallað eftir afsökunarbeiðni fjölmiðla í aðdraganda hrunsins. Gagnrýnislaus jásöngur þeirra hafi ýtt undir græðgisvæðinguna án nokkurs aðhalds. Og í gær baðst Morgunblaðið afsökunar.

Reyndar ekki á samfélagshruninu, heldur á því að í sömu frétt á mbl.is hefði verið sagt frá brotthvarfi Geirs H. Haarde af Alþingi og því að Helgi Hjörvar hefði fengið blindrahund sér til aðstoðar. Á því höfðu einhverjir hneykslast, þar með talið ritstjóri Herðubreiðar, sem geta tekið gleði sína við afsökunarbeiðnina.



kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Fjármálaáhættur og stefnumörkun

**UMRÆÐAN**

Jónas Fr. Jónsson skrifar um bankahrunið



JÓNAS FR. JÓNSSON

Um miðjan nóvember 2007, eða tæpu ári fyrir bankahrunið, á fundi í samráðshópi þriggja ráðuneyta, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits um fjármálastöðugleika, lagði ég fram ábendingar um nauðsynlega stefnumörkun æðstu stjórnvalda varðandi viðbúnað fjármálakerfisins. Tilefnið var nýafstaðin norræn viðbúnaðaræfing og lausafjárþrengingar í heiminum. Meðal atriða sem ég tiltók voru:

■ Ákveða þyrfti, miðað við vilja og getu hins opinbera, hvert væri hámark mögulegs stuðnings hins opinbera í formi eiginfjárframlags, lausafjárstuðnings eða ábyrgðar á innstæðum.

■ Ákveða þyrfti hvort draga ætti landfræðileg mörk vegna mögulegs stuðnings (þ.e. ef til kæmi, hvort bjarga ætti dótturfélögum, sem voru rúmlega 40% af efnahag bankanna).

■ Huga þyrfti að löggjöf um Tryggingasjóð innstæðna í ljósi þess að erlend innlán væru orðin meirihluti innlána íslensku bankanna.

■ Huga þyrfti að lagaheimildum svo að opinberir aðilar gætu gripið tímanlega og á afgerandi hátt inn í rekstur fjármálafyrirtækis.

Ég rifja þetta upp vegna tilrauna Jóhönnu Sigurðardóttur til að brennimerkja erftirlitsaðila á fjármálamarkaði, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið, sjálfsagt í þeim tilgangi að hvítþvo stjórnmálamenn af fjármálaáfallinu. Frekari ábendingar um nauðsynlegan viðbúnað liggja fyrir, bæði fyrir og eftir þennan tíma.

Ástand og áhættu einstakra fyrirtækja og fjármálakerfa þarf sífellt að endurmeta. Stór áhætta í fjármálakerfinu var möguleiki hins opinbera til að veita fjármálafyrirtæki fjárhagsaðstoð í erlendri mynt, kæmi til erfiðleika. Þetta var flestum ljóst. Jafnframt var vitað að því lengur sem lausafjárkrísan í heiminum varði, ykist áhættan. Til að bregðast við þessu mátti annars vegar styrkja gjaldeyrisforða landsins en hins vegar styrkja lagaheimildir stjórnvalda til tímanlegra inngripa í rekstur fjármálafyrirtækja. Hið fyrrnefnda var ekki gert og hið síðarnefnda ekki fyrr en í október sl. Þegar lagaheimildir lágu fyrir greip Fjármálaeftirlitið inn í rekstur bankanna, viðhélt bankastarfsemi á Íslandi og dró úr þjóðhagslegu tjóni.

Uppbygging og rekstur bankanna byggði á viðskiptaákvörðunum stjórnenda og eigenda þeirra. Hálfsársuppgjör bankanna, árituð af endurskoðendum, bentu ekki til bráðavanda og lánshæfismat þeirra var ágætt. Í lok september dýpkaði lausafjárkrísan í heiminum og varð að verstu fjármálakreppu frá 1930 með ófyrirsjáanlegu tjóni fyrir fjármálakerfi heimsins, sem þeir geta kynnt sér sem vilja. Íslensk stjórnvöld sáu slíkar hamfarir ekki fyrir, ekki frekar en stjórnvöld annarra ríkja. Öfugt við það sem gerðist í öðrum löndum hafði íslenska ríkið ekki fjárhagslegt bolmagn til að bjarga bönkunum.

*Höfundur er fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**KONSÚM** kallast nýjasta páskaeggið úr ranni Nóa Siríus. Eggið sem verður aðeins fáanlegt í einni stærð er búið til úr suðusúkkulaðinu gamla og er ekki síst ætlað fullorðnum sælkerum. Undirstaðan í fyllingu páskaeggsins er konfektmolar, rúsínur og karamellur.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






Næg ókeypis bílastæði

*við Perluna*

Súpubar 620 kr.

Salatbar 990 kr.

Súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr.

~ NÝBAKAÐ BRAUÐ FYLGIR MEÐ SÚPU- OG SALATBAR. ~

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.

Vegna mikillar eftirspurnar hefur *Allt í steik* verið framlengt til 19. apríl!

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Heimasíða* www.perlan.is




Jóhannes Steinn matreiðslumaður töfrar fram ljúffengan bleikjuforrétt sem hann segir einstaklega góðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk bleikja og skyr

**Íslenskt hráefni er í hávegum haft hjá matreiðslumanni ársins 2008 því Jóhannes Steinn Jóhannesson gerir tilraunir með það á hverjum degi. Hann gefur lesendum uppskrift að forrétti með íslenskri bleikju.**

Jóhannes Steinn Jóhannesson er matreiðslumaður á veitingastaðnum Vox. Hann ber titilinn matreiðslumaður ársins 2008 og býður lesendum uppskrift að bleikjuforrétti sem hann setti saman fyrir Vox á dögunum.

„Þessi réttur er agalega góður með bleikju frá Klaustri og svo nota ég smá humar og skyr en við erum bara í nýnorrænni matreiðslu hér á Voxinu,“ útskýrir Jóhannes og segir vatnið ekki sótt yfir lækinn. „Við notum eingöngu hráefni frá Norðurlöndunum og eins mikið íslenskt og við getum.“ Jóhann segist reyndar ekki fara sjálfur að veiða fiskinn en matreiðslumennirnir á veitingastaðnum séu þó að skipuleggja sveppatínsluferð í sumar og tíni blóðberg og jurtir í matreiðsluna sjálfir þegar þeir geta.

„Við erum alla daga í því að gera tilraunir með íslenskt hráefni, innan skynsamlegra marka þó,“ bætir hann við hlæjandi. „Við höfum ekki verið að steikja íslenska snigla enn þá.“

Inntur eftir uppáhaldsmatnum sínum segist Jóhannes borða hvað sem er. „Best er að fara í mat til mömmu og fá venjulegan heimilismat. Ég elda alltaf heima hjá mér og tek uppvaskið í leiðinni, enda þjálfaður í þessu og jú, ég býð mömmu líka í mat öðru hvoru.“

*heida@frettabladid.is*

## BLEIKJA, REYKT OG GRAFIN

með humri, agúrkum, skyri og Svartagaldri **FYRIR 4**

**Bleikjurúlla**
1 flak taðreykt bleikja frá Skútustöðum
1 flak lítil Klaustursbleikja
100 g hreint skyr
Salt
Pipar

*Roðflettið reykta bleikju, beinhreinsið og frystið. Skerið því næst í langar þynnur og leggið á bökunarpappír. Roðflettið og beinhreinsið Klaustursbleikjuna og skerið niður mjög smátt. Blandið saman við skyr og smakkið til með salti og pipar. Setjið blöndu í sprautupoka og sprautið jafnri línu á reyktu bleikjuþynnuna og vefjið þétt upp í plastfilmu. Frystið og skerið í jafna bita eftir vild.*

**Grafin bleikja**
1 flak fersk Klaustursbleikja
100 g Svartigaldur frá Sverri Guðjónssyni temeistara
40 g salt
60 g sykur

*Roðflettið og bein- og fituhreinsið bleikjuna. Blandið tei, salti og sykri saman og sáldrið yfir bleikju. Látið standa yfir nótt. Skolið og skerið í þunnar sneiðar þegar á að bera fram.*

**Humar**
4 stk. stórir humarhalar, pillaðir
Saxað dill
Salt
Pipar

*Eldið humarhala í örlítilli olíu í ofni við 160 °C í um fjórar mínútur. Kryddið með salti, pipar og dilli.*

**Skyrkrem**
100 g hreint skyr
3 stilkar ferskt fáfnisgras
Salt



*Saxið fáfnisgras örfínt og blandið saman við skyrið. Hrærið rösklega saman og smakkið til með smá salti.*

**Agúrkur**
½ stk. íslensk agúrka
Salt
Dill
Hrásykur
Repjuolía frá Bornholm

*Saxið gúrkur fínt niður. Setjið dill, hrásykur og olíu út á og blandið vel saman. Smakkið til með örlitlu salti.*


Byltingarkennd nýjung á Íslandi




**Enn á ný kynnum við hjá Nings nýjung í heilsusamlegri matreiðslu.**

Næringa- og matvælafræðingar hafa þróað einstaka afurð: Núðlur unnar úr tófú og heilsujurtinni "konnyaku". Tófú-núðlur eru bragðgóðar og hollar. Þær henta öllum þeim sem láta sig varða líkamlega heilsu sína.

Tófú-núðlur eru kalk- og próteinríkar, kolvetna- og hitaeiningasnauðar. Að auki eru þær án nokkurs sykurs, kólesteróls og glútens og innihalda auðvitað hvorki mjólkurafurðir né dýrafitu.

NINGS

Suðurlandsbr. 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
Sími: 588 9899

**ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ** verður í Regnboganum um helgina. Þar verða sýndar þrjár kvikmyndir eftir hinn unga og upprennandi leikstjóra Paolo Sorrentino. Myndirnar heita Honum er ofaukið, Afleiðing ástarinnar og Fjölskylduvinurinn.




Flottir skór á fínu verði



Vandaðir herraskór úr leðri, skinn-fóðraðir og með vatnsþolnum sólum.
Stærðir: 41 - 47
Litur: kastaníu brúnn
Verð: 7.875.-



Sérlega mjúkir og þægilegir herrasandallar úr leðri með hælbandi.
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


# Tónleikar og eftirpartí

**Heyrðu mig nú! er yfirskrift föstudagstónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands sem haldnir verða í kvöld. Ætlunin er að höfða til fólks á mennta- og háskólaaldri sem sækir ekki sinfóníuhljómleika að jafnaði.**

„Þessi tónleikaröð er tilraun til að ná til nýs hóps áheyrenda, mennta- og háskólanemenda og fólks á þeim aldri. Það er óhætt að segja að það myndist örlítið öðruvísi stemning á svona tónleikum en gerist alla jafna á sinfóníutónleikum, létt og skemmtileg," segir Arna Kristín Einarsdóttir, tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aðrir tónleikarnir í hljómleikaröð sem ber yfirskriftina „Heyrðu mig nú!" verða haldnir í Háskólabíói klukkan 21 í kvöld.

Á dagskránni er Píanókonsert eftir Gershwin og Sinfónískir dansar úr West Side Story eftir Bernstein. Hljómsveitarstjóri er hinn 29 ára gamli Benjamin Shwartz, aðstoðarhljómsveitarstjóri San Francisco-sinfóníunnar, og einleikari á píanó er hin argentínska Karin Lechner. Á undan tónleikunum verður boðið upp á kynningu á verkunum með léttu spjalli og tóndæmum, og eftir á verður slegið upp partíi þar sem áhorfendur geta spurt hljómsveitarstjóra og -meðlimi spjörunum úr, snakk og gos verður á boðstólum og plötusnúðurinn DJ Þorbjörn sér um tónlistina.

Arna Kristín segir tilgang tónleikaraðarinnar meðal annars vera þann að brjóta upp hljómleikaformið sem margir tengja við sinfóníutónleika. „Í raun má segja að það sé dálítill bíóferðastíll á þessu," segir Arna Kristín. „Það eru ekki númeruð sæti og krakkarnir finna sér bara sæti við hæfi. Kynningin á undan gerir það að verkum að áhorfendurnir fá að vita hvað býr að baki verkunum, hvaða meiningar höfundurinn og hljóðfæraleikararnir hafa um tónlistina og svo framvegis, og það dýpkar hlustunarskilninginn."



Arna Kristín segir ungt fólk ungt upp til hópa móttækilegt og reiðubúið að kynna sér alls kyns tegundir af tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Örnu Kristínar finna meðlimir Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir miklum meðbyr þegar kemur að því að kynna sígilda tónlist fyrir ungmennum. Til að mynda hafi fjöldi fólks mætt á tónleika á Myrkum músíkdögum nýverið, þar sem ungir listamenn á borð við Daníel Bjarnason tónskáld og stjórnanda og Víking Heiðar Ólafsson píanóleikara stigu á svið. „Þar var blístrað og stappað eins og á villtustu rokktónleikum. Við höfum tekið eftir því að unga fólkið virðist vera mjög móttækilegt og reiðubúið að kynna sér alls kyns tónlist," segir Arna Kristín.

*kjartan@frettabladid.is*


Sumarbúðir
KFUM og KFUK

Sjá flokkaskrá sumarbúðanna 2009 á kfum.is
56 flokkar í 5 sumarbúðum,
29 leikjanámskeið á 3 stöðum

Skráning hefst 28. mars kl. 12
á Holtavegi og
í Sunnuhlíð á Akureyri

Vatnaskógur
Vindáshlíð
Kaldársel
Hólavatn
Ölver



KFUM KFUK

Vorhátíð: Jón Víðis, töframaður
Hoppukastalagarðurinn - heill ævintýraheimur
Andlitsmálun * Candy floss * Kaffitería * Blöðrur

KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 27. mars 2009



## MÓÐUR-HLUTVERKIÐ BREYTTI ÖLLU

Marín Manda, fatahönnuður og verslunareigandi, gæti hugsað sér að eignast eitt barn enn.

## STOFNAR FYRIRTÆKI Í KREPPUNNI

Anna María Ragnarsdóttir selur snyrtivörur hjá Signatures of Nature.

## ALDREI OF SEINT AÐ BYRJA

Bryndís Baldursdóttir hlaupari er Afrekskona Létt Bylgjunnar 2009.

## VELDU GÓÐ KREM Í KULDANUM

Það skiptir máli að vernda húðina fyrir veðri og vindum með góðu kremi.




FERMINGAPAKKI

TÖLVUPAKKI
- Intel Core 2 Duo E5200
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB WD Blue SATA2
- 512MB Geforce 9500GT
- 19" Acer skjár 5ms
- Windows Vista Home Basic

129.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ algjör snyrtipinni

## JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON LEIKARI

„Ég er að fara að leika í Fló á skinni í Borgarleikhúsinu, en sýningar nálgast nú að vera 150 talsins. Svo er bara að vakna, borða og sofa og undirbúa mig fyrir helgi leikarans sem er mánudagur og þriðjudagur.“



helgin MÍN



### Eignaðist litla stelpu

Fatahönnuðurinn Birta Björnsdóttir og eiginmaður hennar Jón Páll Halldórsson húðflúrmeistari eignuðust litla stelpu í vikunni. Þetta mun vera annað barn þeirra hjóna því fyrir eiga þau soninn Storm Björn sem fæddist árið 2005. Birta og Jón Páll eru búsett í miðbænum, en Birta rekur verlunina Júníform í Ingólfsstræti 8.

### Halda 100 ára afmæli

Útvarpsvinirnir Andrea Jónsdóttir og Ólafur Páll Gunnarsson, betur þekktur sem Óli Palli, verða samtals 100 ára núna í apríl. Af því tilefni hafa þau ákveðið að fagna þessum tímamótum með sameiginlegri veislu á Nasa 8. apríl, en Andrea verður sextug 7. apríl og Óli Palli fertugur 25. apríl. Vinum og velunnurum er boðið á Nasa og ekki er við öðru að búast en að boðið verði upp á góða lifandi tónlist, enda afmælisbörnin bæði miklir tónlistarunnendur.

þetta HELST

Anna María Ragnarsdóttir:

# Stofnar snyrtivöru-fyrirtæki *í kreppunni*

Ég ætlaði mér alltaf að stofna nýtt vörumerki, en bjóst kannski ekki alveg við því að byrja í mestu kreppu í sögu Íslands,“ segir Anna María Ragnarsdóttir um nýstofnað snyrtivörufyrirtæki sitt Signatures of Nature. Anna María starfaði fyrir Clarins um árabil og hjá snyrtivörudeild Pier.

„Ég fór frá flottu merki eins og Clarins til að taka við merki sem var ekkert þekkt á Íslandi og selt í húsgagnabúð, því ég sá visst tækifæri í því. Fyrir jól var hins vegar öllum sagt upp í Pier og öllu lokað í Bretlandi. Mér var boðið að halda áfram á lægri launum, en þó ekki í snyrtivörudeildinni því þeir vildu ekki eyða peningum í hana. Þegar þeir úti afgreiddu síðustu snyrtivörusendinguna til Pier í janúar og fréttu að ég væri hætt buðu þeir mér umboðið hér á Íslandi sem ég er nú komin með,“ segir Anna sem mun opna vefverslun rétt fyrir páska á signaturesofnature.is.



**Náttúrulegt** Snyrtivörur Signature of Nature munu fást á signatureofnatures.is og í nýju lífsstílshúsi í Faxafeni.

„Ég ætla að gefa landsbyggðinni möguleika á góðri þjónustu og heimsendingu í gegnum netverslunina, svo verð ég komin með vörurnar í Faxafen fyrir páska, í húsnæðið þar sem Outlet Center er nú. Þar eru margir byrgjar að fara að standa saman að lífsstílshúsi þar sem fólk mun geta verslað allt fyrir heimilið á góðu verði,“ bætir hún við.

„Ef ég hefði byrjað fyrir tveimur árum hefði ég ekki átt séns því þá höfðum við öll efni á að kaupa dýr merki. Við Íslendingar tengdum gæði og útlit við verð, sem fer ekki endilega saman, sérstaklega ekki í snyrtivörum. Ég ætla að bjóða upp á snyrtivörur á góðu verði, en engu að síður frábær innihaldsefni,“ útskýrir Anna og viðurkennir að hún hafi fundið fyrir mótbyr við stofnun fyrirtækisins. „Fólk á það til að draga úr mér út af ástandinu, jafnvel ómeðvitað, en ég hef samt fundið fyrir ómældum stuðningi frá fjölskyldu og vinum. Við megum ekki gleyma því að í kreppunni eru tækifæri og ég trúi að fólk eigi að elta sinn draum hvort sem það er í góðæri eða harðæri.“ *- ag*



**Eltir drauminn** Anna María lætur ekki kreppuna stöðva sig, heldur ákvað að láta drauminn rætast og stofna eigið snyrtivörufyrirtæki.






Nýkjörin Afrekskona Létt Bylgjunnar 2009:

# Aldrei of seint að byrja að hreyfa sig

„Þetta kom mér á óvart og þó ekki,“ segir Bryndís Baldursdóttir 45 ára hlaupari og nýkjörin Afrekskona Létt Bylgjunnar 2009. Bryndís bar sigur úr býtum í hópi fimm hörku kvenna en hún ákvað fyrir níu árum að gera breytingu á sínum lífsstíl, þá 36 ára. „Ég var algjört sófadýr og hafði þyngst hratt og var þannig á mig komin að ég gat ekki staðið upp af gólfi án hjálpar. Ég byrjaði að skokka daglega og nú er ég í mínu besta formi,“ segir Bryndís sem hefur hlaupið sex maraþon og klárað tvö „Ironman“ og 100 km hlaup svo eitthvað sé nefnt.

Bryndís segir þolíþróttamenn hafa fengið litla athygli á Íslandi en þeir veki mikla athygli erlendis. „Hér erum við aðallega spurð hvort svona mikil hreyfing sé ekki óholl eða hreinlega fíkn. Það er hins vegar afskaplega óhollt að sitja kyrr á rassinum allan daginn og fara svo heim og leggjast í sófann. Þá er betra að vera á stanslausri hreyfingu.“ Bryndís segir aldrei of seint að byrja og hún segir margar goðsagnir um hreyfingu ósannar. „Það er alltaf talað um að hreyfa sig þrisvar í viku en hættan er á að eftir hvíldardag komi eitthvað upp á svo það er orðið jafn erfitt að koma sér upp úr sófanum og í byrjun. Þá er betra að fara daglega en gera minna. Önnur sagan er sú að hreyfing hafi engan tilgang nema hún standi í að minnsta kosti í 20 mínútur en það er bara bull. Hverjar fimm mínútur gera mikið gagn fyrir manneskju sem hefur ekkert hreyft sig. Maður á bara að nota þann tíma sem maður hefur og vera ánægður með sig að hafa byrjað. Ég þekki konur sem byrjuðu að hlaupa löngu eftir fimmtugt og eru hraðari hlauparar en ég. Það er um að gera að vera ekkert að flækja hlutina. Eins og Nike segir: Just do it.“ *- iáh*



**Afrekskona** Bryndís Baldursdóttir, 45 ára hlaupari, var kjörin Afrekskona Létt Bylgjunnar 2009.

föstudagur **Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Meiyan húsgögn
50%
afsláttur
Verðhrun í tilboðs-horninu!
MEIYAN var 59.900.-
nú 29.950.-
MEIYAN var 39.900.-
nú 19.950.-
MEIYAN stór skápur
var 69.900.-
nú 34.950.-
MUNNÞURRKUR bómull 4 í pakka, margir litir, var 990.-
nú 594.-
MUNNÞURRKUR hör 4 í pakka, var 1990.-
nú 995.-
nýtt!
LAMPI margir litir
verð 1490.-
500 kr afsláttur!!
KERTI sexhyrnd var 790.-
nú 290.-
nýtt!
SPEGLAMYNDIR 3 í pakka, ýmsar tegundir
verð 690.-
KERTAKRÓNA
verð 1.490.-
nýtt!
NÝ BLÓMALÍNA
verð frá 490.-
til 1290.-
nýtt!
stærra, áður 34.900.-
verð 17.450.-
PRATO BORÐ úr endurunnum viði
minna, áður 29.900.-
verð 14.950.-
50%
VERSAILLES gegnheilt eikarborð stækkanlegt í 350cm fimm stækkanir fylgja!
35% afsláttur
verð áður 149.900.-
nú 97.435.-
the PIER
Full búð af nýjum vörum!
Tilboð á ýmsum eldri vörum
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# Lifir lífinu til full

*Marín Manda Magnúsdóttir,* **fatahönnuður og verslunareigandi, býr í Kaupmannahöfn ásamt dönskum kærasta og tveimur börnum. Marín Manda stóð á tímamótum þegar eldra barnið fæddist, tók pásu á hönnuninni og ákvað að opna barnafataverslun.**



*Viðtal:* **Indíana Ása Hreinsdóttir**
***Ljósmyndir: Valgarður Gíslason***

Ætlunin var aldrei að búa hér svona lengi. Ég hafði hugsað mér að klára námið og fara svo í framhaldsnám eitthvert annað,“ segir Marín Manda Magnúsdóttir, fatahönnuður og verslunareigandi. Marín Manda býr í Kaupmannahöfn ásamt fjölskyldu sinni en hún flutti frá Íslandi árið 2001. „Ég komst inn í fatahönnunarskóla og var tilbúin að kveðja vini og vandamenn og byrja nýjan kafla í mínu lífi. Ég fór ein og var svolítið alein í heiminum fyrstu mánuðina. Fyrsta árið var mjög erfitt og öðruvísi en allt sem ég var vön en ég var ákveðin í að upplifa ævintýri og fljótlega kynntist ég skemmtilegu fólki.“

## HEILLAÐIST STRAX AF KÆRASTANUM

Marín Manda og kærastinn hennar, Danny T. Nielsen, eiga saman tvö börn: Alba Mist er þriggja og hálfs árs og Bastian Blær níu mánaða. Danny er yfirmaður hjá fyrirtækinu Comeat og sér um að reka veitingastaðinn Messen sem er í nágrenni við stærstu kvikmyndafyrirtæki Danmerkur svo á meðal viðskiptavina eru stjörnur á borð við kvikmyndaleikstjórann Lars Von Trier. Danny hafði verið innan skemmtanabransans í fimmtán ár en seldi staðinn sinn Konrad í fyrra. „Honum fannst tími til kominn að taka pásu og prófa krafta sína annars staðar. Hann tekur líka föðurhlutverkið mjög alvarlega og fannst ómögulegt að vera í burtu allar helgar,“ segir Marín Manda. Þau Danny kynntust á Konrad og Marín Manda segist hafa heillast við fyrstu sýn. „Við vorum hins vegar bæði tiltölulega nýkomin úr löngum samböndum og vorum því ekkert að drífa okkur í að verða kærustupar. Þess vegna eigum við engan svokallaðan afmælisdag eins og svo mörg pör. Við gáfum okkur bara góðan tíma í að kynnast og hafa gaman,“ segir hún og bætir við að Danny hafi verið kletturinn hennar í gegnum tíðina. „Við erum rosalega ólík en höfum sömu lífsgildi. Við eigum mörg góð samtöl þar sem við erum ósammála en það er í góðu lagi því þá höfum við alltaf eitthvað að tala um. Mér myndi leiðast ansi fljótt með manni sem væri alltaf sammála mér og Danny hefur kennt mér að sjá það besta í fari annarra og hjá sjálfri mér.“

## ÆÐRI MÁTTUR GREIP Í TAUMANA

Marín reyndi um tíma fyrir sér sem fatahönnuður en tók pásu á hönnuninni þegar hún varð mamma. „Þarna stóð ég á tímamótum og fannst ég þurfa að taka mig saman í andlitinu og fullorðnast. Ekki var ég að lifa á þessu og ég varð að finna mig í öðru hlutverki þar sem ég gæti borgað reikninga.“ Hún segir komu Ölbu Mistar í heiminn hafa fyllt upp í líf hennar og allt í einu snerist allt um dótturina og börn yfirhöfuð. „Ég var eitt kvöldið að vafra um Netið og skoða barnaföt og eftir það gengu hlutirnir hratt. Í sjálfu sér vissi ég lítið um fyrirtækjarekstur en ég var tilbúin að taka áhættu,“ segir Marín Manda sem ákvað þetta kvöld að opna sína eigin barnafataverslun. „Upphaflega hugmyndin var að opna netverslun og hanna sjálf einstaka hluti. Það hefur hins vegar ekki orðið að veruleika enn þá þar sem boltinn rúllaði strax af stað og innan hálfs árs var ég búin að opna verslun og stuttu seinna netverslun líka.“ Í dag rekur Marín Manda netverslunina www.baby-kompagniet.dk þar sem búðin sjálf varð fyrir vatnstjóni svo endurnýja varð húsnæðið. „Í kjölfarið lentum við í stríði við leigusalann sem okkur fannst ekki vera að standa sig og tókum fyrir vikið þá ákvörðun að segja húsnæðinu upp og reka eingöngu netverslun um sinn,“ segir hún og bætir við að það hafi verið erfitt að flytja úr litlu huggulegu búðinni. „Það er samt engu líkara en hér hafi æðri máttur gripið í taumana því við lentum í svo mörgum óhöppum á sama tíma. Rétt eins og einhver væri að benda mér á að opna augun. Nú rek ég fyrirtækið á annan hátt og er með skrifstofu og „showroom“ þar sem viðskiptavinir geta óskað eftir að koma í heimsókn og skoðað í hillurnar sem er sniðugt fyrir t.d. mömmuklúbba. Svo þegar við erum með útsölu býð ég viðskiptavinum í heimsókn svo ég er enn þá að hitta fólk persónulega þótt verslunin sé ekki opin lengur. Fyrir vikið hef ég meiri tíma fyrir fjölskylduna svo kannski hefur þetta verið lán í óláni. Það á eftir að koma í ljós.“

## GLÖÐ MAMMA BETRI MAMMA

Marín Manda segir mun færri Íslendinga á ferli í Danmörku í dag en áður en efnahagskreppa skall á. „Já, miklu færri. Á síðasta ári voru bestu kúnnarnir mínir Íslendingar en það hefur breyst, skiljanlega. Þó eru margir Íslendingar að skella sér til Kaupmannahafnar í svokallaða upplifunarferð og þá minna sem verslunarferð. Nú eru engir

## ✻ bak við tjöldin



**Stjörnumerki:**
Vatnsberi með meiru.

**Besti tími dagsins:**
Er þegar allt gengur að óskum.

**Geisladiskurinn í spilaranum:**
AMPOP

**Uppáhaldsverslunin:**
Forvandlingskuglen og OZ.



**Uppáhaldsmaturinn:**
Austurlenskur, sushi eða taímatur.

**Líkamsræktin:**
hmm … að labba um bæinn með börnin á herðunum eða hjóla.

**Mesta dekrið:**
Að fara í Zoneterapy og einnig nudd hjá Nímat.

**Mesta freistingin:**
Að skjótast til Barcelona í smá frí.

**Ég lít mest upp til …**
Forfeðra minna. Svo finnst mér líf Baracks Obama algjörlega hægt að taka til fyrirmyndar.

**Áhrifavaldurinn?**
Tvímælalaust foreldrar mínir, hvort á sinn eigin máta.

**Draumafríið?**
Þegar við Danny förum til Máritíus. Einnig er yndislegt á Toskana á Ítalíu.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?**
Óþarfa.






TILVERAN getur verið streitulaus...



infinite prime

ÁTTU SUMARBÚSTAÐ?

BJÓÐUM UPP Á VÖNDUÐ GSM ÖRYGGISKERFI SEM HENTA VEL ÞAR SEM EKKI ER SÍMALÍNA, T.D. Í SUMARBÚSTÖÐUM

Fullkomin öryggiskerfi með miklum möguleikum og þráðlausum skynjurum. Henta vel fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki og fást í mörgum útfærslum. Uppsetning í boði ef óskað er.




MEÐAL MÖGULEIKA:
- REYKSKYNJARI
- VATNSSKYNJARI
- HITASKYNJARI
- GASSKYNJARI
- ÖRYGGISHNAPPUR

ÖRYGGI ÁN MÁNAÐARGJALDA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 • 2009
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

GEÐHJÁLP
í 30 ár
FÖSTUDAGUR 27. MARS 2009



**ANDLEG SJÁLFSVÖRN**

Sigursteinn Másson fer yfir grunnþætti andlegrar heilsu í fyrirlestrum á vegum Geðhjálpar. *Síða 2*



**DÝRMÆTT STARF**

Valgerður Baldursdóttir, yfirlæknir á Reykjalundi, telur að bráðavinna hafi verið efld undanfarin ár. *Síða 7*



**RÉTTINDI FATLAÐRA**

Talsmenn flokkanna ræða löggjöf um málefni fatlaðra. *Síður 8-9*



**ÞROTLAUS VINNA SKILAR SÉR AÐ LOKUM**

Vala Lárusdóttir segir stuðning aðstandenda geðsjúkra og fagaðila mikilvægan. *Síða 11*



Viðhorf í garð geðsjúkdóma hefur batnað að mati Sigmundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þykir eðlilegt að leita hjálpar

**Vöxtur geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi hefur að mati Sigmundar Sigfússonar geðlæknis verið nokkuð jafn fyrir utan bakslag sem varð við sameiningu í kringum síðustu aldamót og lokun dagdeildar á Akureyri nú í febrúar.**

„Ef tekin eru þrjátíu ár í þróun geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi þá var nokkuð jafn vöxtur fram undir árið 2000, ef við tölum bæði um geðdeild Landspítalans og hér fyrir norðan. Síðan var farið að skera niður fyrir sunnan og þá beið þjónustan þar töluverða hnekki. Það var þó ekki fyrr en í febrúar að dagdeildinni var lokað tímabundið á Sjúkrahúsinu á Akureyri,“ segir Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir geðdeildar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, spurður út í íslenska geðheilbrigðisþjónustu síðustu ára.

**JAFN VÖXTUR EN SVO BAKSLAG**

„Þegar geðdeild Borgarspítalans var sameinuð geðdeild Landspítalans fækkaði plássum og var það í raun og veru mikið áfall fyrir þessa þjónustu sem hafði fengið að vaxa jafnt og þétt fram að því,“ segir Sigmundur alvörugefinn og heldur áfram: „Við hér fyrir norðan höfum hins vegar alltaf verið nokkuð vel sett. Hér er mun færra fólk og góðir samstarfsaðilar bæði í félagsþjónustu sveitarfélaga og heilsugæslunni. Þjónustan er því einfaldari í sniðum og skýrara hvert skal leita aðstoðar. Reykjavík varð langt á eftir í þróun heilsugæslustöðva miðað við landsbyggðina og fólk galt fyrir það.“

Sigmundur starfaði á geðdeild Landspítalans þangað til hann fór norður árið 1984 og fann töluverðan mun á starfinu. „Mun einfaldara var að eiga samstarf við þá aðila sem þjónuðu líka okkar skjólstæðingum hér fyrir norðan og vil ég meina að þar hafi skipulagið sitt að segja, en auðvitað fámennið líka.

**SMÆRRI EININGAR Í ÞJÓNUSTU**

Fólk kemur fyrr til okkar og hef ég bent á að fyrir sunnan mætti hverfaskipta meira og hafa þjónustueiningar til að gera þetta viðráðanlegra,“ segir hann og nefnir að hann þyki stundum sérvitur í þessum málum. „Ég myndi vilja fá eins konar samfélagsgeðheilbrigðisstöðvar tengdar heilsugæslunni víðar en í Reykjavík og á Akureyri. Hef ég gert tillögur um að tengja þjónustuna stöðum þar sem eru 15-20.000 manna upptökusvæði og skipta svæðum þannig niður á höfuðborgarsvæðinu líka. Þetta er fyrirmynd frá Norðurlöndunum og reyndar Bretlandi líka, að hafa göngu- og dagdeildir ekki endilega á spítalalóðum. Auðvitað ætti að byrja



**Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.**

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

FRAMHALD Á SÍÐU 6



Hope segir mikilvægt að fólk finni þýðingarmikið hlutverk í lífinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Þjónustan breyst til batnaðar á 30 árum

Geðhjálp hefur nú starfað í 30 ár. Hope Knútsson iðjuþjálfi fluttist til Íslands frá New York árið 1974 en hún var formaður Geðhjálpar á árunum 1981 til 1986. „Ég starfaði sem geðiðjuþjálfi í New York. Ein ástæða þess að ég flutti til Íslands var að stofna námsbraut í iðjuþjálfun en ég er með BA-próf í sálfræði og heimspeki og mastersspróf í iðjuþjálfun,“ segir Hope sem vann fyrstu árin á Íslandi sem geðiðjuþjálfi á Kleppsspítala.

„Mér ofbauð það sem ég sá við vinnu mína á Kleppi en meðferðirnar sem boðið var upp á voru tuttugu árum á eftir í tíma. Mér fannst geðheilbrigðiskerfið mannskemmandi, bæði fyrir sjúklingana og starfsfólkið. Ég vildi ekki taka þátt í svona kerfi og hætti eftir rúmlega tveggja ára vinnu. Ég vildi starfa úti í samfélaginu og hjálpa fólki að byggja sig upp í sínu venjulega umhverfi.“

Meðfram því að taka þátt í að stofna Iðjuþjálfafélag Íslands, vann hún að hugsjónastarfi fyrir Geðhjálp, meðal annars við uppbygginguu þjónustu sem byggðist á sjálfshjálparhugmyndafræði. „Við komum á fót félagsmiðstöð og stofnuðum sjálfshjálparhópa fyrir sjúklinga og aðstandendur. Einnig stóðum við fyrir mánaðarlegum fyrirlestrum um geðheilbrigðismál og fengum fastan dálk í Morgunblaðinu um reynslu fólks af geðheilbrigðismálum og þjónustunni og beittum okkur fyrir breytingum varðandi geðheilbrigðismál hjá borginni og á landsvísu,“ segir Hope.

Eftir að starfi hennar fyrir Geðhjálp lauk hefur hún unnið að fjölmenningarmálum en hún stofnaði meðal annars Félag nýrra Íslendinga. Hope er nú formaður Siðmenntar, félags siðrænna húmanista, en hvernig blasir staða geðheilbrigðismála við henni í dag? „Mér finnst þjónustan fyrir geðfatlaða vera betri en fyrir þrjátíu árum því hún er fjölbreyttari. Þó er langt í land að hún sé viðunandi. Það þarf fleiri úrræði varðandi búsetu, atvinnu- og félagsmál. Enn er lögð alltof mikil áhersla á geðlyf sem hjálpa ekki öllum og eru alls ekki nóg til að ná bata. Fólk þarf að finna aftur þýðingarmikið hlutverk í lífinu.“ *- rat*



Hope Knútsson var formaður Geðhjálpar á upphafsárum félagsins. Hún segir þjónustu við geðfatlaða hafa breyst mikið til batnaðar síðustu þrjátíu árin en enn sé þó langt í land. MYND/ÚR EINKASAFNI



Svanur ákvað að beita kröftum sínum í þágu geðsjúkra þegar sonur hans veiktist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Von um betra líf skiptir mestu máli

**Svanur Kristjánsson hefur orðið var við jákvæða viðhorfsbreytingu í garð geðsjúkra á undanförnum árum enda eiga þeir góða von um bata og betra líf.**

Svanur Kristjánsson, prófessor og fráfarandi formaður Geðhjálpar, segir ýmislegt hafa breyst til batnaðar í málefnum geðsjúkra á undanförnum árum. „Þar ber helst að nefna nýlegan þjónustusamning á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar sem felur í sér að borgin mun sjá um framkvæmd allrar þjónustu við geðfatlaða, en sams konar samningar hafa verið gerðir við fleiri sveitarfélög. Þeir tryggja heildstæða þjónustu við geðsjúka og draga úr líkum á því að þeir velkist á milli kerfa,“ segir hann.

„Þá hef ég orðið var við jákvæða viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu í garð geðsjúkra. Ég held að margir líti orðið svo á að þó einhver veikist af geðsjúkdómi þá er mikil von um bata. Aðalatriðið er að horfa á hvern einstakling fyrir sig og hvað hann getur í stað þess að líta á takmarkanir hans.“ Svanur segir þó að víða megi gera betur og finnst til að mynda ófært að sálfræðiþjónusta skuli ekki vera niðurgreidd líkt og önnur sérfræðiþjónusta. „Við höfum barist kröftuglega fyrir því að fá þessu breytt en ekkert orðið ágengt.“

Svanur hefur setið í stjórn Geðhjálpar í fimm ár og gegnt starfi formanns síðustu tvö ár. En hvað kom til að hann ákvað að beita kröftum sínum í þágu geðsjúkra? „Sonur minn veiktist af alvarlegum geðsjúkdómi. Ég hafði föður minn, Kristján Jónsson, sem fyrirmynd en hann var einn af forvígismönnum Þroskahjálpar. Bróðir minn heitinn var þroskaheftur og fylgdist ég með því hvernig faðir minn beitti þekkingu sinni og krafti í félagi við aðra til að ná fram úrbótum. Ég vildi því leggja mitt af mörkum en auk þess að græða eigin sár enda veikjast aðstandendur geðsjúkra líka.“

Syni Svans hefur vegnað vel. „Mestu skiptir að fólk hafi von um betra líf. Það þarf að byggja hvern einstakling upp út frá eigin forsendum og er mikilvægt að aðstandendur standi þétt og að þeir sem veikjast hafi aðgang að góðu fagfólki.“ *- ve*

# Leiðir til að verjast áreiti

Geðhjálp hefur undanfarnar vikur staðið fyrir fyrirlestrum um andlega sjálfsvörn. Í þeim fer Sigursteinn Másson, varaformaður stjórnar Geðhjálpar, yfir grunnþætti andlegrar heilsu og leiðir til að verjast neikvæðu andlegu áreiti eða hugsunum. Fyrirlestrarnir taka um 30 mínútur og henta til dæmis í hádegishléum fyrirtækja og stofnana, en Sigursteinn hefur bæði haldið þá í Reykjavík og á Akureyri.



Áhersla er á tengsl líkamlegrar og andlegrar heilsu og sjálfsvarnar.

„Ég legg áherslu á tengsl líkamlegrar og andlegrar heilsu og sjálfsvarnar. Þetta er eins konar andsvar við tvíhyggjunni sem hefur gætt hér á landi síðastliðna áratugi og vil ég síður hólfa hlutina niður í líkama og sál, andlegt og veraldlegt. Ég legg áherslu á samhengið þarna á milli en oft á fólk auðveldara með að skilja hið áþreifanlega og þar af leiðandi hið líkamlega. Ég reyni að ná utan um það hvernig við getum yfirfært það yfir á hið andlega.“

Sigursteinn kemur í fyrirlestrinum inn á ýmis tæknileg atriði. „Fólk vill ýmist ná föstum tökum á ákveðnum atriðum eða ýta þeim frá sér og losna undan einhverju taki sem einhver eða eitthvað hefur á því og eru ýmsar leiðir til þess.“

Fyrirlestrarnir henta jafnt þeim sem glíma við andlega erfiðleika sem öðrum og eiga sérstakt erindi nú þegar margir upplifa ótta og kvíða. Hægt er að panta fyrirlestur hjá Geðhjálp í síma 570 1700 eða með því að senda póst á gedhjalp@gedhjalp.is *- ve*



Í fyrirlestrunum fer Sigursteinn yfir grunnþætti andlegrar heilsu og leiðir til að verjast neikvæðu andlegu áreiti eða hugsunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Útgefandi:** Geðhjálp | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sveinn Magnússon | **Netfang:** gedhjalp@gedhjalp.is | **Texti:** Hrefna Sigurjónsdóttir, Kjartan Guðmundsson, Sólveig Gísladóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir og Vera Einarsdóttir.
| **Forsíða:** Gunnar V. Andrésson og Heiða.is | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir, sími: 512 5462.







# Mikilvægasta manneskja í heimi

Nú getur þú sent persónuleg frímerki með boðskortinu í fermingarveisluna. Á frímerkið getur þú valið mynd úr þínu eigin myndasafni og skreytt umslagið með frímerki sem kemur á óvart. Það eina sem þú þarft að gera er að fara á **www.postur.is**, velja mynd sem þú hefur skannað inn eða tekið á stafræna myndavél og við sendum þér frímerkin innan fimm daga.

Þú færð persónuleg frímerki á **www.postur.is**

Frímerkin mín

PÓSTURINN
allur pakkinn

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 09-0439












Á ráðstefnunni verður meðal annars fjallað um hlutverk aðstandenda í heilbrigði geðfatlaðra. MYND/GETTY IMAGES



Markmið ráðstefnunnar er að fá þjónustuveitendur á geðheilbrigðissviði, notendur þjónustunnar og aðstandendur þeirra og fleiri til að deila sjónarmiðum sínum.

# Nýjar lei brigðisþ

**Norræn ráðstefna um geðheilbrigðismál verður haldin á Akureyri í maí. Ráðstefnan ber yfirskriftina Ný viðhorf - Besta geðheilbrigðisþjónustan.**

Ráðstefnan fer fram dagana 7. til 8. maí næstkomandi á Akureyri og byggir dagskráin á fyrirlestrum og vinnuhópum þar sem áhersla verður lögð á fyrirmyndarþjónustu í geðheilbrigðismálum. Einblýnt verður á það sem vel hefur tekist í geðheilbrigðismálum en ekki það sem aflaga hefur farið.

Markmiðið að sameina þjónustuveitendur á geðheilbrigðissviði, notendur þjónustunnar og aðstandendur þeirra og rannsakendur á geðheilbrigðissviði til að deila sjónarmiðum sínum og þekkingu. Ráðstefnan verður sett miðvikudaginn 6. maí á Hótel KEA en undirbúningur hennar hefur staðið allt síðasta ár. Að ráðstefnunni standa Geðhjálp, Norræna velferðarráðið og Norræni lýðheilsuskólinn í Gautaborg.

Þau sveitarfélög sem þykja skara fram úr hvað varðar geðheilbrigðismál að mati Geðhjálpar og systrafélögum þess á Norður-


# Við þökkum stuðninginn

Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Starfsgreinasamband Íslands, Sætúni 1
Starfsmannafélag Reykjavíkur, Grettisgötu 89
Staukur ehf, Skipholti 56
Stepp ehf, Ármúla 32
Stólpi ehf, Klettagörðum 5
Strætó bs, Þönglabakka 4
Sökkull ehf, Funahöfða 9
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Síðumúla 25
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsmíðaverkstæðið ehf, Síðumúla 27a
Terra Export ehf, Ljósuvík 38
Teymi ehf, Suðurlandsbraut 18
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, Engjateigi 1
Trausti Sigurðsson tannlæknir, Síðumúla 15
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Túnverk ehf, Jónsgeisla 45
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
Útflutningsráð Íslands, Borgartúni 35
Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf, Eldshöfða 21
Veiðiþjónustan Strengir, Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso, Þingholtsstræti 1
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Brynja ehf, Laugavegi 29
Vímulaus æska, foreldrahús, Borgartúni 6
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
Ögurvík hf, Týsgötu 1
Seltjarnarneskirkja, Kirkjubraut 2
V.P.vélaverkstæði ehf, Iðndal 6
Léttfeti ehf - Sendibíll, Engihjalla 1
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf, Smiðjuvegi 22
Bílamálunin Varmi ehf, Auðbrekku 14
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
Debenhams á Íslandi ehf, Hagasmára 1
dk hugbúnaður ehf., dk.is, Hlíðasmára 17
Fagsmíði ehf, Kársnesbraut 98
Goddi ehf, Auðbrekku 19
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Hegas ehf, Smiðjuvegi 1
Ingimundur Einarsson ehf málari, Trönuhjalla 1
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b
Kópavogsbær, Fannborg 2
Malbikun H.G. ehf, Kópavogsbraut 4
Málning hf, Dalvegi 18
S.Guðjónsson ehf, Auðbrekku 9-11
Stífluþjónusta Bjarna ehf, Digranesheiði 29
Strikamerki hf, Hlíðasmára 12
Suðurverk hf, Hlíðarsmára 11
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c
Tempó- innrömmun sf, Hamraborg 1
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6
Vetrarsól, Askalind 4
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf, Dalvegi 16d
Þakplan ehf, Smiðjuvegi 11e
Þöll, trésmiðja ehf, Auðbrekku 14
Berg Group Iðntækni ehf, Lyngási 13
Bókasafn Garðabæjar, Garðatorgi 7
G.M. Byggir ehf, Krókamýri 58
Garðabær, Garðatorgi 7
Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
Hitakerfi ehf, Eskiholti 21
Hjallastefnan ehf, Vífilstaðavegur 123
Hjúkrunarheimilið Holtsbúð, Holtsbúð 87
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Wurth á Íslandi ehf, Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2
El-Bike - Rafmagns reiðhjól, Melabraut 22
Endurskoðun Ómars Kristjánssonar slf, Bæjarhrauni 8
Heiðar Jónsson, járnsmíði, Skútahrauni 9
Héðinn Schindler lyftur hf, Gjótuhrauni 4
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Opal Seafood ehf, Grandatröð 8
Rafgeymasalan ehf, verkstæði, Dalshrauni 17
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
RST Net ehf, Álfhellu 6
S J trésmiðja ehf, Melabraut 20
Stafræna hugmyndasmiðjan ehf - sími 554 2100, Bæjarhrauni 22
Stál - Orka ehf, Hvaleyrarbraut 37
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkþjónusta Kristjáns ehf, Reykjavíkurvegi 68
Ásberg fasteignasala ehf, Hafnargötu 27
DMM Lausnir ehf, Iðavöllum 9b
Fitjavík ehf, Fitjum
Grímsnes ehf, Háseyla 36
Hársnyrtistofan Hár-inn, Hafnargötu 44
ÍAV þjónusta ehf, Klettatröð bygging 2314
Íslenska félagið ehf, Iðavellir 7a
Keflavíkurkirkja, Kirkjuvegi 25
Málverk sf, Skólavegi 36
OSN lagnir ehf, Iðavöllum 4a
Rafiðn ehf, Víkurbraut 1
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Iðavöllum 12
Tannlæknastofa Einars Magnúss ehf, Skólavegi 10
Tannlæknastofan, Tjarnargötu 2
Tréborg sf, Efstaleiti 28
Tæknivík ehf, Grófinni 14b
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Hafnargötu 80
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Wyeth · LYFJA · mentis cura · RIS · init · Lyfjaver Apótek · Norðurál · SORPA Flokkum og skilum · SYTRA ehf

# ðir við geðheil-jónustu kynntar



Danuta Wasserman, prófessor við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð, flytur erindi á ráðstefnunni en hún hlaut norrænu lýðheilsuverðlaunin 2008 meðal annars fyrir fyrirbyggjandi starf gegn sjálfsvígum tengdum geðsjúkdómum. MYND/EVA WERNLID



Ráðstefnan verður sett miðvikudaginn 6. maí á Hótel KEA á Akureyri. Næstu tvo daga verða haldnir fyrirlestrar og fundað í vinnuhópum þar sem leitað verður nýrra leiða að fyrirmyndarþjónustu í geðheilbrigðismálum. MYND/BJARNI EIRÍKSSON

löndunum verða kynnt en fyrirlesarar koma frá Norðurlöndunum og Evrópu. Frummælendur verða: Tor-Johan Ekeland, prófessor við háskólann í Volda í Noregi, Kristian Wahlbeck, prófessor við THL-National Institute for Health and Welfare í Finnlandi og Danuta Wasserman, prófessor við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð, en hún fékk meðal annars norrænu lýðheilsuverðlaunin árið 2008 fyrir árangursríkt starf gegn geðsjúkdómum og sjálfsvígum.

Alain Topor, prófessor við Stokkhólmsháskóla, kemur einnig fram en Topor hefur áður flutt erindi hérlendis. Topor vann meðal annars að því að afstofnanavæða geðheilbrigðiskerfið í Svíþjóð og kom á þróun samfélagslegra úrræða og einstaklingsmiðaðrar umönnunar. Einnig tala á ráðstefnunni Roberto Mezzina, stjórnandi WHO Collaborating Centre í Trieste á Ítalíu og Karin Ringsberg og Stefan Thorpenberg prófessorar frá Svíþjóð.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Geðhjálpar, www.gedhjalp.is og þar er hægt að skrá þáttöku á ráðstefnuna allt til 5. apríl. *- rat*



Góð geðheilsa einkennist meðal annars af virkri þátttöku í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Um geðheilbrigði

Skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO) á heilbrigðum einstaklingi er eftirfarandi: Einstaklingur sem býr við líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.

Forsendur fyrir slíkri vellíðan er geta einstaklingsins til að mæta kröfum umhverfisins og uppfylla eigin þarfir og væntingar. Almennt er talað um mikilvægi þess að huga að heilsunni og þegar við heyrum það hugsum við flest um líkamlega heilsu. Geðheilbrigði er hluti af almennu heilbrigði, en það fær oft litla umfjöllun, bæði á opinberum vettvangi og samtölum fólks.

**GÓÐ GEÐHEILSA EINKENNIST AF ÞVÍ AÐ:**

- hafa jákvæða sjálfsmynd
- vera virk(ur) og nota bjargráð sín
- taka sjálfstæðar ákvarðanir
- einangra sig ekki
- vera rauntengdur með getu til samhygðar
- geta tengst djúpum tilfinningaböndum

Geðraskanir, sem eru raskanir á geðheilbrigði, eru algengar og hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Meðferð, hugmyndafræði og viðhorf til geðraskana tengjast menningu og aðstæðum hverju sinni.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur að 22-24 prósent Vesturlandabúa þjáist af geðheilbrigðisvanda einhvern tíma á ævinni. Geðraskanir kosta íslensku þjóðina um 30 milljarða á ári hverju ásamt því að höggva stór skörð í mannauð þjóðarinnar.

Upplýsingar um geðraskanir má finna á www.gedhjalp.is/content/view/68/

*Tekið af vefsíðu Geðhjálpar. Unnið upp úr efni frá Guðbjörgu Sveinsdóttur geðhjúkrunarfræðingi.*












Sigurvegarar Geðhlaups Geðhjálpar árið 2005.

MYNDIR/GEÐHJÁLP




Hlaupið af stað í Geðhlaupi árið 2005.



Stofnfundur Landsbyggðadeilda Geðhjálpar árið 2006.



Á Túngötu 7 er skrifstofa Geðhjálpar og félagsmiðstöð.



Að loknu geðsjósundi í Nauthólsvík.



Lúðrasveit fer fyrir Geðgöngunni niður Laugaveg árið 2005.

smátt og prófa sig áfram en þessi þjónusta á ekki endilega að vera tengd spítalastofnunum, þó vissulega þurfi að vera góð samvinna þar á milli. Þarna er ágreiningur innan fagstéttarinnar.“

### DAGDEILDARÞJÓNUSTAN MIKILVÆG

Þrátt fyrir að afturkippur hafi orðið í þróun geðheilbrigðisþjónustunnar með niðurskurði þá vill Sigmundur meina að þó hafi átt sér stað innri þróun. „Göngudeildarþjónusta í Reykjavík hefur aukist og dagdeildarþjónustan fékk að lifa áfram. Hún mætti þó vera meiri og þykir í raun vaxtarbroddur alls staðar annars staðar en hér á land.“ Að sögn Sigmundar hefur verið erfitt síðustu þrjú til fjögur árin að geta ekki sinnt öllum beiðnum um göngudeildarþjónustu. „Við tökum eingöngu við fólki á göngudeild eftir tilvísunum og er það það mest frá heilsugæslunni og bráðamóttöku. Fram á þetta ár hafa alltaf einhverjir gengið af en hingað til höfum við getað sinnt öllum innlagnarbeiðnum. Fækkun plássanna fyrir sunnan hefur hins vegar komið niður á legudagafjöldanum, fólkið staldrar styttra við en væri faglega nauðsynlegt.“

Þegar heil dagdeild er lögð niður er vissulega dregið úr þjónustu við geðsjúka. Þó svo hún sé einungis hluti af þeirri geðheilbrigðisþjónustu sem veitt er þá þarf hún að vera til staðar. „Dagdeildir auka lífsgæði og sjálfsbjargarmöguleika fólks og nýtast vel þeim sem verst eru staddir. Okkar fyrirmynd var dagdeild Landspítalans við Skólavörðustíg í Hvítabandinu, þar næst góður árangur,“ segir Sigmundur ákveðinn. Á dagdeildunum fer fram iðjuþjálfun, hópmeðferð og hugræn atferlismeðferð sem margir hafa tileinkað sér. „Unnið er með ýmsa kvíðasjúkdóma í hópum og jafnvel þunglyndi. Veikasta fólkið fær stuðningsmeðferð en þarna koma að ýmsir sérfræðingar eins og læknar, sálfræðingar, iðjuþjálfar og hjúkrunarfræðingar,“ útskýrir hann.

### VATNASKIL Á LANDSPÍTALALÓÐ

Um 1980 varð að sögn Sigmundar algjör breyting þegar geðdeild Landspítalans varð að veruleika, en hún var byggð á árunum 1974 til 1983. „Miklu máli skipti að geðdeild Landspítalans var reist á Landspítalalóðinni gegn mikilli andstöðu lækna. Þar má nafn Tómasar Helgasonar, fyrrverandi yfirlæknis á Kleppi, heyrast en hann var eitilharður í þessari baráttu og hafði sigur með yfirvöldum. Þá varð geðdeildin hluti af almennum spítala en þannig hafði það verið á Borgarspítala frá 1970 og á Akureyri frá upphafi ársins 1973. Ef maður lítur á þessa tæpu þrjá áratugi þá finnum við sem vinnum í þessu að viðhorf almennings og jafnvel stjórnmálamanna til geðheilbrigðisþjónustu hafa breyst til hins betra. Geðhjálp þykir nú eðlilegur hluti af heilbrigðisþjónustu og hefur ekki þá sérstöðu sem áður var í hugum fólks, enda voru deildirnar það litlar sem sáu um þjónustuna þannig að ekki var hægt að hjálpa nema þeim allra veikustu. Þá táknaði Kleppur allra veikasta fólkið en í dag sinnum við mun breiðari hópi og verkefnum sem okkur óraði ekki fyrir að yrðu á okkar borði. Má þar nefna alls konar lífskreppur og lífsvanda. En þar koma fleiri starfsstéttir inn auk geðlækna og hjúkrunarfræðinga og nýtast þeir kraftar vel,“ segir hann einlægur og nefnir að einkum séu viðhorf fólks undir fertugu allt önnur en áður var. „Þó glittir enn í fordómana, ekki síst hjá samstarfsfólki okkar í öðrum sérgreinum, eins skrítið og það er,“ segir Sigmundur og brosir.

**Geðsjúkdómar eru ekki lengur eins dularfullir í hugum fólks og nálægðin inni á spítalalóðunum** hefur meðal annars orðið til þess að breyta viðhorfinu,“ segir Sigmundur.

### METNAÐUR Í STARFI

Sífellt heyrist sú gagnrýni að of litlu sé varið til geðheilbrigðisþjónustu en þó telur Sigmundur að mikill metnaður sé hjá fagaðilum að skapa góða endurhæfingu á landsvísu fyrir geðsjúka. „Þrátt fyrir alla kreppu og samdrátt er eitthvað að fæðast til dæmis á Kleppslóðinni hvað varðar endurhæfingu. Þessi ofuráhersla á bráðaþjónustu er kannski ekki alveg rökrétt. Vissulega þarf hún að vera til staðar en því miður er oft talað eins og þetta sé það eina sem sé nauðsynlegt. Bráðaþjónustan er hins vegar mjög takmörkuð ef hlutunum er ekki fylgt eftir og þörf fyrir bráðaþjónustu verður aftur minni ef við veitum meðferð og þjónustu.“

Sigmundur telur einna helst þurfa að auka dagdeildarþjónustu, bæði fyrir norðan og sunnan. „Deilur hafa staðið um hvort sú þjónusta og endurhæfing ættu að vera frekar á vegum heilsugæslunnar og sveitarfélaga en á vegum bráðaspítala. Þjónustan þarf í það minnsta að vera til og rekin af fagmenntuðu fólki. Ég vil benda á öflugt starf og endurhæfingu Reykjalundar þar sem unnið er meðal annars að endurhæfingu geðsjúkra. Þar er biðlisti sem aldrei tæmist.“

### VERT AÐ BYRGJA BRUNNINN

Vart hefur orðið við vaxandi fíkniefna- og áfengisvanda hjá geðveikum. „Um helmingur af illa geðveiku fólki glímir líka við einhvern fíkniefnavanda og erum við í miklu samstarfi við stofnanir eins og SÁÁ. Það eina sem ég hef við þær góðu stofnanir að athuga er að unglingar skuli ekki fá að byrja á barna- og unglingageðdeild áður en þeir eru settir í áfengismeðferðarprógramm því fíkniefnavandi unglinga er oft einkenni um annan vanda sem þarf að taka á,“ segir Sigmundur og nefnir að vart hafi orðið við óskiljanlegan vöxt í greiningum á ofvirkni og einhverfu. „Ekki hefur orðið svona mikil aukning hjá fullorðnum í neinum sjúkdómaflokki nema við sjáum mun fleiri kvíðasjúklinga sem eflaust voru til áður en hafa nú greiðari aðgang að sérhæfðri þjónustu eins og þeirri er sálfræðingar bjóða upp á. Hins vegar eru sálfræðingar ekki enn í tryggingakerfinu og eru því bara í boði fyrir þá sem hafa efni á að greiða þeim.“

### AUKIN LYFJANOTKUN

Um 80 prósent af öllum geðrænum vanda fer ekki lengra en til heilsugæslunnar en einungis um 20 prósent enda hjá geðlæknum. „Þannig verður það alltaf. Erfiðustu og langvinnustu tilfellin fara til okkar. Sumir undrast að mest magn geðlyfja komi frá heilsugæslulæknum en það er einfaldlega vegna þess að þeir stunda langflesta sjúklinga sem eru með geðrænan vanda,“ segir Sigmundur en viðurkennir að gagnrýni á ofnotkun lyfja eigi þó rétt á sér. „Halda þarf vel utan um lyfjameðferð og tímabinda hana. Við þurfum aðhald og gagnrýna umræðu alla tíð en að vísu eru margir sjúklingar sem þurfa á lyfjum að halda svo þeim sé fært að njóta annarrar þjónustu. Þá er ég að tala um þá allra veikustu sem eru kannski einn tíundi hluti þeirra sem stríða við geðræna erfiðleika. Þetta er gott hvað með öðru og nauðsynlegt að fara ekki í öfgarnar í sitthvora áttina,“ segir hann en önnur skýring á aukinni lyfjanotkun er að lyfin hafa batnað og fleiri leita sér hjálpar.

„Geðsjúkdómar eru ekki lengur eins dularfullir í hugum fólks og nálægðin inni á spítalalóðunum hefur meðal annars orðið til þess að breyta viðhorfinu,“ segir Sigmundur ánægður. - hs

# Markviss þróun nauðsynleg

**Á Reykjalundi er unnið dýrmætt starf við endurhæfingu og er þar að finna geðsvið sem Valgerður Baldursdóttir stýrir. Hún telur að helst vanti upp á þverfaglega eftirfylgd í geðheilbrigðiskerfinu en nefnir að bráðavinna hafi verið efld á undanförnum árum.**

Reykjalundur er endurhæfingarmiðstöð og snýr þjónustan að því að bæta færni fólks til þátttöku í samfélaginu og auka lífsgæði. „Geðsviðið er ekki bráðadeild heldur eitt af sviðunum á Reykjalundi. Þeir sem til okkar koma þurfa ekki á bráðageðdeild að halda en hjá þeim langveiku sem til okkar koma hefur önnur þjónusta úti í samfélaginu ekki dugað til. Sumir eru öryrkjar og þurfa aðstoð við að bæta almennt færni í daglega lífinu. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar einstaklingarnir hafa mikilvægum hlutverkum að gegna svo sem foreldrahlutverkinu. Til okkar kemur líka fólk sem hefur gengið í gegnum áföll eða alvarleg geðræn eða líkamleg veikindi. Töluvert er leitað til okkar með ungt fólk á aldrinum 18 til 25 ára sem nær ekki að fóta sig í lífinu af ýmsum ástæðum og hefur ekki í nein hús að venda með að fá hjálp,“ útskýrir Valgerður Baldursdóttir, yfirlæknir á Reykjalundi.

### TEYMISVINNA FAGHÓPA

Sex faghópar eru í því teymi sem vinnur að endurhæfingu sjúklinga með geðræn vandamál á Reykjalundi. „Endurhæfingarprógrammið er sérsniðið að hverjum og einum en því miður höfum við ekki svigrúm til að hafa fólk mikið lengur en fjórar til sex vikur, þar sem þjónustusamningur Reykjalundar kveður á um þann fjölda sem við eigum að sinna á hverju ári. Sumir þurfa meira og stundum brjótum við þessa reglu, en það er undantekning,“ segir Valgerður. „Reykjalundur hóf snemma að taka á móti geðsjúkum. Hér áður fyrr var meira um langtíma endurhæfingu fyrir fólk sem glímdi við alvarlega geðsjúkdóma en undanfarin ár er þunglyndi og kvíði sá vandi sem flestir eiga við að stríða,“ segir hún.

### SAMVINNA OG EFTIRFYLGD

Sem dæmi um það sem stendur til boða utan stofnana á Reykjavíkursvæðinu má nefna sérstakt geðheimahjúkrunarteymi. „Við erum í samstarfi við þetta teymi en sú samvinna er nýtilkomin og nær aðeins til fárra einstaklinga enn sem komið er. Einnig eru sjálfstætt starfandi geðhjúkrunarfræðingar, bæði með fullorðna og börn, en þetta eru einungis tveir aðilar mér vitanlega. Við vísum til framhaldsendurhæfingar í Janus endurhæfingu, Hugarafl, Hlutverkasetur, klúbbinn Geysi, Hringsjá, Fjölmennt og fleira auk auðvitað heilsugæslunnar og þeirra fagaðila sem starfa sjálfstætt á stofu, það er lækna, sálfræðinga og fleiri. Við höfum verið dugleg við að kynna okkur það sem er í boði,“ segir Valgerður og bætir við að nauðsynlegt sé að ástunda góða samvinnu. „Ekki dugar nærri öllum að mæta í viðtöl til einstaklings, oft þarf meira átak til að viðhalda og efla endurhæfingu einstaklingsins.“

Að sögn Valgerðar þurfa margir á meiri og þverfaglegri eftirfylgd að halda en stendur til boða. „Ég held að helst vanti upp á það. Það eru ýmis góð úrræði til en þau eru ekki nægilega samhæfð og það skortir ábyrga yfirsýn yfir heildræna endurhæfingu einstaklinga til lengri tíma utan stofnana,“ segir Valgerður ákveðin og nefnir að Reykjalundur reyni að gefa sem flestum tækifæri til að koma að minnsta kosti einu sinni. „Við horfum til dæmis til ungs fólks sem kemst hreinlega ekki út í lífið.“ Langir biðlistar eru á Reykjalund en ekki er unnið með eldri beiðnir en ársgamlar, enda marklaust að safna upp margra ára biðlista til endurhæfingar. „Okkar biðlisti núna eru því þær beiðnir sem við höfum fengið á undanförnu ári og höfum ekki náð að verða við. Síðastliðin ár höfum við ekki náð að sinna um þriðjungi þeirra beiðna sem okkar sviði berast og þurfum því miður að taka þær af lista eftir árið. Því þarf að endurnýja beiðnir að þeim tíma liðnum, ef enn er þörf á þjónustunni,“ útskýrir hún og nefnir að hver beiðni sé metin fyrir sig.

### HVAR ER POTTUR BROTINN?

Búið er að skera niður langtímapláss sem voru til staðar innan geðheilbrigðiskerfisins og má sem dæmi nefna Gunnarsholt, Arnarholt og einnig var plássum fækkað svo um munar á geðdeild Landspítala. „Meðferðarrými hafa því verið skorin niður en bráðamóttaka hefur verið efld. Hins vegar er vöntun á lengri tíma endurhæfingu, að koma fólki vel út í lífið. Sem stendur er sú eftirfylgd dreifð hér og þar eins og ég nefndi hér áður,“ segir Valgerður en hún telur af hinu góða að færa þjónustuna almennt nær notandanum. „Vissulega má spyrja sig hvar þjónustan á best heima. Maður hefur horft upp á öfluga faglega þjónustu hjá miðlægri einingu lagða niður til þess að færa þjónustuna út í hverfin. Í því tilviki hvarf mikil fagleg þekking og reynsla út úr kerfinu. Stundum er mikil skörun á milli þess sem félagsþjónustan veitir annars vegar og heilbrigðisþjónustan hins vegar og nú hefur það nýverið gerst að heimaþjónusta félagsþjónustunnar og geðheimahjúkrun eru komnar undir einn hatt hér á Reykjavíkursvæðinu. Mjög jákvætt er að samnýta krafta og hafa samvinnu þarna á milli, og er það skref í rétta átt,“ lýsir Valgerður.



Biðlistar á Reykjalund eru viðvarandi en Valgerður segir að ekki hafi náðst að sinna um þriðjungi beiðna sem berast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### BREYTT VIÐHORF

Viðhorfsbreyting hefur orðið í samfélaginu gagnvart geðsjúkdómum að mati Valgerðar. „Fagmenntuðu fólki hefur fjölgað til muna og nú er orðið viðurkenndara að leita sér aðstoðar. Fólk kemur vonandi fyrr í ferlinu en þarna skiptir bráðaþjónustan örugglega miklu máli. Bráðamóttaka er nauðsynleg en eins og gefur að skilja skiptir síðan meginmáli hvernig þetta kerfi kemur einstaklingunum aftur út í virka þátttöku í lífinu. Möguleikarnir innan endurhæfingar þurfa að vera fjölbreyttir,“ segir hún og bætir við: „Margt tengt endurhæfingu hefur orðið til fyrir atbeina eldhuga en það vantar heildræna áætlun um þróun geðheilbrigðisþjónustunnar. Sem dæmi má nefna að vinnuhópar um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu settu barna- og unglingageðlækningar ofarlega á blað að minnsta kosti í tvígang, en síðan vantar að gerðar séu framkvæmdaáætlanir sem unnið er eftir yfir lengri tíma af hálfu heilbrigðisyfirvalda. Því skortir skýrari heildarsýn og markvissa þróun og uppbyggingu hjá yfirvöldum,“ segir Valgerður.

Í maí er ráðgert að barna- og unglingageðdeild færist undir kvenna- og barnasvið í skipulagsbreytingum Landspítalans. Þá verður sviðum spítalans fækkað úr sex í tólf. „Málaflokkur geðsjúkdóma er víðtækur og þekkt er að mesta fjölgunin meðal öryrkja er örorka vegna geðrænna vandkvæða. Þarna er mikið samspil í því hvernig hlúð er að börnum og fjölskyldum og hvernig skóla-, heilbrigðis- og félagsmálakerfin taka á vanda barna. Samvinna ráðuneyta er því mikilvæg og brjóta þarf niður múra þar á milli.“

- hs

> Það eru ýmis góð úrræði til en þau eru ekki nægilega samhæfð og það skortir ábyrga yfirsýn yfir heildræna endurhæfingu einstaklinga til lengri tíma utan stofnana,“ segir Valgerður.



Endurhæfing á Reykjalundi miðar að því að skila fólki aftur út í lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**MARKMIÐIÐ MEÐ SAMNINGI ÞESSUM er að stuðla að því að fatlaðir njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir mannlegri reisn þeirra.“**

*Úr samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun.*

## BORGARAHREYFINGIN



● **SAMNINGURINN VAR**, þegar hann var samþykktur, tímamótasamningur varðandi stöðu þeirra sem eru skilgreindir fatlaðir. Ef það er mat Geðhjálpar að samningurinn sé lítt marktækur án þess að hann sé lögfestur þá hlýtur að verða að taka mark á því og lögfesta hann á næsta þingi í samstarfi við Geðhjálp og önnur samtök sem starfa náið með þeim er málið varða.

*Birgitta Jónsdóttir varaformaður Borgarahreyfingarinnar.*

## FRAMSÓKNARFLOKKUR



● **MAGNÚS STEFÁNSSON**, þáverandi félagsmálaráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins, undirritaði fyrir Íslands hönd Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun hinn 30. mars 2007 ásamt fulltrúum áttatíu annarra ríkja. Hann undirritaði einnig sama dag valfrjálsa viðbótarbókun samningsins sem ekki var undirrituð af hálfu allra samningsaðila. Í henni felst að aðildarríki sáttmálans viðurkenni að einstaklingar eða hópar sem telja að aðildarríki hafi ekki uppfyllt sáttmálann geti sent kvartanir til sérstakrar nefndar sem starfar á grundvelli hans enda hafi kæruleiðir innan aðildarríkisins verið tæmdar. Framsóknarflokkurinn styður fullgildingu samningsins og vill að það gerist sem fyrst.

*Einar Skúlason, framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins.*

# Fullgilding nauðsynleg

**Löggjöf um málefni fatlaðra á Íslandi er takmörkuð. Vonir stóðu til að breyting yrði á því þegar samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra var undirritaður árið 2007.**



Guðrún segir nauðsynlegt að fullgilda samninginn um réttindi fatlaðra til að ná fram breytingum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við stöndum okkur nokkuð vel á heimsvísu varðandi réttindi fatlaðra og lögðum því nokkra áherslu á að íslensk stjórnvöld myndu undirrita Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra fljótt og vel,“ segir Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Samningurinn var undirritaður um leið og þess gafst kostur hinn 30. mars árið 2007 og segir Guðrún að í því hafi legið viljayfirlýsing til að aðlaga íslensk lög að samningnum. „Íslensk löggjöf um málefni fatlaðra á Íslandi er mjög takmörkuð og í raun mjög fá ákvæði að finna um jafnan rétt fatlaðra til þátttöku í samfélaginu,“ segir Guðrún og bætir við að í samningnum sé fjallað mun ítarlegar um mörg atriði sem séu ekki beint tryggð í íslenskum lögum.

En hafa orðið einhverjar breytingar eftir undirritun samningsins? „Þótt samningurinn hafi verið undirritaður er ríkið ekki bundið af honum. Til þess að koma fram breytingum þarf að fullgilda samninginn og er það næsta skref,“ segir Guðrún og ítrekar að vinna fari fram í félagsmálaráðuneytinu til að athuga hverju þurfi að breyta í íslenskri löggjöf til að fullgilda samninginn. „Fullgilding merkir að Ísland hyggist breyta löggjöf í samræmi við samninginn,“ segir Guðrún en við fullgildingu binst Ísland einnig þjóðarrétti.

Síðasta og stærsta skrefið yrði síðan að lögfesta samninginn sem færi þá í íslensk lög. En hverjar eru líkurnar á að það gerist? „Undanfarin ár hefur loðað við að ekki hafa verið fullgiltir samningar sem skrifað hefur verið undir. Hins vegar varð ákveðin breyting nýverið þegar ákveðið var að fullgilda Palermo-bókunina í tengslum við mansal,“ segir Guðrún og bætir við að einnig sé ætlunin að lögfesta á næstunni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „Ég vona að það sama eigi við um Sáttmálann um réttindi fatlaðra, að hægt verði að lögfesta hann þegar reynsla verður komin á hann eftir nokkur ár,“ segir Guðrún sem telur að margt þurfi að taka til ítarlegrar skoðunar varðandi réttindi fatlaðra á Íslandi.

*- sg*


# Við þökkum stuðninginn

About Fish Íslandi ehf, Tryggvagötu 16
Aðalblikk ehf, Bíldshöfða 18
Alba gistiheimili, Eskihlíð 3
Allt fínt ehf, Hrísateigi 45
Arctic rafting, Þorláksgeisla 46
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Arkitektastofan OG ehf, Skúlatúni 2
Athygli ehf, Síðumúla 1
Álnabær hf, vefnaðarvöruverslun Tjarnargötu 17 Keflavík , og Síðumúla 32 Rvík
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Ballettskóli Sigríðar Ármann ehf, Skipholti 35
Bandalag háskólamanna, Borgartún 6
Batik ehf, Bíldshöfða 16
Betra líf ehf, Kringlunni 8
Bifreiðaverkstæði H.P. ehf, Hamarshöfða 6
Björnsbakarí ehf, Klapparstíg 3
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blómagallerí ehf, Hagamel 67
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2 A
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Breiðholtskirkja, Þangbakka 5
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
Brimrún ehf, Hólmaslóð 4
BSRB, Grettisgötu 89
Búseti hsf, Skeifunni 19
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf, Engjateigi 5
Danica sjávarafurðir ehf, Laugavegi 44
Dímon Lína ehf, Súðavogi 6
Drafnarfell ehf, Stórhöfða 35
Drífa - þvottahús ehf, Hringbraut 119
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 87
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnamóttakan hf, Gufunesi
Einar Jónsson Skipaþjónusta, Laufásvegi 2a
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Evrópulög ehf, Blönduhlíð 5
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Grensásvegi 13
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Félag eggjaframleiðenda - Hildur Traustadóttir, Bændahöllinni
Félag einstæðra foreldra, Vesturgötu 5
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Flísalagnir Afrims ehf, Torfufelli 30
Flísalist ehf, Baldursgötu 13
Fótaaðgerðarstofa Reykjavíkur ehf, Háaleitisbraut 58
Færeyska sjómannaheimilið, Brautarholti 29
Gjögur hf, Kringlunni 7
Guðjón Guðmundsson ehf, Víðihlíð 34
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gullsmiðjan í Mjódd, Álfabakka 14b
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin, Hrísateigi 47
Heimilisprýði ehf, Hallarmúla 1
Helga Guðmundsdóttir, Sólheimum 28
Henson hf, Brautarholti 24
HGK ehf, Laugavegi 13
HJ bílar ehf, Berjarima 35
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Kirkjustræti 2
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf, Mörkinni 6
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Ingibjörg ehf, Hraunbæ 60
Innréttingar og tæki, Ármúla 31
Intrum á Íslandi ehf, Laugavegi 97
Íslandsbanki, Stórhöfða 17
Kaþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kemi ehf www.kemi.is, Tunguhálsi 10
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
Kristján F. Oddsson ehf, Síðumúla 25
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landssamtök lífeyrissjóða, Sætúni 1
Landssamtökin Þroskahjálp, Háaleitisbraut 13
Leikskólinn Vinaminni ehf, Asparfelli 10
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Líf og sál sálfræðistofa ehf, Fiskislóð 75
Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ehf, Fákafeni 11
Loftstokkahreinsun ehf s: 5670882, Garðhúsum 6
Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9
Löndun ehf, Pósthólf 1517
M.G.B. endurskoðun ehf, Bíldshöfða 14
Matthías ehf, Vesturfold 40
Nobex ehf, Skútuvogi 1 b
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9
ORKUVIRKNI ehf, Tunguhálsi 3
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Papyrus innrömmun, Brautarholti 16
Prentmet ehf, Lynghálsi 1
Prófílstál ehf, Smiðshöfða 15
Pústþjónusta ÁS ehf s: 562-8966, Nóatúni 2,
Rafeindastofan ehf, Faxafeni 12
Raftækjaþjónustan sf, Lágmúla 8
Rarik ohf, Bíldshöfða 9
Ráðgjafar ehf, Garðastræti 36
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Samhjálp, Stangarhyl 3a
Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35
Seljakirkja, Hagaseli 40
SÍBS, Síðumúla 6
Sjálfstæðisflokkurinn, Háaleitisbraut 1
Sjá-óháð vefráðgjöf ehf, Ingólfsstræti 1a
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu
Sjóvélar ehf, Skútuvogi 6
Sjúkraþjálfunin Heil & sæl ehf, Hraunbæ 102c
Skotfélag Reykjavíkur, Engjavegi 6

112 EINN EINN TVEIR
actavis hagur í heilsu
gsk GlaxoSmithKline
Heilbrigðisráðuneytið
Akureyri
HS ORKA HF
Alþýðusamband Íslands
vita FERÐIR
Lilly

## FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN



**FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN** vill beita sér fyrir því að fatlaðir njóti sem bestra kjara og njóti jafnræðis á við aðra. Hann hefur verið í forystu varðandi baráttu fyrir bættum hag fatlaðra. Nægir að benda á stefnumál hans í síðustu kosningabaráttu árið 2007. Sum þeirra loforða hafa komið til framkvæmda hjá stjórnvöldum en önnur ekki.

Frjálslyndi flokkurinn vill að bann verði sett um mismunun á grundvelli fötlunar, rétt eins og misrétti kynjanna, og að því verði framfylgt. Norðmenn hafa þegar lögleitt slíkt hjá sér. Frjálslyndi flokkurinn vill taka undir það sem samningurinn inniber og koma að þeirri vinnu sem til þarf í lagabreytingum á Alþingi til að samræma íslensk lög við samningin Sameinuðu þjóðanna. Frjálslyndi flokkurinn leggur jafnframt áherslu á gott samstarf við hagsmunasamtök fatlaðra í þeirri vinnu til að tryggja þeirra sjónarmið og viðhorf til samningsins.

*Kolbrún Stefánsdóttir ritari Frjálslynda flokksins.*

## L-LISTINN FRJÁLST FRAMBOÐ



**ALÞINGI BER AÐ LÖGFESTA** umræddan samning og ráðast jafnframt í breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem eru að mörgu leyti gagnslítil. Þrjár ríkisstjórnir hafa nú haft það verkefni með höndum að koma lögfestingunni í gegn og það er slæmt hvað þetta verk hefur verið neðarlega í forgangsröðinni. Hér er um að ræða samning sem getur nýst á mörgum sviðum í réttindabaráttu þeirra sem minna mega sín. Nú er vel möguleiki á að undirskrift Íslendinga ein og sér geti orðið til að dómstólar líti til samnings þessa en það er þó enginn vafi á að formleg lögfesting styrkir stöðu fatlaðra. Íslensk löggjöf um málefni fatlaðra er veik og það er áhyggjuefni nú þegar ríkisfjármál renna inn í langt skeið samdráttar og niðurskurðar. Meðal þess sem sárlega vantar í löggjöfina eru viðurlög við því að brotið sé á fólki vegna fötlunar og annarrar mismununar í samfélaginu.

*Bjarni Harðarson oddviti L-listans í Reykjavík.*

## SAMFYLKING



**ÞINGFLOKKUR SAMFYLKINGARINNAR** studdi undirritun Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Bæði samningurinn og valfrjáls bókun við hann voru undirrituð af hálfu Íslands 30. mars 2007, hvort tveggja án fyrirvara. Á vegum félagsmálaráðherra starfar nefnd sem gera mun tillögur um hvernig innleiðingu verði háttað og verða drög að tillögum hennar kynnt á fundi Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) nú um mánaðamótin en bæði samtökin eiga fulltrúa í nefndinni. Vonast er til að ljúka megi fullgildingu sáttmálans á næsta þingi.

*Helgi Hjörvar þingmaður.*

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR



**SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN TELUR BRÝNT** að réttarstaða fatlaðra hér á landi jafnist á við það besta sem gerist annars staðar í heiminum. Sáttmáli SÞ um réttindi fatlaðra var undirritaður af hálfu íslenskra stjórnvalda í mars 2007. Síðan þá hefur farið fram ítarleg skoðun á því á vettvangi félagsmálaráðuneytisins hvaða breytingar þurfi að gera á íslenskum rétti til að koma til móts við þær kröfur sem sáttmálinn gerir. Slíkar breytingar yrðu gerðar samhliða því að Alþingi myndi fullgilda sáttmálann. Að mati Sjálfstæðisflokksins er brýnt að fá þessar tillögur fram og flokkurinn mun taka þátt í þeirri vinnu sem þarf að fara út í til að gera nauðsynlegar breytingar.

*Árni Helgason, framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna.*

## VINSTRI HREYFINGIN - GRÆNT FRAMBOÐ



**VIÐ HVETJUM TIL ÞESS** að framkvæmdaáætlun eða undirbúningi að lagabreytingum vegna innleiðingar Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um aðgengi fyrir alla verði flýtt og Alþingi samþykki í framhaldinu samning SÞ um réttindi fatlaðra. Áhuga okkar má meðal annars sjá í fyrirspurnum frá mér og Árna Þór Sigurðssyni um framgang þessa máls. Stefna VG í mannréttindamálum og lýðræði fellur vel að Samningi SÞ um réttindi fatlaðra.

*Þuríður Backman þingkona.*















Birna Dís segir Hauk Frey hafa verið mikinn íþróttaunnanda. Fótboltinn og trúin hafi aldrei vikið úr lífi hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hefði ekki þurft að deyja

**Haukur Freyr Ágústsson lést úr bráðamorfíneitrun snemmsumars 2006, 24 ára gamall. Hann glímdi við geðsjúkdóm í kjölfar vímuefnaneyslu. Birna Dís Vilbergsdóttir, móðir Hauks, segir kerfið hafa brugðist syni sínum frá A til Ö.**

„Það má segja að kerfið hafi brugðist syni mínum frá A til Ö. Líf hans var ömurlegt síðustu fimm árin. Það sorglegasta er að lát hans, og svo margra annarra sem svipað var ástatt um, var svo mikill óþarfi. Hann hefði ekki þurft að deyja,“ segir Birna Dís Vilbertsdóttir, móðir Hauks Freys Ágústssonar sem lést af völdum bráðamorfíneitrunar hinn 9. júní 2006, 24 ára að aldri. Haukur glímdi við mikið þunglyndi, maníu og ranghugmyndir í kjölfar fíkniefnaneyslu sem hófst á unglingsárum.

Haukur var 19 ára gamall þegar hann var fyrst lagður inn á geðdeild í kjölfar tilraunar til sjálfsvígs. Næstu árin á eftir lagðist hann reglulega inn á geðdeildir, þar á meðal eitt sinn í langtímameðferð á Kleppi. Að sögn Birnu var hann vanur að stinga af frá geðdeildinni þegar hann fór í maníu, því hann taldi sig geta náð sér upp úr henni með því að leita í neyslu. „Þegar hann kom til baka á deildina úr neyslunni vildu þeir oft ekki taka við honum, því hann hafði brotið lög deildarinnar. Eitt skiptið sat hann í átta klukkustundir fyrir utan deildina og vildi komast inn, en fékk ekki,“ segir Birna.

Skömmu fyrir andlátið þurfti Haukur að sitja af sér fimmtíu daga dóm í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg, en að sögn Birnu hafði Haukur samið um að dómurinn yrði tekinn út í samfélagsþjónustu við hæfi. Handtakan kom fjölskyldunni því mjög á óvart. „Þar fékk hann ómælt magn af læknadópi og komst þannig upp á lagið með það. Allan tímann sem þessi ósköp gengu yfir vorum við grátbiðja um að Haukur yrði meðhöndlaður betur. Að honum yrði kennt á einkenni sín og þar fram eftir götunum í stað þess að gefa honum alltaf lyf og láta þar við sitja. Það var ekki gert og er auðvitað afar ámælisvert. Haukur var orðinn morfínfíkill undir lokin,“ segir Birna.

Hinn 26. júní lagðist Haukur inn á Vog til meðferðar, sem hann stakk svo af úr nokkrum dögum síðar. Hann fannst látinn eftir að hafa verið týndur í níu daga. „Áður en hann fór inn á Vog fann hann á sér að þetta væri að verða búið, að hans hlutverki væri lokið. Daginn áður en hann fór inn bað hann mig um að vera hjá sér, og hann valdi meðal annars lög sem hann vildi að yrðu spiluð í jarðarförinni sinni, lét í ljós óskir um hvernig legsteinninn ætti að vera og fleira slíkt. Mín skoðun er sú að sá sem er fíkill og glímir við geðsjúkdóm eigi litla möguleika á að verða hjálpað. Ég vona innilega að bót verði á, og vonandi kemur kreppan ekki í veg fyrir að heilbrigðiskerfið taki betur á þessum málum,“ segir Birna Dís Vilbergsdóttir. *- kg*

# Ýmis úrræði standa til boða

Til Geðhjálpar leitar oft fólk sem líður illa eða á aðstandanda sem gæti átt við geðræn vandamál að stríða. Flestir þeirra sem leita til Geðhjálpar eiga það sameiginlegt að þeir vita ekki hvaða hjálp er í boði og hvert eigi að leita. Margir þekkja ekki til geðheilbrigðisþjónustu og eiga jafnvel erfitt með að fá tíma. Einnig er algengt að sá sem er hjálparþurfi hafi lítinn áhuga á, eða getu til að leita sér hjálpar. Stundum er þó nauðsynlegt að tala við einhvern sem skilur.

Hér er bent á nokkrar leiðir sem ættu að tryggja viðtal við fagfólk sem getur verið fólki innan handar í leitinni að lausn á vandanum:



● **HJÁ GEÐHJÁLP** er starfandi sálfræðimenntaður ráðgjafi. Geðhjálp er einnig í samstarfi við fjélagsráðgjafa frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Hægt að panta tíma hjá þessum aðilum á skrifstofu Geðhjálpar eða með því að senda tölvupóst á geðhjalp@geðhjalp.is. Hjá Geðhjálp eru líka starfandi sjálfshjálparhópar.
*Nánar á www.gedhjalp.is/content/view/35/48/*

● **HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR OG HEIMILISLÆKNAR** geta hjálpað þér að meta ástandið og leiðbeint um framhaldið.
*Heimasíða Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er www.heilsugaeslan.is*

● **BRÁÐAÞJÓNUSTA OG MÓTTAKA GEÐSVIÐS SPÍTALANNA** veitir símaráðgjöf og tekur á móti bráðatilfellum.
*Nánar á www.gedhjalp.is/content/view/83/*

● **ÝMIS ÚRRÆÐI ERU TIL** sem veita fólki með geðraskanir endurhæfingu, eftirfylgd og félagslega afþreyingu.
*Upplýsingar um endurhæfingu eru á www.gedhjalp.is/content/view/84/*

● **GEÐTEYMI HEIMAHJÚKRUNAR** veitir þjónustu til þeirra einstaklinga 18 ára og eldri sem eiga við geðsjúkdóma að stríða. Teymið veitir heimageðhjúkrun, en einnig sérhæfða þjónustu til kvenna sem eiga við geðraskanir að stríða á meðgöngu og eftir fæðingu barns.
*Nánar á www.gedhjalp.is/content/view/160/*



Aðstandendur þurfa mikinn stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hjálp fyrir aðstandendur

Aðstandendur eiga oft um sárt að binda þegar ættingjar veikjast með geðröskun. Geðraskanir hafa ætíð mikil áhrif á fjölskyldulíf og aðstandendur þurfa mikinn stuðning til að takast á við breyttar aðstæður.

**ALGENG ÁHRIF GEÐRÖSKUNAR Á FJÖLSKYLDU ERU:**

- Reiði
- Ráðleysi
- Skömm
- Ótti
- Sorg
- Vanmáttur

**SUMT AF ÞVÍ SEM GETUR HJÁLPAÐ AÐSTANDENDUM ER:**

- Skýrar og greinagóðar upplýsingar um geðraskanir.
- Gott samband við fagaðila sem eru í tengslum við þann sem er með geðröskun.
- Raunhæf hjálp til að halda góðum tengslum í fjölskyldunni.
- Viðurkenning á eigin tilfinningum og hjálp við að lesa úr þeim og takast á við þær.
- Samstarf á milli aðstandenda til að miðla reynslu og styrkjandi upplýsingum.



Hjá Geðhjálp er bæði starfandi sjálfshjálparhópar fyrir aðstandendur og notendur og Aðstandendahópur Geðhjálpar sem vill leggja geðsjúkum lið í baráttu þeirra fyrir bættri þjónustu við þá og aðstandendur þeirra.

# Þrotlaus vinna og réttu tökin skila sér

Ástvinur Völu Lárusdóttur sjúkraliða veiktist skyndilega árið 2003 og var skömmu síðar greindur með geðklofa. Við tók innlögn á geðdeild og löng og ströng endurhæfing. Í dag er ástvinur hennar búinn að ná góðum tökum á sjúkdómnum og er virkur þátttakandi í samfélaginu.

Veikindin höfðu mikil áhrif á líf Völu og fjölskyldu hennar og þurfti hún í raun að kynnast ástvini sínum upp á nýtt. „Hann fór tvisvar í afneitun eins og algengt er, útskrifaði sig af áfangaheimilinu þar sem hann bjó, hætti að taka lyfin og þess háttar. Ég hef þó verið svo heppin að ég hef alltaf getað komist að samkomulagi við hann um að leggjast inn og því ekki þurft að svipta hann sjálfræði,“ segir Vala.

Tveimur árum eftir að ástvinur Völu greindist gerði hann sér fulla grein fyrir því að hann væri með sjúkdóminn og þá fóru hjólin að snúast. „Oft eru sjúklingar mun lengur í afneitun og það hamlar bata svo ég get bara talist heppin og er afskaplega stolt af honum. Hann hefur verið á réttum lyfjum í þrjú ár og finnur ekki fyrir neinum einkennum,“ segir Vala.

Líf ástvinar hennar er komið í mjög fastar skorður. Hann leigir eigin íbúð, vinnur hálfan daginn og stundar líkamsrækt þrisvar til fjórum sinnum í viku. Auk þess hefur hann verið í fjarnámi síðustu þrjár annir. „Það er ótrúlegt hvað hann hefur náð miklum árangri. Hann hefur sýnt það og sannað að ef sjúklingar vinna í sínum málum geta þeir náð frábærum bata. Lífið er ekki búið þó fólk greinist með alvarlegan geðsjúkdóm. Það þarf bara að læra réttu tökin og lifa með honum.“



Ástvinur Völu hefur náð góðum tökum á erfiðum sjúkdómi og er virkur þátttakandi í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vala segir stuðning aðstandenda og fagaðila skipta miklu en segir þó talsvert vanta upp á stuðning við aðstandendur. „Okkur var ekki boðinn neinn sérstakur stuðningur en sóttum þó námskeið á Kleppi fyrir aðstandendur geðklofasjúklinga sem var afskaplega gagnlegt. Sams konar námskeið mætti halda mun oftar.“ - ve

Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþróuð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

TRYGGINGASTOFNUN TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Í sjálfshjálparhópi eru allir jafnir.

## Sjálfshjálp með góðri samhjálp

Sjálfshjálparhópur er hópur fólks sem deilir svipaðri lífsreynslu. Í slíkum hópi skapast oft sérstakt andrúmsloft samkenndar, skilnings og öryggis. Það að deila reynslu og vonum gerir fólki kleift að sýna gagnkvæman stuðning og gefa góðar ráðleggingar. Lögð er áhersla á samkennd, virðingu, að miðla reynslu, að hlusta og að eiga góða stund saman. Í sjálfshjálparhópi eru allir jafnir – allir meðlimir hópsins búa yfir einhvers konar þekkingu sem nýtist við að taka á sameiginlegum viðfangsefnum. Hóparnir eru öllum opnir og eru starfandi víðs vegar um landið.

*Nánari upplýsingar er að finna á www.gedhjalp.is.*

## Góðar vefsíður

**www.aa.is** AA samtökin á Íslandi
**www.althingi.is** Alþingi
**www.barnaged.is** Barnageð - Félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga
**www.breidavikursamtokin.is** Breiðavíkursamtökin
**www.felagsmalaraduneyti.is**
**www.fjolsmidjan.is** Fjölsmiðjan - Vinnustaður fyrir ungt fólk
**www.forma.is** FORMA - Samtök átröskunarsjúklinga
**www.forrettindi.is** Síða verkefnis Freyju Haraldsdóttur „Það eru forréttindi að lifa með fötlun"
**www.greining.is** Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
**www.heilbrigdisraduneyti.is**
**www.hondin.is** Höndin - Alhliða mannúðar- og mannræktarsamtök
www.hringsja.is Hringsjá - Starfsþjálfun fatlaðra
**www.hugarafl.is** Hugarafl - Samtök um vinnu og verkþjálfun
**www.kgeysir.is** Klúbburinn Geysir
**www.kaerisali.is** Kæri sáli - Upplýsingar um styrki og niðurgreiðslur vegna sálfræðiþjónustu
**www.kvennaathvarf.is** Kvennaathvarfið
**www.mannrettindi.is** Mannréttindaskrifstofa Íslands
**www.menntagatt.is** Listi yfir sérskóla og sérdeildir, auk annarra námsframboða fyrir fatlaða
**www.missir.is** - Gagnasafn yfir bækur og tímarit er tengjast sorgarúrvinnslu
**www.oa.is** OA samtökin á Íslandi
**www.olweus.is** Olweusverkefnið gegn einelti
**www.regnbogaborn.is** Regnbogabörn - Fjöldasamtök gegn einelti
**www.rad.is** Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna
**www.reykjalundur.is** Reykjalundur - Endurhæfingarmiðstöð.
**www.sibs.is** SÍBS
**www.sjalfsbjorg.is** Sjálfsbjörg - Landssamband fatlaðra
**www.ssr.is** Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík
**www.tr.is** Tryggingastofnun ríkisins
**www.obi.is** Öryrkjabandalag Íslands.

# Gæta hagsmuna barna og unglinga

Barnageð er félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga, stofnað 24. mars 1999. Tilgangurinn er að gæta hagsmuna barna og unglinga með geðraskanir og aðstandenda þeirra á öllum sviðum, stuðla að fræðslu og forvörnum meðal félagsmanna og almennings og veita félagslegan stuðning til barna og unglinga með geðraskanir, sem og fjölskyldumeðlimum þeirra. Allir sem þess óska geta gerst meðlimir í Barnageði, hvort sem um er að ræða einstaklinga sem hafa persónulega reynslu af geðheilbrigðisvandamálum eða einstaklinga sem hafa áhuga á að tryggja góða framgöngu þessara mála á Íslandi.

Hægt er að fá frekari upplýsingar með því að hafa samband við félagið símleiðis í síma 695-5200 eða með því að senda tölvupóst á barnaged@barnaged.is.



Barnageð er félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga.


## Við þökkum stuðninginn

**Sandgerði**
Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24
**Garður**
Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4
Þorsteinn ehf, Garðabraut 30
**Mosfellsbær**
Á. Óskarsson og Co ehf, Þverholti 8
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði
Kvenfélag Lágafellssóknar
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20
Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS, Reykjalundi
Skálatúnsheimilið
**Akranes**
GT Tækni ehf, Grundartanga
Híbýlamálun Garðars Jónssonar ehf, Einigrund 21
Jón Þór Hallsson, löggiltur endurskoðandi, Smiðjuvöllum 7
Runólfur Hallfreðsson ehf, Álmskógum 1
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar, Kirkjubraut 28
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4
**Borgarnes**
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir
Loftorka Borgarnesi ehf, Engjaási 1
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf, Húsafelli 3
**Reykholt**
Garðyrkjustöðin Varmalandi, Reykholtsdal
Stykkishólmur
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf, Aðalgötu 20
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1
**Grundarfjörður**
Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4
**Ólafsvík**
Sverrisútgerðin ehf, Túnbrekku 16
Hellissandur
Hjallasandur ehf, Helluhóli 3
KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1
Skarðsvík ehf, Munaðarhóli 10
Búðardalur
Hjúkrunarheimilið Fellsendi, Fellsenda
**Ísafjörður**
BK bílasprautun og réttingar ehf, Seljalandsvegi 86
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafjörður
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Jón og Gunna ehf, Austurvegi 2
**Bolungarvík**
Glaður ehf, Traðarstíg 1
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8
**Tálknafjörður**
Særöst ehf, Strandgötu 43
**Þingeyri**
Brautin sf, Vallargötu 8
Svalvogar ehf, Aðalstræti 51
**Hvammstangi**
Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5
Kvenfélagið Iðja
Steypustöðin Hvammstanga ehf, Melavegi 2
Villi Valli ehf, Hvammstangabraut 33
**Blönduós**
Búnaðarþing Húnaþings og Stranda, Húnabraut 13
Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Krákur ehf, Melabraut 21
**Skagaströnd**
Kvenfélagið Hekla
**Sauðárkrókur**
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Steypustöð Skagafjarðar, Skarðseyri 2
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni
**Siglufjörður**
Björgunarsveitin Strákar, Tjarnargötu 18
Egilssíld ehf, Gránugötu 27
**Akureyri**
Betra brauð ehf, Skarðshlíð 17
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Dýralæknaþjónusta Eyjafjarðar ehf, Perlugötu 11
Eggjabúið Gerði ehf, Þórsmörk
Félagsbúið Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum
Friðrik Páll Jónsson, háls, nef og eyrnalæknir, Tryggvabraut 22
Hársnyrtistofan Samson, Sunnuhlíð 12
Helgi Bergþórsson, Klettaborg 39
Húsprýði sf, Múlasíðu 48
Kaffi Amor ehf, Ráðhústorgi 9
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Kraftbílar ehf, Draupnisgötu 6
Lögmannshlíð lögfræðiþjónusta ehf, Glerárgötu 36
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Slippurinn Akureyri ehf, Hjalteyrargötu 20
Stefna ehf, Hafnarstræti 97
Svalbarðsstrandarhreppur, Ráðhúsinu
Þekking - Tristan hf, Hafnarstræti 93-95
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f
**Grenivík**
Jói ehf, Melgötu 8
**Grímsey**
Sigurbjörn ehf, útgerð, Öldutúni 4
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf, Hátúni
**Dalvík**
Daltré ehf, Sunnubraut 12
G.Ben útgerðarfélag ehf, Ægisgötu 3
**Ólafsfjörður**
Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54
Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9
**Húsavík**
AS - verk ehf, Ketilbraut 5
Höfðavélar ehf, Höfða 1
Lindi ehf, Ketilsbraut 13
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóar 2
**Laugar**
Kvenfélag Reykdæla, Lautir
Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal
**Kópasker**
Kvenfélag Öxfirðinga, Víðilundi
**Bakkafjörður**
Hraungerði ehf, Hraunstíg 1
**Egilsstaðir**
Dagskráin Austurlandi, Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Miðás hf (Brúnás innréttingar), Miðási 9
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5
Þ.S. Verktakar ehf, Miðási 8-10
**Seyðisfjörður**
Rauði kross Ísl., Seyðisfirði
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44
Tækniminjasafn Austurlands, Hafnargötu 44
**Reyðarfjörður**
Launafl ehf, Hrauni 3
**Eskifjörður**
Fjarðaþrif ehf, Kirkjustíg 2
**Neskaupstaður**
Fjarðalagnir ehf, Nesbakka 14
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6
**Fáskrúðsfjörður**
Fáskrúðsfjarðarkirkja, Skólavegi 69
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59
Tannlæknastofa 2 Gómar ehf, Hlíðargötu 34
**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra, Ásvegi 31
**Höfn í Hornafirði**
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, Nýheimum
Herborg SF-69
Sambýlið Hólabrekka, Hólabrekku
**Öræfum**
Félagsbúið Hnappavöllum 4, Hnappavöllum 4
**Selfoss**
Bílverk BÁ ehf, Gagnheiði 3
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Dýralæknaþjónusta Suðurlands sími 482-3060, Stuðlum
Esekiel ehf, Borgarbraut 16
Framsóknarfélag Árnessýslu, Heiði
Hitaveita Frambæja, Skarði
Hrói Höttur, Austurvegi 22
Kvenfélag Hraungerðishrepps
Múr og smiði ehf, Langholti 1b
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44
Þ.H.blikk ehf, Gagnheiði 37
**Hveragerði**
Dvalarheimilið Ás, Hverahlíð 20
Hveragerðisprestakall, Bröttuhlíð 5
Þorlákshöfn
Fagus ehf, Unubakka 18-20
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
**Flúðir**
Héraðssjóður Árnesprófastsdæmis, Hruna
Hrunaprestakall, Hruna
**Hella**
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf, Lækjarbraut 4
**Hvolsvöllur**
Kvenfélagið Freyja, Skíðbakka A-Landeyjum
**Vík**
B.V.T. ehf, Austurvegi 15
Kvenfélag Hvammshrepps
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17
Víkurprjón ehf, Austurvegi 20
**Kirkjubæjarklaustur**
Hjúkrunar og dvalarheimilið Klausturhólar
**Vestmannaeyjar**
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Skattstofa Vestmannaeyja, Heiðarvegi 15
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu
Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9

VALITOR - Við mætum væntingum
vistor
VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Virðing Réttlæti VR
olís
ÖSSUR Life Without Limitations
Portfarma
Orkuveita Reykjavíkur

# nustu



**Breyttir tímar** Danir eru mjög kaldhæðnir og gera örlítið grín að íslensku milljónamæringunum sem ætluðu að kaupa Danmörku. Þannig var andinn í lok síðasta árs en núna finnst fólki þetta voðalega leiðinlegt fyrir íslensku þjóðina,“ segir Marín Manda.

Íslendingar til að tæma H&M. En sem betur fer eru Íslendingar hreinskilnir og eru ekkert að skammast sín fyrir að halda betur um aurana sína,“ segir hún og bætir við að hún sé ekki frá því að ástandið geti verið örlítið hollt fyrir okkur. Hún segist ekki finna fyrir andúð í garð Íslendinga í kjölfar bankahrunsins. „Danir eru mjög kaldhæðnir og gera örlítið grín að íslensku milljónamæringunum sem ætluðu að kaupa Danmörku. Þannig var andinn í lok síðasta árs en núna finnst fólki þetta voðalega leiðinlegt fyrir íslensku þjóðina.”

Marín Manda segir móðurhlutverkið hafa breytt henni meira en hún hafi getað ímyndað sér. „Ég vissi ekki að hægt væri að upplifa svona mikinn kærleik í garð barnanna sinna. Það gerir mig hrædda. Sterkari, en hrædda. Eitt lítið bros bræðir á einu augnabliki og það kemur mér alltaf jafnmikið á óvart að þessi kríli eru algjörlega sinn eigin persónuleiki frá upphafi. Mitt hlutverk er síðan bara að móta þau eins vel og ég get.“ Hún viðurkennir að það sé krefjandi að vera með tvö lítil börn og sitt eigið fyrirtæki enda hafði hún í nógu að snúast þegar hún hóf fæðingarorlofið með Bastian Blæ. „Nú á dögum er alls ekki nóg að vera bara mamma og ég vildi ekki bregðast kúnnunum mínum svo ég var mætt á pósthúsið með pakka fimm dögum eftir að hann fæddist. Að sjálfsögðu hjálpaði kærastinn minn mér mikið en mér fannst ég þurfa að halda utan um hvert einasta smáatriði,“ segir hún en bætir við að hún sé orðin dugleg að ýta frá hlutum sem skipta hana minna máli. „Ég sjálf er ekki lengur í aðalhlutverki í eigin lífi. Það er ótrúlega hollt en að sama skapi ætla ég að gefa mér tíma fyrir sjálfa mig um leið og tækifæri gefst því endurnærð og glöð mamma er betri mamma.“ Aðspurð hvort hún sé hætt barneignum segir hún svo ekki vera. „Þegar ég er búin að fá góðan svefn í nokkur ár þá er ég alveg til í eitt í viðbót. Sjálf óléttan er ekkert sérstaklega spennandi en að fæða barnið sitt er það magnaðasta sem til er.“

## LÍFIÐ ER SKÓLI

Marín Manda er ekki á leiðinni heim en hún kemur reglulega í heimsókn til Íslands. „Ég er ekki á fara setjast að á Íslandi til frambúðar. En einn daginn vil ég gjarnan prófa að búa aftur á Íslandi. Ég fæ oft heimþrá og þá er um að gera að skella sér heim og hitta allt fólkið sem maður elskar, hlaða batteríin og fljúga svo til baka til Danmerkur. Eftir að ég varð mamma finnst mér mikilvægt að koma heim reglulega svo börnin geti umgengist fjölskylduna og lært af þeim íslenska siði og hætti,“ segir hún. Alba Mist svarar mömmu sinni á dönsku þótt Marín Manda tali við hana á íslensku og Marín segir notalegt að þær mæðgur eigi sitt eigið tungumál. „Dóttir mín skilur íslensku en hún talar dönskuna og því finnst mér nauðsynlegt fyrir hana að vera í kringum íslensk börn og vonandi talar hún íslenskuna reiprennandi einn daginn.“ Marín Manda horfir björtum augum fram á veginn þrátt fyrir heimskrísu. „Ég er búin að ákveða að lifa lífinu til fullnustu í dag því maður veit aldrei hvað gerist á morgun. Sem unglingur var ég ansi áköf í að upplifa allt hér og nú og var óþolinmóð að ná öllu sem mig langaði að gera. Nú hef ég upplifað upp- og niðurtúra og veit að lífið er skóli. Maður heldur stanslaust áfram að þroskast og kynnast sjálfum sér,” segir hún bætir við að hún sé með allskyns plön og vangaveltur varðandi framtíðina. „Ég hef hugsað mér að prófa að búa í enn öðru landinu og er heilluð af Ítalíu. Ég vona bara að í framtíðinni verði ég með stóra heilbrigða fjölskyldu, hamingjusöm og sátt við þær ákvarðanir sem ég hef tekið á lífsleiðinni. Ég sé sjálfa mig sem skapandi bisnesskerlingu, hvort sem það er innan barnafataiðnaðarins eða ekki. Í gamla daga söng ég mikið og mig hefur lengi langað að æfa mig á ný. Svo hef ég einnig hugsað mér að pússa fínu dansskóna mína og fara að sveifla mjöðmunum. Það er frábær leið til að komast í form.“


Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald** og **hreyfigetu.** Við erum betur í stakk búnar að **takast á við krefjandi verkefni**



Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur

Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og **þú getur það líka.** Búinn að missa yfir **20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 30. mars**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA




meba | rhodium
KRINGLUNNI & SMÁRALIND

CANDINO
SWISS WATCH
Festina-Candino Watch Ltd I candino.com

# tíðin



✻ alltaf í hollustunni

## Verndaðu húðina í kuldanum




**Þrátt fyrir að sumarið nálgist óðum er enn kalt í veðri. Kremin sem við notum dags daglega virka ekki alltaf í kuldanum og því er mikilvægt að finna sér krem sem verndar húðina í frostinu. Comfort On Call frá Clinique hentar sérstaklega vel fyrir þá sem stunda skíði eða útivist á veturna, en það verndar húðina fyrir skemmdum vegna vinda, kulda og annarra veðratengdra árása. Kremið er ofnæmisprófað og róar húðina eftir áreiti umhverfisins. Turnaround-maski og body lotion eru einnig nýjungar frá Clinique sem leika við kroppinn. Maskinn virkar eins og mild húðslípun eftir að hann hefur verið á andlitinu í fimm mínútur og body lotionið gerir þurra húð mjúka og geislandi á ný.**

## Allt um líkama og sál

Flestir vita og finna hvað líkamleg og andleg heilsa skiptir miklu máli. Í dagsins amstri gleymum við þó oft að huga að heilsunni, þangað til hvers konar ójafnvægi fer að gera vart við sig. Í Heilsubók konunnar er að finna víðtækan fróðleik um byggingu og starfsemi líkamans, taugakerfi, sálarlíf, hormóna, kynlíf, meðgöngu, mataræði, heilsurækt og hollustu. Viðurkenndir sérfræðingar í kvenlækningum lýsa líkamsstarfsemi konunnar af mikilli nákvæmni og bent er á ýmsar leiðir fyrir konur til að byggja upp heilbrigða sál í hraustum líkama. Bókin er full af hollráðum fyrir konur á öllum aldri sem vilja lifa í sátt við sjálfar sig og þær breytingar sem verða á líkama þeirra með aldrinum. Góð lesning um hvernig viðhalda má hugarró, góðri heilsu og geislandi útliti í hraða nútímans. *- ag*







REYKJAVÍK STORE, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf

G-STAR RAW DENIM | RAW DENIM 3301 | 3301 RECORDS | RAW | g-star.com

© 2009 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

# Íslensk hönnun í sinni fjölbreytilegustu mynd á Hönnunarmars

HönnunarMars
DesignMarch
26.–29.03

**HÖNNUN EFTIR TÆPLEGA 30 ÍSLENSKA HÖNNUÐI**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal




ÍSLENSK HÖNNUN
epal

Opið laugardag kl. 11 - 15 og sunnudag kl. 12 - 15

# KLINGENBERG SPÁIR



## Haffi Haff tónlistarmaður og förðunarfræðingur

„Haffi Haff er fæddur 28.09.1984. Það gefur útkomutöluna 41 sem er jafnt og 5. Að hafa útkomutöluna 41 í lífstölu gefur manni mikla heppni og fær fólk til að hjálpa manni við hina ótrúlegustu hluti yfir lífsleiðina. Þetta er mikil gæfutala, sérstaklega í sambandi við framkvæmdir, kraft og áræðni, sem Haffi Haff að sjálfsögðu hefur í ótakmörkuðum mæli.

Haffi er að fara inn á árstöluna 3, en til að fá þá útkomu leggjum við saman, afmælisdag, mánuð og árið í ár og þá verður útkoman 3. Haffi er á ári þar sem hann á að taka áhættu og það verður allt iðandi í lífi í kringum hann. Ég get ekki betur séð en að það séu afskaplega margir skotnir í honum Haffa og ættu endilega að láta hann vita af því. Ég sé það að Haffi á eftir að spekúlera mikið í útlöndum yfir þessa tíð og get ekki betur séð en að sú freisting gæti orðið yfirsterkari: að fara frekar en að vera. Hann mun þó aldrei í raun yfirgefa Íslendinga því hér verður hann með annan fótinn og hinn fótinn í Ameríku. Ameríkanar elska Haffa jafnmikið og við Íslendingar dáum hann og hann er kominn með sína framtíðarást árið 2012. Ég sé fyrir mér að það er ákveðin ást sem á eftir að spila mikið á hjarta hans á næstunni.

Haffi á eftir að sjá um viðburði fyrir heimsþekkt fólk í framtíðinni og ná svakalega langt með myndbönd sín og, að mér sýnist, allt sem honum dettur í hug. Haffi Haff er aðeins 24 ára en er búinn að gera hluti sem margir gera yfir mannsævi, svo það þarf nú ekkert mikinn spámann til að sjá að ef hann heldur jákvæðninni í hjarta sínu og blikinu í augum sínum þá verður heimurinn hans.“ www.klingenberg.is



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

## Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra

**1** Gefa sér tíma til að drekka gott kaffi að morgni áður en maður leggur af stað í hark dagsins.





**2** Hafa tíma til að borða hádegismat í rólegheitum, jafnvel með einhverjum skemmtilegum.

**3** Ná í eldri soninn á leikskólann og fara með fjölskyldunni í göngutúr.



**4** Líta inn á eins og eina góða listasýningu í göngutúrnum.

**5** Elda góðan mat og fá góða gesti er alltaf frábær endir á degi.



Sony Center



Sony Center kynnir

Ný Sony tökuvél, engin spóla, enginn diskur, ekkert vesen.

SX30 er vönduð, nett og skemmtileg tökuvél.

- DCR-SX30
- Tekur allt að 2 klst. og 55 min. á innbyggt minni - 4GB
- Vönduð Carl Zeiss linsa með 60x aðdrætti
- SteadyShot hristivörn – fyrir mynd sem ekki skelfur á skjánum
- Face Index - svo auðvelt sé að finna upptökur af vinum og vandamönnum
- 2,7 tommu litasnertiskjár – stór og bjartur skjár
- One Touch Disc Burn - auðveldar til muna að brenna disk með upptökum
- MemoryStick minniskortarauf - fyrir aukið pláss til upptöku

Fæst rauð, blá og silfurlituð

Verð 64.990,-



SONY
Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

**FRAMTALSÞJÓNUSTA**
Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. netf: framtal@visir.is

**TÓMAS BÓKARI & VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR**
Bókhald - Skattauppgjör - Stofnun Ehf Fyrirtækja. Vönduð þjónusta / Þýsk nákvæmni. S. 659 5031 tomas.bokari@gmail.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Framtal 2009 - Ódýr Þjónusta**
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og einstaklinga með rekstur. Sæki um viðbótarfrest fram í maí ! Vönduð vinna! Opið um helgar. Framtalsþjónustan s. 533 1533.

## Fjármál

ATOZ
Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

**Stór lyftibíll....S.661 1977**
**Lítill lyftubíll..S.893 5235**
Búslóðaflutn, píanóflutn, vöruflutn, og aukamenn ef óskað er. Góð verð.

## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Ryð og lekavarnir á þökum**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir, breytingar og aðra almenna smíðavinnu, utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Faglærður pípari getur bætt við sig verkefnum í pípulögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.




## Stífluþjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Geri við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

## Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Excelent Nudd.Full service. Melissa and Barbara. S.616 2853

Heilnudd - heilnudd. Gsm. 616 7232.

## Spádómar

LJÓSIÐ S. 908 6060
TAROT, MIÐLUN, FYRIRBÆNIR, TRÚNAÐUR.
OPIÐ FRÁ 12-23.
S. 894 9228
STEINUNN VISA/EURO

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

## Til sölu




## Iðnaður

**Uppsteypa mannvirkja**
**Ásamt annarri húsasmíði. Jarðvinna, uppsteypa, mót og krani. Löggiltur meistari. Dynkur ehf. Ragnar s. 894 2454.**

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Múrarar

**Viðgerðir**
Múrverk, flísar, gifs, steining og fl. utan sem innan. Alexa ehf s. 847 2209.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**Athafnasmiðir ehf.**
2 íslenskir smiðir. Getum bætt við okkur verkefnum, uppsetningar á innréttingum, alhliða innanhússmíði, gluggasmíði og ísetningar og alhliða viðhald + sólpallar. Símar 892 7120 & 847 1448. Meðmæli ef óskað er.

## Önnur þjónusta

20%

**Sandblástur**
Sandblásum felgur og margt fleira. Uppl. í s. 694 9440.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Motor sport



**Hippar**
Eigum eftir nokkra hippa á gamla verðinu í svörtu og bláu. Aðeins kr. 298 þús. Töskur, rollbar, vindhlíf, skrásetning. Verð sem ekki kemur aftur.



**Vespur**
Eigum eftir nokkrar vespur með afslætti, áður 285 þús. Núna 229 þús. svartar og hvítar. Ítölsk hönnun.

**Eigum nú til Racing kveikjur í 50 og 80 cc, fjórgengis vespur sem gerir þær miklu kraftmeiri.**

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í flesta bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 11.900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf. Viðarhöfða 2 . Stórhöfða megin S. 517 8400 - WWW. SNJOKEDJUR.IS

**Pelsar og fl.**
**Minkapels og hálfsíður Blárefapels, dragt og slá úr kasmír ull og ýmislegt fleira. Ks.Diana S. 551 8481.**




Plastmódel í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Kerby ryksuga til sölu. með öllum fylgihlutum til að hreinsa teppi og húsgögn. Uppl. í s. 554 6735

**Evrur til sölu**
Get útvegað evrur í miklu magni, erlendis eða hérlendis. S. 868 2406, Heimir.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbond, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Gull - Gullskartgripir**
**Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.**

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Vantar: K-10 Kambstál, 2"X9" Þaksperrur, 1"X6" Mótatimbur, 2"X4" Grindarefni, Raflagnaefni,WC og annað því tengt, Innihurðir, Gifs/spónaplötur. 820-9017/898-1804

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Verslun

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
ATH !
VSK af þegar pantað er á netinu !
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is




Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is







## HEILSA

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

# Hálf sagan sögð?

**UMRÆÐAN**
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir skrifar um styrki til stjórnmálaflokka


GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Að undanförnu höfum við fengið nokkrar fréttir af styrkveitingum fyrirtækja og stofnana til stjórnmálaflokka. Þótt það sé vissulega mikilvægt að fjárstreymi til stjórnmálaflokka sé uppi á borðinu þá er bara hálf sagan sögð. Við skulum ekki gleyma prófkjörum og styrkjum til einstaklinga. Og við skulum ekki gleyma því að dýrustu prófkjör Íslandssögunnar áttu sér stað fyrir kosningarnar 2007. Hvar eru upplýsingarnar, gagnsæið, sannleikurinn um allt það? Á slíkt að vera felumál? Þegar stjórnmálamenn segja „allt upp á borð“, meina þeir þá ekki einmitt allt upp á borð?

### Allt upp á borð!

Áskorun dagsins til íslenskra stjórnmálamanna er einföld: Allt upp á borð. Þá er auðvelt að byrja á því að gefa upp styrkina sem þau fengu í prófkjörum sínum til Alþingis árin 2006-2007. Það á hvorki að þurfa rannsóknarnefnd né reglur til að fá stjórnmálafólk til að gefa slíkt upp. Þetta á að vera hluti af eðlilegri og opinni stjórnsýslu.

*Eða hvað er það annað en að hylja slóðina þegar sérstök „félög“ eru stofnuð í kringum tiltekna frambjóðendur sem ekkert gefa upp?*

Það athyglisverða er auðvitað að öfugt við þær reglur sem settar voru á stjórnmálaflokkana um 300 þúsund króna hámark þá var ekkert slíkt viðhaft í prófkjörum einstaklinga. Óhætt er að fullyrða að prófkjörin á þessum tíma hafi hlaupið á tugum milljóna króna.

Ef fólk ætlar sér að vera trúverðugt áfram í stjórnmálum hlýtur það að vera einn liður í gagnsæi að gefa upp alla styrki. Það getur varla verið launungarmál að almenningur fái að vita hverjum var hve mikið í mun að fá hvaða einstaklinga á þing.

### Er málið flókið?

En þá flækist málið. Slóðin virðist hulin. Eða hvað er það annað en að hylja slóðina þegar sérstök „félög“ eru stofnuð í kringum tiltekna frambjóðendur sem ekkert gefa upp? Hið klassíska svar er að „félagið“ sé stofnað af „vinum og velunnurum“ og að einstaka frambjóðendur hafi náttúrlega ekki haft hugmynd um hver gaf þeim hvað, þau hafi passað alveg sérstaklega vel upp á það að vita ekki neitt. Trúverðugt?

### Ekki bara á Tortola

Staðreynd málsins er náttúrlega sú að við þurfum ekki bara að tryggja að hin ýmsu félög á Tortola séu uppi á borði. Við þurfum allt upp á borðið. Alla hagsmuni og fjárhagstengsl. Einn þáttur í þeim efnum er hversu mikið og frá hverjum tilteknir stjórnmálamenn hafa fengið að styrk til að komast á þing. Hagur hverra er varinn með þögn um þessi efni – hagur almennings?

Ætli þetta komi upp á landsfundum um helgina, landsfundum sem ku boða siðbót og breytta, nýja, gagnsæja tíma?

*Höfundur leiðir lista Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi.*





KYNNING Í DEBENHAMS 27. MARS – 1. APRÍL

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur.**

- 2 snyrtibuddur
- Primordiale krem 15 ml
- Primordiale Serum 10 ml
- Eau Micellaire Douceur 50 ml
- Virtuôse Black Carat maskari
- Hypnôse ilmur 5 ml
- Juicytubes gloss 7 ml

**Verðmæti kaupaukans 12.000 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka.



DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


# Ástæðulaus ótti?

**UMRÆÐAN**
Gunnar Hólmsteinn Ársælsson skrifar um Evrópumál

Í umræðunni um Evrópumál heyrist stundum að Sjálfstæðisflokkurinn gæti klofnað við það að taka afstöðu í því máli. Þess vegna er athyglisvert að líta í kringum sig, t.d. til Norðurlandanna, og athuga hvernig þróunin hefur verið þar.


GUNNAR HÓLMSTEINN ÁRSÆLSSON

Innan allra flokka er að finna skoðanir með og á móti ESB-aðild. Það sýna kannanir hér á landi. Sama mynstur er á hinum Norðurlöndunum.

En hvernig hefur hægriflokkum reitt af í umræðunni um Evrópumál? Í Noregi er norski hægriflokkurinn enná lífi. Sama má segja um sænska hægriflokkinn, Moderaterna, sem er leiðandi afl í sænskum stjórnmálum. Í Danmörku er sömu sögu að segja og líka í Finnlandi. Innan allra þessara flokka hefur farið fram opin og lýðræðisleg umræða um Evrópumál og framtíðarstefnu flokkanna varðandi þennan málaflokk. Og gerir enn.

Því vaknar þessi spurning: Er eðli íslenskra stjórnmála með öðrum hætti en á hinum Norðurlöndunum? Er Sjálfstæðisflokkurinn sérstakur „áhættuhópur“ í þessu tilliti? Er þar enn að finna leifar stjórnmálaþróunar sem átti sér stað hér á landi í byrjun síðustu aldar? Binda sjálfstæðisstjórnmál og heimastjórnarmál flokkinn í einhvers konar hlekki hugarfarsins? Skortir Sjálfstæðisflokkinn framtíðarsýn eða mátt til að skapa slíka sýn?

Það hlýtur að vera lýðræðislegt þroskamerki ef flokknum tekst að taka afstöðu til Evrópu og láta þannig lýðræðislega umræðu hafa sinn gang. Óneitanlega væri það merki um ákveðinn lýðræðislegan þroska hjá flokknum. Batnandi „mönnum“ er best að lifa! En almennt má segja að afstaða pólitískra afla hérlendis gagnvart Evrópu (og umheimsins, ef því er að skipta) hefur kannski aldrei verið jafn brýn og nú. Breytingar á alþjóðakerfinu hafa verið órar á undanförnum árum og ný staða komin upp.

Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig umræðan um Evrópu þróast á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Birtist þar opinn og lýðræðislegur flokkur sem þorir og hefur getu til þess að ræða málin, taka afstöðu? Eða birtist þar flokkur, sem kannski er ekki eins opinn og lýðræðislegur og menn vilja vera láta? Lýðræði og opin umræða eru merki um styrk stjórnmálaflokka og þeir eiga að vera vettvangur fyrir slíkt. Rétt eins og hið opna samfélag. Stenst Sjálfstæðisflokkurinn prófið?

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og situr í stjórn Evrópusamtakanna.*

# Ráðamenn – kveðið burt kvíða stúdenta

**UMRÆÐAN**
Bergþóra Snæbjörnsdóttir skrifar um sumarannir


BERGÞÓRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR

Síðastliðna helgi lenti heiðlóa í Höfn í Hornafirði og má því fullyrða, að gamalli íslenskri hefð, að sumarið sé á næsta leiti. Ekki eru þó allir sem fagna því að lóan sé komin að kveða burt snjóinn þetta árið en það er deginum ljósara að fyrir stóran hóp þjóðarinnar vekur vorboðinn ekki upp tilhlökkun og fiðrildi í maganum heldur þvert á móti áhyggjusting og magakrampa. Meginþorri stúdenta mun að líkindum sitja uppi atvinnu- og tekjulausir í sumar. Stúdentar eiga takmörkuð réttindi til atvinnuleysisbóta og námslán fá þeir ekki nema vera skráðir í nám.

Löngu fyrir áramót var fyrirséð að þarna væri vandi á ferð, að alvarleg staða myndi koma upp fyrir þá 13.500 einstaklinga sem stunda nám við Háskóla Íslands nema eitthvað yrði að gert. Því var það ein af kröfunum sem Stúdentaráð, undir stjórn Röskvu, settu fram á menntavitanum hinn 1. desember síðastliðinn, að boðið yrði upp á nám fyrir stúdenta næsta sumar. Í kosningunum til Stúdentaráðs voru sumarannir eitt stærsta kosningamál Röskvu og eru báðar fylkingar sammála um að þetta sé eitt mikilvægasta hagsmunamál stúdenta um þessar mundir og hefur verið unnið að því ötulum höndum síðan nýtt Stúdentaráð tók til starfa.

Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur sent opið bréf frá ráðinu til rektors, Kristínar Ingólfsdóttur, þar sem óskað er eftir því að Háskóli Íslands axli ábyrgð og sjái til þess að boðið verði upp á sumarannir fyrir nemendur nú í sumar. Enn bólar þó ekki á neinni staðfestingu þess að Háskólinn ætli sér að bregðast við.

Nú hefur Háskólinn í Reykjavík tilkynnt að þar á bæ ætli menn að

*Löngu fyrir áramót var fyrirséð að þarna væri vandi á ferð, að alvarleg staða myndi koma upp.*

svara kalli tímans, eins og þeir orða það. Að þeir ætli að koma til móts við þá nemendur sem vilja nýta sumarið til náms þar sem litla vinnu sé að fá og bjóði því upp á mun fleiri námskeið í sumar en undanfarin ár. Það er með öllu ótækt að Háskóli Íslands, stærsti háskóli landsins, bjóði ekki upp á sams konar úrræði fyrir sína nemendur. Ætlar Háskóli Íslands, flaggskip íslenskrar menntunar, virkilega að vera eftirbátur félaga sinna í Háskólanum í Reykjavík?

Stúdentar við Háskóla Íslands geta ekki beðið svara mikið lengur. Lóan er komin og það þarf að sjá til þess að kvíðaraskanir og gjaldþrot séu ekki skilaboð dirrindís lóunnar til þeirra ríflega 3% þjóðarinnar sem stunda nám við Háskóla Íslands. Röskva hvetur forsvarsmenn Háskóla Íslands til að kveða burt kvíða námsmanna fyrir næsta sumri með því að bregðast við breyttum aðstæðum og sýna fram á að hér sé rekin lifandi stofnun – allt árið.

*Höfundur er oddviti Röskvu, samtaka félagshyggjufólks við Háskóla Íslands.*

# Boðberi nýrra vinnubragða

**UMRÆÐAN**
Fanný Gunnarsdóttir skrifar um Framsóknarflokkinn

Nú styttist í kosningar sem verða við aðrar og erfiðari aðstæður á Íslandi en við höfum áður upplifað. Samfélagið allt – þar með taldir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar – standa á tímamótum. Hver og einn verður að endurmeta lífsgildi sín og stefnu. Framsóknarflokkurinn er fyrsti og eini stjórnmálaflokkurinn sem kosið hefur nýja forystu og framsóknarmenn um allt land hafa að undanförnu skoðað og endurmetið málefnaáherslur. Hvað sem líður formannaskiptum í öðrum flokkum eru þær breytingar sprottnar af veikindum fráfarandi formanna en ekki sjálfsprottin ákvörðun þeirra eða af kröfum innan úr flokkunum um ábyrgð og breytingar.


FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

Á síðasta flokksþingi var samþykkt tímamótaályktun þar sem framsóknarmenn ákváðu að semja siðareglur sem allir þeir sem starfa í nafni flokksins verða að vinna eftir. Framkvæmdastjórn flokksins skipar nú nefnd sem hefjast skal handa við að semja reglurnar. En þingmenn Framsóknar hafa um árabil gefið upplýsingar á heimasíðu flokksins um fjárhagsleg tengsl hlutabréfa- eða stofnfjáreign, atvinnurekstur o.fl. Einnig var samþykkt á þinginu ályktun um stjórnlagaþing. Við viljum skýra og skerpa skilin á milli þrískiptingar valds, auka gegnsæi og auka tækifæri landsmanna til lýðræðislegrar þátttöku. Með því að koma fram og bjóða núverandi minnihlutastjórn að verja hana falli sýndi ný forysta að Framsóknarflokkurinn er tilbúinn í óhefðbundið samstarf sem kallar á aukna samvinnu stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Þingmenn allra flokka hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum af valdaleysi sínu gagnvart ráðherravaldi.

Þetta kom berlega í ljós þegar þingmaður Framsóknar fór ekki að vilja núverandi minnihlutastjórnar og fylgdi sannfæringu sinni þegar afgreiða átti mál úr þingnefnd. Framsóknarflokkurinn vill með nýjum vinnubrögðum og áherslum leggja sitt af mörkum, hafa forgöngu um umbætur í íslenskum stjórnmálum og vinna að stuðnings landsmanna við að hrinda þeim í framkvæmd.

*Höfundur skipar 4. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík norður.*


Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið





„Bókverk eins og það gerist fínast.“
–Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan.

„Girndargripur sem maður vill eignast.
Eins dýrt kveðinn og hægt er.“
– Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor LHÍ, Kiljan

FÍT

FÍT 2009 – Grafísk hönnun á Íslandi
Snæfríð Þorsteins & Hildigunnur Gunnarsdóttir
Verðlaun í flokknum Grafísk hönnun fyrir prentmiðla

DYNAMO REYKJAVÍK

GIRNDARGRIPUR

*Í tilefni af HönnunarMarsi 2009 er sérstök sýning á bókinni og hönnun hennar á Barónsstíg 27.*

*Opið til kl. 19.00 föstudaginn 27. mars og frá kl. 10.00 til 15.00 laugardaginn 28. mars.*

*Flora Islandica* er ein veglegasta og glæsilegasta bók íslenskrar útgáfusögu. Hún geymir safn teikninga Eggerts Péturssonar af íslenskum háplöntum sem hann gerði fyrir bókina *Íslensk flóra með litmyndum* eftir Ágúst H. Bjarnason, alls 271 teikningu sem birtar eru í sinni upprunalegu stærð með skýringartextum. Bókin kemur aðeins út í 500 tölusettum og árituðum eintökum. Aðeins rétt um helmingur upplagsins er enn fáanlegur.

Verið velkomin í sýningarsal Crymogeu að Barónsstíg 27 og skoðið þessa einstöku bók sem fékk verðlaun FÍT 2009 í flokknum Grafísk hönnun fyrir prentmiðla.
**Fæst aðeins hjá útgefanda. Tekið við pöntunum hjá crymogea@crymogea.is.**

CRYMOGEA
–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | Sími 511 0910 og 899 7839 | crymogea@crymogea.is



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir,**
Ásgarði 139, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 25. mars. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. apríl kl. 13.00.

**Hallgrímur Ingvaldsson** — **Kristbjörg Gunnarsdóttir**
**Hans Jón Björnsson** — **Lykke Björnsson**
**Emil Sæmar Björnsson** — **Alda Snæbjörnsdóttir**
**María Ingunn Björnsdóttir** — **Frans Jensen**
**Björn Elías Björnsson**
**Sveinn Lúðvík Björnsson** — **Margrét S. Pétursdóttir**
**Jón Hafberg Björnsson** — **Valgerður Björnsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Björgvin Sveinsson**
frá Norðurbrún,
áður til heimilis að Hofsvallagötu 49,

lést á Dvalarheimilinu Grund miðvikudaginn 18. mars sl. Útför hans fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 28. mars kl. 14.00. Jarðsett verður í Torfastaðakirkjugarði.

**Júlíana Magnúsdóttir**
**Jóhanna B. Magnúsdóttir**
**Sveinn Magnússon** — **Guðrún Hinriksdóttir**
**Kristján Már Magnússon** — **Snjólaug Brjánsdóttir**
**Ingibjörg Magnúsdóttir** — **Sigurður Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Friðdóru Gísladóttur**
Arnarnesi, Dýrafirði, Bólstaðarhlíð 45.

Sérstakar þakkir færum við Ólafi Samúelssyni lækni og hjúkrunarfólki líknardeildar Landspítala Landakoti fyrir hlýhug og elskuleg heit sem þið sýnduð henni og okkur fjölskyldunni.

**Birna Haukdal** — **Magnús Jóhann Óskarsson**
**Garðar Magnússon** — **Helle Magnússon**
**Katrín Magnúsdóttir** — **Þórólfur Sigurðsson**
**Friðdóra Magnúsdóttir** — **Rafn Magnús Jónsson**
**og langömmubörnin.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur Garðar Bragason**
Stillholti 19, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 22. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 31. mars kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Ásdís Magnúsdóttir**
**Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir** — **Gunnar Larsen**
**Magnús Bragi Gunnlaugsson** — **Margrét Ýr Valgarðsdóttir**
**Gautur Garðar Gunnlaugsson** — **Sigríður Ása Sigurðardóttir**
**Jóhann Bjarki Gunnlaugsson**
**og afabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför,*

**Svövu Björnsdóttur**
Hrafnistu, Reykjavík.

Þökkum sérstaklega starfsfólki Hrafnistu fyrir góð störf og samvinnu.

**Rósa Hilmarsdóttir**
**Árný Birna Hilmarsdóttir**
**Páll Hjálmur Hilmarsson**
**og fjölskyldur.**



*Yndisleg mamma mín, amma, systir og langamma,*

**Sigurbjörg Runólfsdóttir (Didda),**
Hjúkrunarheimilinu Eir,

lést hinn 19. mars. Útförin fer fram mánudaginn 30. mars kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Margrét Erla Benónýsdóttir**
**Benóný Hilmar Margrétarson**
**G. Íris Margrétardóttir**
**Unnur Runólfsdóttir**
**og langömmubörn.**



*Elskuleg dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Auður Bryndís Guðmundsdóttir**
Heiðarbraut 7c, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 23. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 30. mars kl. 14.00.

**Róberta Bára Maloney** — **Viðar Ólafsson**
**Óskar Frank Guðmundsson**
**Aníta Eva Viðarsdóttir**
**Guðmundur Óskarsson** — **Hrafnhildur Svavarsdóttir**
**Aron Geir Guðmundsson**
**Tinna Björk Guðmundsdóttir**
**ömmur og afar.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur hluttekningu og hlýhug í veikindum og við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Önnu Sigurðardóttur**
frá Brekku.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólk Dvalarheimilis aldraðra Borgarnesi, fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Þorsteinn Þórðarson**
**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** — **Árni Þór Sigurðsson**
**Þórður Þorsteinsson** — **Agnes Agnarsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson** — **Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir**
**Gunnar Þór Þorsteinsson** — **Íris Inga Grönfeldt**
**Þórhildur Þorsteinsdóttir** — **Elvar Ólason**
**og barnabörn.**



*Þökkum innilega öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Helga Hersveinssonar**
Sólvangi, áður Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs á 2. hæð fyrir góða umönnun, ástríki og hlýhug.

**M. Hera Helgadóttir** — **Reimar Georgsson**
**Kristján A. Helgason** — **Jóna S. Marvinsdóttir**
**Helgi Hrafn Reimarsson**
**Arnar Marvin Kristjánsson**

**QUENTIN TARANTINO ER 46 ÁRA.**

*„Ég hafði gaman af sagnfræði, því fyrir mér er sagnfræði eins og að horfa á kvikmynd.“*

***Leikstjórinn, handritshöfundurinn og leikarinn Quentin Tarantino er þekktur fyrir kvikmyndir á borð við Reservoir Dogs, Pulp Fiction og Kill Bill.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**KENNARAR** Sigurður Sævarsson skólastjóri ásamt kennurunum Árna Arinbjarnarsyni, Signýju Sæmundsdóttur og Ásdísi Þorsteinsdóttur Stross. Árni og Ásdís hafa kennt við skólann frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÝI TÓNLISTARSKÓLINN: 30 ÁRA

## Byrjaði smátt

Nýi tónlistarskólinn fagnar um þessar mundir þrjátíu ára afmæli sínu. Ragnar Björnsson píanisti stofnaði skólann árið 1979 og var jafnframt fyrsti skólastjórinn. Hann hafði áður verið skólastjóri í Keflavík en þrír af samkennurum hans þar ákváðu að flytja sig með honum til Reykjavíkur til að kenna í Nýja tónlistarskólanum sem var þá fyrsti tónlistarskólinn í Austurbæ.

Fyrstu árin starfaði skólinn í lítilli húsvarðaíbúð í Breiðagerðisskóla en fljótlega flutti skólinn í leiguhúsnæði í Ármúla og síðan í framtíðarhúsnæði að Grensásvegi 3 þar sem skólinn hefur glæsilega aðstöðu í dag.

Afmælistónleikar verða haldnir í Langholtskirkju í kvöld klukkan átta, og eru í minningu Ragnars á afmælisdegi hans. Þar koma fram nemendur, fyrrverandi nemendur og kennarar skólans. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Jónsdóttir**
Dvalarheimilinu Hjallatúni,
áður Víkurbraut 9, Vík í Mýrdal,

lést mánudaginn 16. mars sl. Útför hennar fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 28. mars nk. og hefst athöfnin kl. 14.00

**Sigurjón Rútsson** — **Kristín Einarsdóttir**
**Kristín Rútsdóttir** — **Eysteinn Helgason**
**Heiðrún Rútsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu, systir og mágkonu,*

**Soffíu Árnadóttur**
Ólafsvegi 15, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hornbrekku fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Rúnar Kristinsson** — **Auður Ósk Rögnvaldsdóttir**
**Lísbet Kristinsdóttir**
**Rögnvaldur Brynjar Rúnarsson**
**systkini og makar.**

# Fermingargjafir
## á frábæru verði

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

### Nikon myndavél S225
- 10 MegaPixel
- Skýr 2.5" LCD skjár
- 3x Optical Zoom
- 7x Digital Zoom
- 1/ 2.5" CCD
- Hreyfimyndataka (avi @ 30FPS)
- USB 2.0 tenging
- Li-ion rafhlaða
- Tekur rauð augu í burtu
- Sjálfvirkt flass
- 44MB innbyggt minni
- Styður SDHC kort
- Kaplar og hugbúnaður fylgja
- Mál í mm (bxhxd): 91x57x20




**24.990kr**
GOTT VERÐ

### Casio myndavél EXZ19
- Stafræn myndavél með 9.1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.6" LCD skjár (114.960 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- You Tube™ Capture Mode
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn 848x480 - 7Mbps - 30fps)
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC/MMC/MMCplus kort
- Rafhlaða endist í allt að 180 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja




**19.990kr**
Verð áður 27.990.-

### Toshiba 19" LCD sjónvarp
19DV550PG
- 19" 16:9 LCD skjár
- HD-READY
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DivX 6.0, DVD, DVD+R, DVD-R, JPEG & MP3
- Skerpa:1000:1
- Birtustig: cd/m²
- Nicam Stereo DTS hljóðkerfi
- Analog móttakari
- HDMI, Component, Composite og Analog Audio tengi
- Scart, PC(VGA) tengi, S-Video & heyrnatólstengi
- Fjarstýring fylgir



**59.990kr**
GOTT VERÐ

### United 19" LCD sjónvarp
TVD8819
- 19" 16:10 LCD skjár
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Innbyggður DVD spilari
- Aðgerðarhnappar á tækinu
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, Video, S-Video & VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir



**49.990kr**
Verð áður 59.990.-

### Thoshiba 32" LCD sjónvarp
32AV555DG
- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- HD-Ready
- Active Vision LCD
- Upplausn: 1366x768
- Progressive Scan
- Dýnamísk skerpa: 20.000:1
- Birtustig: 450 cd/m²
- 100Hz tæki
- TV uppskölun
- 2x 20w stereó SRS WoW hljóðkerfi
- DVB-T stafrænn móttakari
- Svartími: 4ms
- Digital Noise Reduction
- 2x HDMI, Component & 2x Composite tengi
- 2x Scart, S-Video & Phono output



**129.990kr**
GOTT VERÐ

### JBL vagga fyrir iPod með hátalara
- Vagga fyrir iPod
- Aux tengi fyrir MP3 geislaspilara og fleira
- 30w (2x15w)
- Auðvelt og þægilegt í notkun
- Margir tengimöguleikar
- Stjórnaðu iPodnum með fjarstýringunni
- OCT - tært og nákvæmt hljóð
- Signal-to-noise: >85dB
- Þyngd: 0,5kg
- 4x hleðslu- AAA rafhlöður
- iPod fylgir ekki



**21.990kr**
GOTT VERÐ



### Philips 8 in 1 hársett HP4696
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkum

**8.990kr**
GOTT VERÐ



### Melissa hársett 635085
- 1800w hárblásari
- Ion tækni sem afrafmagnar hárið
- 2 hraðastillingar ásamt köldum blæstri
- Sléttujárn með keramik húð
- Hitastillir frá 80° til 230°C
- Keramik krullujárn
- Stiglaus hitastillir
- Hárbursti fylgir

**8.990kr**
GOTT VERÐ



### Philips hárblásari HP4981
- 2000w hárblásari
- 6 hita- og hraðastillingar
- 1,8m kapall

**5.990kr**
GOTT VERÐ

OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 2. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð






NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Óþægindi í úrslitakeppninni



Hvílík dýrindis gósentíð sem vorið er fyrir kappleikjanörda. Þegar spennan sem hleðst upp hægt og rólega yfir veturinn vellur skyndilega upp á yfirborðið eins og djúsí graftarbóla og keppnislið og áhorfendur ýmist uppskera árangur erfiðis síns eða gráta grimm örlög.

Úrslitakeppnin í körfuknattleik er mál málanna þessa dagana og stefnir allt í hörku úrslitarimmu milli KR og Grindavíkur. Það eina sem pirrar mig við að horfa á þessa íþróttaveislu í sjónvarpi er sú óskiljanlega ákvörðun, sem verið hefur við lýði í nokkur ár, að heimila sjónvarpsfólki að reka myndavél og hljóðnema framan í þjálfara liðanna í leikhléum.

Ég er á þeirri skoðun að samband þjálfara við leikmenn sína sé jafn heilagt og hjónabandið. Þegar tekið er upp á þessum óskapnaði í hita leiksins líður mér þess vegna dálítið eins og ég hafi rambað inn á fólk í ástarleik, eða gengið inn á einhvern á klósettinu. Hvaða erindi hef ég í þær innilegu og alvöruþrungnu samræður sem með réttu ættu að eiga sér stað á varamannabekknum? Þessar aðstæður geta orðið afar vandræðalegar, svo ekki sé meira sagt.

Þessi árátta hlýtur líka að vera afskaplega óþægileg fyrir sjálfa þjálfarana. Eiga þeir ekki rétt á því að koma því sem þeim liggur á hjarta til skila til leikmannanna án þess að alþjóð sjái og heyri? Ef ég væri þjálfari myndi ég hreinlega áskilja mér þann rétt að geta kallað leikmenn mína bölvaða bjöllusauði og veimiltítur þegar þeir óhlýðnast skipunum mínum, án þess að amma gamla þurfi að verða vitni að ósköpunum í beinni útsendingu. Ég kalla eftir afturhvarfi til fortíðar, þegar þjálfarar gátu húðskammað leikmenn í öruggu vari fyrir fjölmiðlum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Hús moskunnar
Kader Abdolah

**1.890 kr.**
~~1.980 kr.~~




Leiðin til lífshamingju
Dalai Lama & Howard C. Cutler

**1.890 kr.**
~~1.980 kr.~~

# Fjórar heillandi

## um hugmyndir, hugsjónir og vonir

**Náðu þér í góðar og endurnærandi kiljur fyrir páskana á góðu verði**




Tilræðið
Yasmina Rhadra

**1.890 kr.**
~~1.980 kr.~~




Skaparinn
Guðrún Eva Mínervudóttir

**1.890 kr.**
~~1.980 kr.~~

**Tilboðin gilda til 8. apríl**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 28/3 kl. 14:00 U | Lau 18/4 kl. 17:00 U | Sun 3/5 kl. 17:00 U |
| Lau 28/3 kl. 17:00 U | Sun 19/4 kl. 14:00 U | Þri 5/5 kl. 18:00 U |
| Sun 29/3 kl. 14:00 U | Sun 19/4 kl. 17:00 U | Sun 10/5 kl. 14:00 U |
| Sun 29/3 kl. 17:00 U | Lau 25/4 kl. 14:00 U | Sun 10/5 kl. 17:00 U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Lau 25/4 kl. 17:00 U | Lau 16/5 kl. 14:00 U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Sun 26/4 kl. 14:00 U | Lau 16/5 kl. 17:00 U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 U | Sun 26/4 kl. 17:00 U | Sun 17/5 kl. 14:00 U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U | Sun 17/5 kl. 17:00 U |
| Lau 18/4 kl. 14:00 U | Sun 3/5 kl. 14:00 U | Sun 24/5 kl. 14:00 U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 1/4 kl. 20:00 Ö | Fim 23/4 kl. 20:00 | Lau 9/5 kl. 20:00 |
| Fim 2/4 kl. 20:00 Ö | Lau 2/5 kl. 20:00 | Fös 15/5 kl. 20:00 |
| Mið 15/4 kl. 20:00 Ö | Fös 8/5 kl. 20:00 | |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. Ö | Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. U | Þri 21/4 kl. 20:00 U |
| Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. Ö | Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn. | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 27/3 kl. 21:00 frums. U | Sun 5/4 kl. 21:00 | Fös 24/4 kl. 21:00 |
| Lau 28/3 kl. 21:00 Ö | Fös 17/4 kl. 21:00 | Lau 25/4 kl. 21:00 |
| Fös 3/4 kl. 21:00 Ö | Lau 18/4 kl. 21:00 | |

Ath. snarpt sýningatímabil

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 28/3 kl. 13:00 U | Lau 18/4 kl. 13:00 | Lau 25/4 kl. 14:30 |
| Lau 28/3 kl. 14:30 U | Lau 18/4 kl. 14:30 | |
| Lau 28/3 kl. 16:00 auka. U | Lau 25/4 kl. 13:00 | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 27/3 kl. 21:00 | Fös 3/4 kl. 21:00 | Fös 17/4 kl. 21:00 |
| Fim 2/4 kl. 21:00 | Fim 16/4 kl. 21:00 | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr.



VesturPort



DUBBELDUSCH

eftir Björn Hlyn Haraldsson

SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

| | | |
|---|---|---|
| 27.03.09 | Föstudagur | 20:00 |
| 28.03.09 | Laugardagur | 20:00 |
| 03.04.09 | Föstudagur | 20:00 |
| 18.04.09 | Laugardagur | 20:00 |

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is







## kl. 17.00

*Kristján Eiríksson, formaður Íslenska esperantosambandsins, sækir heim 101 Projects bak við Alþjóðahúsið þar sem Susan Hiller er með sýningu og fjallar um hugmyndir um alþjóðamálið esperanto. Hann segir frá Zamenhof, höfundi málsins, og gerir grein fyrir upphafi esperantos og stöðu þess nú á tímum tölvutækni. Hugsjónir esperantista eru nátengdar baráttu lítilla málsamfélaga fyrir tungu sinni og menningu en sú umræða skírskotar beint til yfirstandandi sýningar Susan Hiller í sýningarrýminu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sögur úr lífi Kúlunnar



**HÖNNUN** Uppstillingar í Kúlunni 1962.

Framlag Listasafns Íslands til hönnunardaga Hönnunarmiðstöðvar Íslands 2009 er Kúlan. Hún var húsgagnaverslun við Skólavörðustíg 10 í Reykjavík sem var stofnuð í apríl 1962. Þar átti að selja ódýr og nýstárleg húsgögn og listmuni.

Magnús Pálsson og Dieter Roth voru hvatamenn að Kúlunni og þeim varningi sem þar var seldur og framleiddur. Magnús Jóhannsson, kaupmaður í Skeifunni, lagði til húsnæði og framleiddi húsgögnin en Dieter Roth og Magnús Pálsson sáu um reksturinn. Fleiri komu að hönnun og framleiðslu: Manfreð Vilhjálmsson, Jón Gunnar Árnason, Sigríður Björnsdóttir og Gunnar Malmberg. Kúlan var opin í þrjá mánuði og eins og Magnús Pálsson segir sjálfur; „seldist sama og ekki neitt, þetta var bara næs draumur og meira til gamans gert". Í dag milli kl. 12.10-13.30 mun Björn Roth myndlistarmaður segja frá líftíma Kúlunnar í Listasafninu við Fríkirkjuveg. **- pbb**

# AÐSÓKN AÐ LEIKHÚSUM



MYND/MINDGROUP

**LEIKHÚS** Mikil aðsókn er aðeins að fáum leiksýningum. Flestar þeirra ná aðeins fáum þúsundum gesta. Í kvöld verða tvær frumsýningar í stóru leikhúsunum: Sædýrasafnið og Þú ert hér, sem er nýtt leikverk Jóns Atla Jónassonar og félaga, sjá mynd.

Hagstofan hefur um langt árabil unnið gagnagrunn um rekstur leikflokka og leikhúsa. Er stöðugt bætt í grunninn og gefur hann orðið greinargott yfirlit um hvað er í gangi á þessu sviði menningarlífsins. Nú eru birtar á vef Hagstofunnar tölur um aðsókn á liðnu leikári 2007-2008 en áhorfendur leikhúsa, leikhópa og áhugaleikfélaga voru ríflega 414 þúsund það árið. Hver landsmaður sótti leiksýningu 1,3 sinnum á leikárinu. Gestum fækkaði frá fyrra leikári 2006/2007 um tæplega 25 þúsund gesti. Á síðasta leikári voru settar á fjalirnar 231 uppfærsla. Sýningar voru 3.339 talsins.

Frá aldamótum hefur aðsókn rokkað nokkuð. Samdráttur liðins árs frá aðsókn leikársins 2006/7 sem var um 440 þúsund gestir er því mun minni en þegar mesta lægðin í aðsókn var 2002/3 þegar hún fór niður fyrir 350 þúsund. Allan þennan áratug hefur aðsókn þó verið langt yfir toppum áranna fyrir 2000 þegar hún náði mest 300 þúsund gestum.

Telja má víst að á þessu leikári fjölgi sýningargestum og ræður þar mestu um góð aukning í aðsókn að Borgarleikhúsinu. Þá er í vændum að endurupptekinn rekstur í Loftkastalanum bæti líka í gestafjölda.

Á síðasta leikári voru starfrækt sex atvinnuleikhús með aðstöðu í fimm byggingum. Á vegum þeirra voru 12 leiksvið sem rúmuðu 2.798 gesti í sæti. Leikhúsin settu 78 uppfærslur á svið hér innanlands, þar af voru leikrit, eins og það kallast í bókum Hagstofunnar, flest, 46 talsins. Samanlagður fjöldi sýninga var 1.205. Uppfærslur á verkum íslenskra höfunda voru 33, en eftir erlenda 38. Leikhúsgestir í húsum í umráðum leikflokka, Þjóðleikhúsi, Borgarleikhúsi, Íslensku óperunni, Hafnarfjarðarleikhúsinu, Möguleikhúsinu og Leikfélagi Akureyrar voru samtals 275.207, að meðtöldum samstarfsverkefnum og gestasýningum. Sýningargestum leikhúsanna fjölgaði um ríflega 16 þúsund frá fyrra leikári.

Atvinnuleikhópar starfa stopult en á liðnu ári fjölgaði þeim sem settu upp eina eða fleiri leiksýningar. Voru 39 talsins en 22 leikárið 2000/2001. Á síðasta leikári settu hóparnir á svið innanlands 84 uppfærslur.

Leikrit og verk eftir innlenda höfunda eru uppistaðan í uppfærslum hópanna. Sýningar innanlands voru 1.925 að meðtöldum sýningum í samstarfi við leikhús og sýningum í skólum. Heildaraðsókn að þessum sýningum var 178.125 og fækkaði sýningargestum um 34 þúsund frá leikárinu 2006/2007.

Á næstliðnu leikári færðu 35 áhugaleikfélög á fjalirnar 81 leiksýningu. Þrjár af hverjum fjórum uppfærslum voru leikverk eftir innlenda höfunda. Félögin sýndu 457 sinnum fyrir um 30 þúsund gesti.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar eru starfsmenn í leikstarfsemi 835. Ætla má að afleidd störf leikhúsiðnaðar í landinu séu á annað hundrað.

**pbb@frettabladid.is**


FRÓÐLEIKUR FYRIR ALLA




MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

GÓÐAR OG GAGNLEGAR FERMINGARGJAFIR

# „ÞÉR ERUÐ SALT JARÐAR“

FERMINGARGJAFIR
25-40% AFSLÁTTUR
AF EAMES-STÓLUM

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Hallarmúla 4
108 Reykjavík
Sími 540 2030
www.saltfelagid.is

HÖFUM FLUTT Í PENNANN HALLARMÚLA





EIGUM TIL HINAR SÍVINSÆLU VITRA-KLUKKUR OG PANTON-STÓLA







Opið frá kl. **8-18 virka daga**.

ENNEMM / SÍA / NM37344

## > FÉKK SÉR BYSSUTATTÚ

**Rihanna** var í Los Angeles í vikunni og lét flúra skammbyssur á líkama sinn. Samkvæmt heimildum The Sun vildi Rihanna fyrst hafa skammbyssurnar beggja megin fyrir ofan handakrikana, en hætti við vegna samnings síns við snyrtivörufyrirtækið Cover Girl. Þess í stað lét hún setja byssurnar á síðurnar báðum megin og er sögð vera mjög ánægð með útkomuna.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Undanúrslit hefjast

42 hljómsveitir taka þátt í Músíktilraunum sem hefjast í Íslensku óperunni í kvöld. Alls verða fjögur undanúrslitakvöld haldin í stað fimm eins og verið hefur. Þar velur dómnefnd eina hljómsveit áfram og áhorfendur eina. Eftir öll undanúrslitakvöldin getur dómnefnd svo valið tvö bönd til viðbótar áfram í úrslitin, sem verða haldin í Listasafni Reykjavíkur 4. apríl. Dómnefnd keppninnar skipa þau Árni Matthíasson, sem er formaður nefndarinnar, Alexandra Kjeld, Arnar Eggert Thoroddsen, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Kristján Kristjánsson, Margrét Erla Maack og Ragnheiður Eiríksdóttir.

Á heimasíðunni musiktilraunir.is er hægt að skoða upplýsingar um allar hljómsveitirnar og hlusta á tóndæmi með hverri fyrir sig.



**AGENT FRESCO** Hljómsveitin Agent Fresco vann Músíktilraunir á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í nýrri mynd Woody Allen

**Ástralska leikkonan Nicole Kidman hefur bæst í hóp þeirra stjarna sem leika í næstu mynd Woody Allen, en myndin hefur ekki enn fengið nafn. Aðrir sem leika í myndinni eru Antonio Banderas, Josh Brolin, Anthony Hopkins, Freida Pinto og Naomi Watts.**

**Allen er vanur að laða hverja stjörnuna á fætur annarri í myndir sínar og verður þessi greinilega engin undantekning. Áður en hún kemur út er væntanleg önnur mynd frá honum í júní, Whatever Works. Hún verður frumsýnd í næsta mánuði á Tribeca-hátíðinni í New York.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 27. mars 2009**

### ➜ Tónleikar



**17.00 Mikael Lind** verður með tónleika í 12 Tónum við Skólavörðustíg.

**20.00** Í tilefni af 10 ára afmælis **dordingull.com**, verða tónleikar í TÞM-Hellinum við Hólmaslóð 2. Fram koma **Dys**, **Andlát**, **Changer**, **Beneath** og **Logn**. Húsið opnar kl. 19.30.

**22.00 Queen Tribute** tónleikar verða á Græna Hattinum á Akureyri.

**22.00** Á Dillon Rokkbar við Laugaveg spila **Vicky**, **Skorpulifur** og trúbadorinn **Jón Tryggvi**. Húsið opnar kl. 21.

**23.00** Á Dillon Sportbar við Trönuhrauni 10 í Hafnarfirði koma fram: **Wistaria**, **Discord**, **Chronolius** og **Final Addiction**. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Dansleikir

**Ingó og veðurguðirnir** verða á Players, Bæjarlind 4, Kópavogi.

**Papar** spila á Mælifelli á Sauðárkróki.

### ➜ Sýningar



**Lísa K. Guðjónsdóttir** hefur opnað sýningu sína **„Fiskur úr steini“** í Náttúrufræðistofu Kópavogs við Hamraborg 6a í Kópavogi þar sem hún sýnir steinskúlptúra. Opið mán.-fim. kl. 10-20, fös. kl. 11-17 og um helgar 13-17.

Tólf listamenn í **Leirlistafélagi Íslands** sýna verk sín í Te & Kaffi og Eymundsson við Austurstræti 18. Opið kl. 9-22 virka daga og kl. 10-22 um helgar.

Opnuð hefur verið sýning á skúlptúrum, blýantsteikningum og myndbandsverkum eftir **Guðjón Ketilsson** í Artóteki, 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu. Opið mán kl. 10-21, þri.-fim. 10-19, föst. kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

### ➜ Fyrirlestrar

**15.15 Salvör Nordal**, forstöðumaður Siðfræðistofnunar, flytur erindið „Er friðhelgi forsenda umburðarlyndis“ í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar við Arngrímsgötu 3.

**16.00 Kristján Eiríksson**, formaður Íslenska esperantosambandsins, fjallar um alþjóðatungumálið esperanto í sýningarýminu 101 Projects við Hverfisgötu 18a. Allir velkomnir.

### ➜ Gjörningar

**20.00** Í **Kling & Bang** við Hverfisgötu 42 verður uppákoma þar sem opinn míkrafónn verður í sem víðasta samhengi. Allir velkomnir.

### ➜ Kvikmyndir



**Ítölsk kvikmyndahátíð** 27.-29. mars í Regnboganum, Hverfisgötu 54. Sýndar verða þrjár kvikmyndir eftir **Paolo Sorrentino**. L'uomo in più, Le conseguenze dell'amore og L'Amico di famiglia. Enskur texti.

### ➜ Opnanir

**Ólafur Elíasson** opnar tvær sýningar.

**17.00** Opnun í Galleríi 100° í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1.

**18.00** Opnun i8 Galleríi við Klapparstíg 33.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**12.00 Jóna Þorvaldsdóttir** verður með kynningu á verkum sínum og gefur gestum innsýn í gerð platínó-palladíum ljósmyndaprents í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu 15, 6. hæð. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.








**FLOTT OPNUN** Þórgunnur Oddsdóttir, Anna Fríða Jónsdóttir, Elísabet Brynhildardóttir og Ragnhildur Jóhannsdóttir voru á Kaffistofu á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Huldar Hjörtur opnar í Kaffistofu

**Samsýningin Huldar Hjörtur var opnuð á miðvikudagskvöldið í Kaffistofu, sem er nýtt nemendagallerí myndlistarnema við Listaháskóla Íslands.**

„Við opnuðum nemendagalleríið þarsíðasta laugardag, en þetta er vettvangur fyrir myndlistarnema við LHÍ til að sýna hvað þeir eru að gera og halda sýningar. Það verður eitthvað um að vera í hverri viku og annað kvöld ætlar til dæmis hljómsveitin Sudden Weather Change að vera með hlustunarpartí og sýna „artworkið“ á nýju plötunni sinni, en þrír af hljómsveitarmeðlimunum eru í myndlistardeildinni og einn í grafískri hönnun við LHÍ,“ segir Sigríður Torfadóttir Tulinius sem er á öðru ári í myndlistardeild Listaháskólans og á verk á samsýningunni.

„Það er komin full dagskrá í galleríinu fram á vor og fram undan er meðal annars spagettígerðarnámskeið og fyrirlestrar svo eitthvað sé nefnt,“ bætir hún við. Kaffistofa er til húsa að Hverfisgötu 42 B þar sem Kaffistofa Samhjálpar var áður. Samsýningunni Huldar Hjörtur lýkur í dag, en galleríið verður opið milli klukkan 14 og 18. **alma@frettabladid.is**



**Á KAFFISTOFU** Þorgerður Ólafsdóttir og Ásgeir Sigurgeirsson mættu á opnunina, en Þorgerður á verk á samsýningunni.



**SAMSÝNING** Kristín Rúnarsdóttir og Arna Óttarsdóttir voru glaðar í bragði á Kaffistofu, en Arna á verk á samsýningunni Huldar Hjörtur.



**NÝTT NEMENDAGALLERÍ** Hallgrímur Jón Hallgrímsson og Una Baldvinsdóttir, en Una á verk á sýningunni Huldar Hjörtur.



**GÓÐ STEMNING** Selma Hreggviðsdóttir, Bergur Anderson og Helga Páley Friðþjófsdóttir voru í góðum gír í nemendagalleríinu Kaffistofu.

# Skóaðu þig upp!

## skór á alla fjölskylduna



# Afnemum VSK

## af öllum skóm

Vincent™ a big step for small feet www.vincentshoestore.com SWEDEN

Be Wild! Footwear

VAGABOND

Clarks Shoes designed for living

ecco

aze

Trigger

STUDIO London

FILANTO

bullboxer

viking Guaranteed waterproof footwear

true

DreamTeam

Reebok

grisport

LATI BÆR

Barbie

DORA

melania

Sanita

Waterland

SPIDERMAN

Gildir til 29. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 5:50 - 8D - 10:30D | 12 |
| KNOWING | kl. 4 - 8 - 10:30 | VIP |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40D - 5:50D - 8 | L |
| DUPLICITY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 5 - 8:20 - 10:10 | 16 |
| ELEGY | kl. 3:40 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DESPEREAUX m/ísl tali | kl. 3:40 | L |
| BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl tali | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 4D - 8D - 10:30D | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40D - 5:50D | L |
| WATCHMEN | kl. 7D - 10D | 16 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 - 11:10 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50 - 8 | L |
| HOTEL FOR DOGS m/Ensku tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 6 - 8 | 7 |
| WATCHMEN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE WRESTLER | kl. 10:10 | 14 |
| TALE OF DESPERAUX m/ísl tali | kl. 6 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU


# Kira Kira spilar á Hróarskeldu

Tónlistarkonan Kira Kira hefur verið bókuð á Hróarskelduhátíðina í Danmörku í sumar í fyrsta sinn. Bætist hún þar með í hóp flytjenda á borð við Coldplay, Kanye West, Lil Wayne, Slipknot og Hjaltalín sem spila á hátíðinni.

„Ég er bara frekar kát með þetta,“ segir Kristín Björk Kristjánsdóttir, eða Kira Kira. „Það verður forvitnilegt að sjá Slipknot. Ég var svo rosalegur þungarokkari í gamla daga að ég held að það muni gera mér gott að sjá Slipknot. Þá á eftir að vekja eitthvert gamalt dýr í mér upp af værum svefni.“ Tónleikar Kiru og hljómsveitar hennar verða snemma dags 30. júní á Pavilion-sviðinu, því sama og Bloodgroup spilaði á í fyrra. Um er að ræða stórt tjald fyrir um tíu þúsund áhorfendur.



**KIRA KIRA** Frá vinstri: Alex Somers, Kira Kira, Eiríkur Orri Ólafsson, Pétur Hallgrímsson og Magnús Helgason. MYND/TAKESHI EHARA

Í lok apríl heldur Kira Kira svo í stutta tónleikaferð um England og Wales ásamt finnska trymblinum Samuli Kosminen. Að henni lokinni ætlar hún að flytja til Hannover í Þýskalandi. „Þá eru allir túrar miklu auðveldari og maður getur bara keyrt til Bretlands. Núna verða tónlistarmenn að fara á sjóinn, það er eina vitið. Það verður bara að róa á miðin,“ segir hún.

Í september er ferðinni svo heitið í tónleikaferð um Evrópu ásamt Sólrúnu Sumarliðadóttur úr Amiinu og Guðlaugu Dröfn Gunnarsdóttur. - fb

# Draumalandið á lokastigi

**Þorfinnur Guðnason og Andri Snær Magnason eru að leggja lokahönd á heimildarmyndina Draumalandið sem er byggð á samnefndri bók Andra Snæs. Myndin kemur út 8. apríl og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu.**



**ÞORFINNUR GUÐNASON** Þorfinnur hefur verið önnum kafinn undanfarið við gerð heimildarmyndarinnar Draumalandið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er allt á lokastigi núna. Við erum bæði að setja myndina saman og mixa hljóðið,“ segir Þorfinnur. „Þetta var tekið upp á 33 mm filmu til að fá allra bestu gæðin, sérstaklega vegna þess að við ætlum að sýna þarna einstakar myndir sem eru, má segja menningarsögulegar, af náttúru sem er horfin,“ segir hann. „Við fórum út um allt land og festum á filmu bæði það sem var að hverfa og það sem er á dauðalistanum og tókum það upp á 33 mm filmu til að eiga og varðveita fyrir komandi kynslóðir.“ Venjulega eru heimildarmyndir teknar upp á videó vegna þess hversu dýrt það er að nota filmur. Upplifunin af slíkum videó-upptökum er aftur á móti ekki sú sama og ef alvöru filma er notuð.

Í tilefni af frumsýningu myndarinnar kemur hingað til lands John Perkins sem samdi bókina Confessions of an Economic Hit Man. Hann er einmitt einn af viðmælendunum í myndinni. „Hann heimfærir ýmislegt úr bókinni upp á okkar samfélag,“ segir Þorfinnur og bætir við að það sé mikill fengur að fá hann til landsins.

Leikstjórinn vonast eftir góðum viðbrögðum við Draumalandinu. „Við erum búnir að eyða tæpum þremur árum í hana og ég hlakka mikið til. Það var gaman að vinna með Andra Snæ. Við komum hvor úr sinni áttinni en þessi kokkteill hristist ágætlega vel saman. Ég er fullviss um að við verðum ánægðir með þessa mynd. Hún er ekki um álver eins og margir halda. Hún er meiri speglun á okkar samfélagi og því samfélagi sem við höfum kosið að byggja okkur upp. Það er mikill húmor í henni líka.“

Valgeir Sigurðsson hefur nýlokið við að taka upp tónlist við myndina. Rúmlega tuttugu manns komu að verkefninu, enda var notast bæði við strengja- og blásturshljóðfæri auk slagverks. Sérlegir aðstoðarmenn Valgeirs í verkefninu voru ekki af lakara taginu, eða þeir Nico Muhly, Sam Amidon og Ben Frost. Muhly, sem nýverið samdi tónlistina við Hollywood-myndina The Reader, lék stórt hlutverk í hljómsveitarstjórn á meðan hinn bandaríski Amidon söng á íslensku. Frost sinnti jafnframt hinum ýmsu verkefnum. „Þeir voru alveg boðnir og búnir að taka þátt,“ segir Valgeir. „Við vinnum allir saman að ýmsu öðru og þetta gengur mikið út á vinnuskipti á milli okkar,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MALL COP LÚXUS D | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 4 | L |
| WATCHMEN D | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 3.40 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 6 - 9 | 14 |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 10.20 | L |
| THE READER | kl. 8 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| KILLSHOT | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 10.30 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| ÍTALSKIR DAGAR | | |
| THE FAMILY FRIEND | kl. 5.30 | L |
| ONE MAN UP | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.10 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 5.50 | 12 |
| | | 14 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| DUPLICITY | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN - Ísl. tal | kl. 4 (650 kr) | L |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Íslenskt tal | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 4 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |



Nýtt frá Myllunni

# Veldu nýja mjúka íslenska kanilsnúða frá Myllunni




*Mundu eftir íslenska pokanum*

Íslenskir framleiðendur búa að því að geta brugðist skjótt við á erfiðum tímum.
Loks geta Íslendingar snúðað sig á íslenskum kanilsnúðum frá Myllunni.

Smakkaðu mjúka íslenska kanilsnúða í dag.
Spörum gjaldeyrinn, kaupum íslenskt.

ÍSLENSKT já takk!

- **Mjúkir og góðir**
- 6% trefjar
- **Engar transfitusýrur**
- Hentugar umbúðir
- **Spörum gjaldeyrinn**
- Smakkaðu íslenska kanilsnúða
- **Veljum íslenskt**



*Loksins íslenskir mjúkir kanilsnúðar – smakkaðu!*

## Viljum við nýtt Ísland?

Við Íslendingar eigum að framleiða sem mest ofan í okkur og á. Hluti þess að byggja upp betra samfélag sem við getum verið stolt af er að efla íslenska framleiðslu. Við hjá Myllunni vinnum nú að því að auka úrvalið af nýbökuðu brauði og bakkelsi með hagstæðari lausnum í samkeppni við innfluttar vörur. Reynslan, þekkingin og tæknin er til staðar. Án samstöðu allra landsmanna um að kaupa íslenskt eiga framleiðendur þó við ofurefli að etja. Framtíð framleiðslufólks veltur á því að Íslendingar velji íslenskar vörur. Verum stolt og veljum íslenskt!

www.myllan.is

**Smakkaðu íslenska mjúka kanilsnúða frá Myllunni**

Verum íslensk



MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

## > Birgir Leifur í hópi efstu manna

Birgir Leifur Hafþórsson lék mjög vel á fyrsta hring á Opna Andalúsíu-mótinu á Spáni í dag en þetta sterka mót er hluti af Evrópumótaröðinni. Birgir Leifur lék holurnar átján á 69 höggum, eða þremur höggum undir pari. Hann er í 11. sæti eftir fyrsta dag, aðeins tveimur höggum á eftir efstu mönnum en meðal þeirra er Skotinn Colin Montgomerie. Birgir Leifur fékk þrjá skolla, fjóra fugla og örn á skrautlegri ferð sinni í gegnum fyrri níu holurnar en á seinni níu spilaði hann af miklu öryggi og hélt sig á þremur höggum undir pari.



**sport**

sport@frettabladid.is

**BIRKIR BJARNASON:** VALINN Í LANDSLIÐSHÓPINN Í FYRSTA SKIPTI VEGNA MEIÐSLA LEIKMANNA

# *Það var alltaf stefnan að komast í landsliðið*



Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær tvær breytingar á íslenska landsliðshópnum sem mætir þeim skoska á Hampden Park í Glasgow á miðvikudaginn. Þeir Heiðar Helguson og Birkir Már Sævarsson verða fjarverandi vegna meiðsla en í þeirra stað valdi hann þá Ármann Smára Björnsson og Birki Bjarnason. Báðir leika þeir í Noregi.

En þar með er meiðslasögu íslenska landsliðsins ekki lokið. Ólafur sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að 99 prósent líkur væru á því að Brynjar Björn Gunnarsson myndi einnig missa af leiknum þar sem hann meiddist um helgina.

Þetta eru sérlega slæm tíðindi fyrir íslenska landsliðið þar sem annar sterkur varnartengiliður, Stefán Gíslason, er í banni í leiknum.

Birkir sagðist hins vegar í samtali við Fréttablaðið fagna því að vera kominn í A-landsliðið.

„Þetta er auðvitað eitthvað sem ég hef stefnt að undanfarið og er ánægður með að fá tækifærið nú," sagði Birkir. „Ég veit nú lítið um hvort ég fæ að spila en ég mun gera mitt allra besta á æfingum og sjá svo til." Birkir á að baki fjölda leikja með unglingalandsliði Íslands en fær nú tækifærið með A-liðinu þó svo að hann sé gjaldgengur í U-21 liðið í tvö ár enn.

Hann hefur lengi búið í Noregi þar sem hann er á mála hjá Viking í Stafangri. Þar lék hann sinn fyrsta leik aðeins átján ára gamall en hann sló í gegn á síðasta tímabili er hann var lánaður til spútnikliðsins Bodö/Glimt. Það gerði það að verkum að hann hefur unnið sér fast sæti í byrjunarliði Viking á tímabilinu sem nú er nýhafið.

„Ég held að ég sé búinn að spila ellefu leiki í röð í byrjunarliðinu," sagði Birkir og telur þá æfingaleiki með. Tveimur umferðum er lokið í norsku úrvalsdeildinni.

„Við erum þrír á miðjunni og ég hef verið að spila sem sóknartengiliður vinstra megin. Það hentar mér vel og er mín óskastaða," sagði Birkir en hann hefur mikið spilað á hægri vængnum með íslenska U-21 landsliðinu.

Aðspurður segir Birkir möguleika Viking á tímabilinu góða. „Við erum með gott lið og eigum fullt erindi í toppbaráttuna."



**MAGAKVEISA** Eiður Smári Guðjohnsen missti af æfingu með Barcelona í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Landsleikurinn við Skota:

## Eiður er veikur

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen glímir nú við magakveisu sem hélt honum frá æfingu með Barcelona í gær. Læknar liðsins sendu íslenska landsliðsmanninn heim og óvíst er hvort hann er fær um að ferðast til Íslands í dag eins og fyrirhugað var.

Eiður Smári verður þó örugglega með á móti Skotum í næstu viku en gæti tekið takmarkaðan þátt í undirbúningnum fyrstu dagana eftir að íslenski hópurinn kemur saman.

Fréttir af skoska landsliðinu eru heldur ekki góðar því varnarmaður Celtic, Stephen McManus, varð í gær fimmti leikmaður liðsins sem getur ekki tekið þátt í leiknum á móti Hollandi á laugardag.

Þeir Paul Hartley, David Weir, Kirk Broadfoot og Kris Commons eru þegar komnir á langan meiðslalista Skotanna. - óój

# Háspenna – lífshætta á Ásvöllum

**Haukakonur eru komnar í 2-1 í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn eftir 74-65 sigur á KR í framlengingu. Ragna Margrét Brynjarsdóttir var allt í öllu í lokin þegar dramatíkin og spennan var engu lík.**

**KÖRFUBOLTI** Haukakonur eru aðeins einum sigri frá því að vinna þriðja Íslandsmeistaratitilinn á fjórum árum eftir 74-65 sigur á KR í lokaúrslitum Iceland Express-deildar kvenna í gær. Haukar voru með frumkvæðið í leiknum en KR kom alltaf til baka. Haukar hafa unnið tvo síðustu leiki einvígisins og geta tryggt sér titilinn í DHL-höllinni á sunnudagskvöldið.

Lokasekúndur leiksins voru svakalegar. Fyrst skoraði Slavica Dimovska þriggja stiga körfu og kom Haukum í 61-58 þegar tvær sekúndur voru eftir og allt Haukaliðið fagnaði eins og þær væru búnar að vinna. Ragna Margrét Brynjarsdóttir gerði síðan þau mistök að brjóta á Hildi Sigurðardóttur í þriggja stiga skoti og Hildur setti öll þrjú vítin niður og tryggði KR framlengingu við litlu minni fögnuð KR-liðsins.

Svo virtist vera sem stemningin yrði öll með KR-liðinu sem hafði nánast risið upp frá dauðum, en í framlengingunni var nánast bara eitt lið á vellinm. Haukarnir unnu framlenginguna 13-4 og eru komnir í lykilstöðu. „Maður hélt að ákveðið „móment" væri komið til okkar þegar Hildur jafnaði en Haukarnir voru ekki lengi að stela því til baka," sagði Jóhannes Árnason, þjálfari KR, eftir leikinn.



**HART BARIST** Það var ekkert gefið eftir í gær en hér hefur Haukakonan Kristrún Sigurjónsdóttir sloppið framhjá KR-ingnum Guðrúnu Ámundadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta var háspenna – lífshætta," sagði Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, eftir leik. „Þetta var frábær karakter hjá stelpunum. Þær lenda í þeirri stöðu að missa leikinn í framlengingu en í stað þess að hengja haus þá börðu þær sig saman og ég sá það á andlitinu þeirra að við vorum ekki að fara að tapa þessu."

Ragna Margrét Brynjarsdóttir var frábær á lokamínútum leiksins en hún gerði einnig þau mistök að gefa Hildi þrjú víti. Ragna Margrét skoraði hins vegar fimm fyrstu stig Haukanna í framlengingunni.

„Ég ætlaði að bæta fyrir þetta og tel mig hafa gert það ásamt öllu liðinu. Bæði liðin mættu tilbúin til leiks en við vildum þetta meira," sagði Ragna Margrét og þjálfarinn var líka ánægður með hana.

„Þetta er búin að vera reynslumikil úrslitakeppni fyrir hana og ég get ekki annað en samgleðst henni að hún skyldi koma okkur á sigurbraut. Ég er rosalega ánægður með hvernig hún brást við. Auðvitað hefði allt getað gerst en hún var frábær í framlengingunni," sagði Yngvi en Ragna Margrét var með 10 stig og 6 fráköst í 4. leikhluta og framlengingu.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, virtist vera að færa KR annað líf þegar hún tryggði liðinu framlengingu en það var eins og spennufallið hefði tekið allan kraftinn úr liðinu. „Við fögnuðum eins og vitleysingar þegar við jöfnuðum en það var framlenging eftir. Við vorum að elta þær allan leikinn," sagði Hildur.

„Við vorum að spila á móti frábæru liði og þær sýndu í þessum leik breiddina sem er í liðinu með því að fá stig úr öllum áttum," sagði Jóhannes Árnason, „Við lítum svo að á að það séu tveir leikir eftir og fjórar æfingar á þessu tímabili. Við ætlum bara að njóta þess," sagði Jóhannes.

ooj@frettabladid.is




KR-ingar geta komist í lokaúrslit Iceland Express-deildar karla í körfubolta í kvöld:

# Geta þeir stoppað Jón Arnór?

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar geta slegið Íslandsmeistara Keflavíkur út úr úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í kvöld vinni þeir þriðja leik liðanna í DHL-Höllinni. Keflvíkingar eiga enn eftir að vinna KR í vetur en þetta verður sjöunda tilraun liðsins.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, gat ekki leynt pirringi sínum út í Jón Arnór Stefánsson í sjónvarpsviðtali eftir annan leik undanúrslitaeinvígis liðanna. Það var kannski skiljanlegt enda þurfti landsliðsþjálfarinn enn á ný að horfa upp á besta körfuboltamann landsins fara illa með hans menn.

Þetta var í sjötta sinn í röð sem Jón Arnór Stefánsson hittir úr 50 prósent skota sinna eða betur á móti Keflavík í vetur og í fimmta sinn í sex leikjum liðanna þar sem hann skorar 24 stig eða meira á móti Íslandsmeisturunum.

KR hefur unnið alla sex leiki sína á móti Keflavík í vetur og Jón Arnór hefur skorað 26,8 stig að meðaltali í þeim. Jón Arnór hefur alls skorað 161 stig í leikjunum eða 60 stigum meira en næsti maður - Keflvíkingurinn Sigurður Gunnar Þorsteinsson.

Leikurinn á þriðjudaginn er annar leikurinn í vetur þar sem Jón Arnór nær að skora 35 stig á Keflavíkurliðið en í báðum tilfellum hitti hann úr 60 prósent skota sinna.

Jón Arnór hefur verið óstöðvandi fyrir utan þriggja stiga línuna í leikjunum en hann hefur sett niður 23 af 41 skoti sínu fyrir utan þriggja stiga línuna á móti Keflavík. Þetta gerir hina ótrúlegu 56,1 prósents skotnýtingu á þriggja stiga körfum auk þess sem hann skorar 3,8 þrista að meðaltali í leik.

Það hefur ekki dugað Keflvíkingum heldur að brjóta á kappanum því Jón Arnór hefur sett niður 40 af 44 vítaskotum sínum eða 90,9 prósent skotanna. Jón Arnór hefur nú sett niður sextán vítaskot í röð á móti Keflavík þar af öll þrettán í úrslitakeppninni.

Jón Arnór hefur líka hugsað um félaga sína því hann hefur gefið 27 stoðsendingar í leikjunum sem er jafnmikið og leikstjórnendurnir Jakob Sigurðarson og Sverrir Þór Sverrisson.

Þá er ótalin frammistaða Jóns Arnórs í vörninni þar sem tölfræðin telur nú sjaldnast en kappinn er þó með flesta stolna bolta af öllum leikmönnum í þessum sex leikjum sem er vitnisburður um framlag hans í vörninni. Annar er að hann hefur nánast lokað á Hörð Axel Vilhjálmsson í leikjum en Hörður er aðeins með 31 prósents skotnýtingu á móti KR í vetur. - óój



**SVAKALEGUR** Jón Arnór Stefánsson hefur verið sjóðheitur í öllum leikjunum á móti Keflavík í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VIILHELM

NÝTT!

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

**Stærsta Outlet landsins!**

| Dömufatnaður | Barnafatnaður |
| Ungbarnafatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

Verðdæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dömubolir | 695 | Barnabolir | 495 |
| Dömubuxur | 995 | Strákaskyrtur | 695 |
| Dömublússur | 1.595 | Barnabuxur | 1.495 |
| Dömujakkar | 1.995 | Barnanáttföt | 995 |
| Kjólar | 1.995 | Barnainniskór | 495 |
| Dömuskór með háum hæl | 1.995 | Barnaskór | 795 |
| Dömutöskur | 995 | | |
| Herrabolir | 995 | | |
| Herraskyrtur | 1.495 | DVD | 100 |
| Herrabuxur | 1.495 | Tölvuleikir | 500 |
| Stakir jakkar | 2.995 | DVD Þættir | 1.000 |

ZARA

Brandtex

RUGBY JEANS CO.

true

**Bestu verðin!**

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

## > James Earl Jones



„Ég stamaði þegar ég var ungur. Það var hræðileg tilfinning sem fylgdi því að vera með hjartað fullt af orðum sem ég gat ekki komið frá mér.“

Jones er líklegast þekktastur fyrir djúpa rödd sína en hann talaði meðal annars fyrir Svarthöfða í Star Wars-myndunum. Hann leikur Konung ríkisins Zamunda í myndinni Coming to America sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON KVEÐUR SILFUR EGILS

# *Kiljan bjargar Agli frá leiðindum*

Egill Helgason er nokkuð sérstakt fyrirbæri í íslensku sjónvarpi. Fáum, ef einhverjum, hefur tekist jafn vel upp í þeirri list að halda uppi vitrænum umræðum um þjóðmál á öldum ljósvakans í jafn langan tíma. Fyrst á Skjá einum, svo á NFS og loks á RÚV. Egill er í raun Heimir Karlsson og Guðni Bergs, úr fótboltaþættinum vinsæla, í einum og sama manninum, hann er bæði spyrill þáttarins og þátttakandi í umræðunum.

Því miður virðist Silfrið ætla að verða fyrsta fórnarlamb þeirrar stjórnmálabaráttu sem fram undan er. Eins og það var nú gaman að hlusta á fólkið í landinu kryfja vandamál þjóðarinnar til mergjar án þess að grípa til pólitískra frasa. Hlutirnir voru bara ræddir tæpitungulaust. Sá tími er því miður liðinn og nú keppast frambjóðendur við að troða sér í settið hjá Agli til að geta talað lon og don um ekki neitt.

En Egill getur hins vegar huggað sig við Kiljuna þegar Silfrið er orðið leiðinlegt. Því þangað koma engir stjórnmálamenn og menga umhverfið með innantómum klisjum. Kiljan er án nokkurs vafa einhver skemmtilegasta nýjung sem átt hefur sér stað innan veggja RÚV en fáa hefur eflaust grunað að hægt væri að gera bókmenntaþátt skemmtilegan.




## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00 Match Point** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Spjallið með Sölva** SKJÁREINN



▶ **21.20 Stelpurnar** STÖÐ 2



▶ **21.30 Lucky Louie** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 Síðasti kossinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Meistaradeildin í hestaíþróttum** (e)
**15.50 Leiðarljós** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Spæjarar** (11:26)
**17.42 Músahús Mikka** (48:55)
**18.05 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (5:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson og Luke Ward-Wilkinson. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Ekki alveg mennskur II** (Not Quite Human II) Bandarísk ævintýramynd frá 1989. Vélmennið Chip er farinn í háskóla, þjáist af tölvuveiru og er orðinn ástfanginn. Aðalhlutverk: Jay Underwood, Alan Thicke og Robyn Lively.
▶**21.50 Síðasti kossinn** (The Last Kiss) Bandarísk bíómynd frá 2006. Michael er í sambúð með Jennu og þau eiga von á barni en hann er ekki alveg viss um hvort hann er tilbúinn að gifta sig. Aðalhlutverk: Zach Braff, Jacinda Barrett, Casey Affleck, Rachel Bilson, Harold Ramis og Tom Wilkinson. (e)
**23.30 Söngvaskáld** (Egill Ólafsson) Lagasmiðir flytja lög sín að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Í þessum þætti syngur Egill Ólafsson nokkur lög og spjallar við hlustendur. (e)
**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 My Super Ex-Girlfriends**
**10.00 Shrek**
**12.00 The Ringer**
**14.00 My Super Ex-Girlfriends**
**16.00 Shrek**
**18.00 The Ringer**
▶**20.00 Match Point** Mynd frá Woody Allen með Jonathan Rhys-Meyers og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.
**22.00 National Treasure: Book of Secrets**
**00.00 Irresistible**
**02.00 The Door in the Floor**
**04.00 National Treasure. Book of Secrets**
**06.00 Bigger Than the Sky**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (282:300)
**10.15 Sisters** (15:28)
**11.05 Ghost Whisperer** (62:62)
**11.50 Life Begins** (2:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (155:260)
**13.25 Wings of Love** (36:120)
**14.10 Wings of Love** (37:120)
**14.55 Wings of Love** (38:120)
**15.40 A.T.O.M.**
**16.03 Camp Lazlo**
**16.23 Bratz**
**16.48 Nornafélagið**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Idol stjörnuleit** (7:14) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram með símakosningu.
▶**21.20 Stelpurnar** (2:20) Á meðan símakosning stendur yfir í Idol stjörnuleit er kjörið að rifja upp nokkra bestu brandarana frá fyndnustu stelpum Íslands.
**21.45 Idol stjörnuleit** Niðurstöður símakosningar í Idol stjörnuleit kunngjörðar og þar með upplýst hver fellur úr leik að þessu sinni.
**22.10 Coming to America** Gamanmynd með Eddie Murphy í aðalhlutverki. Í myndinni fer hann með fjölda hlutverka, en stærsta hlutverkið er afrískur prins sem ákveður að fara til New York til að finna sér eiginkonu.
**00.05 The 24th Day**
**01.40 The Hills Have Eyes**
**03.25 G**
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**18.00 Gillette World Sport 2009**
**18.30 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.55 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**19.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**19.50 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Superdome-leikvanginum í New Orleans.
**20.45 F1. Ástralía / Æfingar**
**21.15 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.00 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.
**23.30 NBA - Bestu leikirnir** Útsending frá sjötta leik Chicago Bulls og Utah Jazz í úrslitarimmu NBA árið 1997.
**01.00 F1. Annáll 2008** Árið 2008 gert upp í Formúlu 1 kappakstrinum.
**02.00 F1. Við rásmarkið**
**02.30 F1. Ástralía / Æfingar**
**03.00 F1. Ástralía / Æfingar**
**05.45 F1. Ástralía / Tímataka** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Ástralíu.

## SPORT 2 enski boltinn

**17.30 Tottenham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Fulham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 PL Classic Matches** Tottenham - Manchester Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.50 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1995.
**22.20 Blackburn - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**00.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.20 Game Tíví** (8:15) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Game Tíví** (8:15) (e)
**12.40 Möguleikar/ íslensk fatahönnun 2009** (e)
**13.10 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Káta maskínan** (8:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar. (e)
**18.50 One Tree Hill** (9:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. (e)
**19.40 Möguleikar/ íslensk fatahönnun 2009** (e)
**20.10 Survivor** (5:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
▶**21.00 Spjallið með Sölva** (6:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Lífið, tilveran og þjóðmálin, Sölva er ekkert óviðkomandi. Alvara, grín og allt þar á milli.
**22.00 Battlestar Galactica** (6:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og The Rolling Stone hafa sagt hana bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.
**22.50 Painkiller Jane** (7:22) Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrulega hæfileika.
**23.40 Flashpoint** (10:13) (e)
**00.30 Swimfan** (e)
**02.00 Jay Leno** (e)
**03.40 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Mér finnst er** í umsjón Bergljótar Davíðsdóttur og Katrínar Bessadóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Idol-stjörnuleit



Úrslitin halda áfram á glæsilegu sviði Idol-stjörnuleitar í Smáralindinni. Tveir keppendur héldu heim eftir síðasta þátt og eftir standa níu. Það er á valdi áhorfenda að skera úr um með símakosningu hverjir halda áfram og skiptir hvert atkvæði máli. Þema kvöldsins er vinsælastu lög síðasta árs þar sem keppendur flytja hvern stórsmellinn á fætur öðrum við undirleik húsbands Idolsins. Seinni þátturinn er á dagskrá kl. 21.45. Þá verða niðurstöður símakosningar kunngjörðar og þar með upplýst hver fellur úr leik að þessu sinni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Auddi og Sveppi

**Stöð 2 kl. 19.15**

Auddi og Sveppi verða með alþingisþema í þættinum sínum í kvöld. Aðalgestur þeirra verður Þorgerður Katrín, fyrrverandi menntamálaráðherra, en hún mun spreyta sig sem ofurhress útvarpskona á FM957. Kynþokkafyllsti þingmaðurinn verður verðlaunaður og strákarnir kíkja á útsýnispallinn á Alþingi og skoða þingheim eins og þeim einum er lagið. Fréttir vikunnar eru á sínum stað og ný skoðanakönnun verður kynnt auk þess sem tekið verður götuspjall – a la 70 mín.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (154:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (155:260)
**17.00 Ally McBeal** (17:24)
**17.45 The O.C.** (14:27)
**18.30 Lucky Louie** (1:13)
**19.00 Hollyoaks** (154:260)
**19.30 Hollyoaks** (155:260)
**20.00 Ally McBeal** (17:24) Ally og Cage takast á við Fish og Georgiu þar sem fyrirtækið er fulltrúi beggja aðila í nauðgunarmáli.
**20.45 The O.C.** (14:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
▶**21.30 Lucky Louie** (1:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
**22.00 The Mentalist** (7:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.
**22.45 Twenty Four** (9:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**23.30 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** EastEnders **10.35** My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** My Hero **15.00** Blackadder Goes Forth **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** My Hero **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder Goes Forth **20.10** Extras **20.40** The Catherine Tate Show **21.10** Lead Balloon **21.40** Rob Brydon's Annually Retentive **22.10** Blackadder Goes Forth **22.40** My Hero **23.10** Extras **23.40** The Catherine Tate Show

## DR 1

**10.00** Mission. Baby **10.30** Dyrehospitalet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet med Vejret **12.30** Diagnose søges **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Amigo **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **21.15** Black Dog **22.40** Farlig impuls

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** Grønn glede **10.30** Italia på menyen **11.00** NRK nyheter **11.10** Guinea-Bissau. Det gløymde landet **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Slipp naboene løs **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **14.30** VM kunstløp **15.35** Ut i naturen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Dyrisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ugleskogen **17.10** Mumfie **17.20** Charlie og Lola **17.35** Leon **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen. Livvaktene **22.10** Kveldsnytt **22.25** I tjukt og tynt **23.25** Lasse Stefanz - live **23.55** Folk i farta

## SVT 1

**10.00** Om familj **11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Flyttlasset går **13.05** Anslagstavlan **13.10** Babben & co **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Konståkning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Grillad **20.45** Konståkning **21.45** Sammansvärjningen **23.55** Kulturnyheterna **00.10** Mia och Klara **00.40** Georgy - en ploygirl **02.15** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Heilsuréttirnir á Nings eða Maður lifandi þegar ég er í þeim gírnum. Annars er það Hamborgarabúllan þegar ég vil sukka.“*

Helga Möller söngkona.

# Spock kostar átta milljarða borgað í evrum

„Ég hef engar áhyggjur af því að Spock verði „sænað“. Við erum einfaldlega ekki nógu fallegir og ekki nógu ungir,“ segir Finni, söngvari hljómsveitarinnar Dr. Spock, og lætur sér fátt um finnast. En samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fulltrúar frá Universal-útgáfurisanum boðað komu sína á Nokia on Ice-tónlistarhátíðina sem verður haldin í Listasafni Reykjavíkur og á Sódóma Reykjavík 3. apríl næstkomandi.

Universal er nú þegar með Bang Gang innan sinna vébanda, en Bang Gang spilar þetta kvöld. Þeir hafa aftur á móti áhuga að skoða önnur bönd sem koma fram á hátíðinni en þau eru utan Bang Gang; Jeff Who?, Dr. Spock, Sometime, Mammút, Sudden Wether Change, Bárujárn og Cosmic Call.

„Nei, ég óttast ekki þessa fulltrúa,“ segir Finni. Hans skoðun er eindregið sú að íslenska tónlistarsenan sé miklu betri en sú sem finna má úti. Það skipti bara ekki máli. „Bönd í Breiðholti, 13 ára gaurar, eru að búa til flottari tónlist en gefin er út þarna úti. Það dúkka alltaf upp svona agentar öðru hvoru, lofa öllu fögru en svo verður ekki neitt úr neinu. Mæta seint og illa, fullir og enda uppi á Goldfinger,“ segir Finni og spáir súru partíi hjá fulltrúum Universal. „Eru að koma á einhverja brunaútsölu. En þú getur sagt þeim að Spock sé ekki til sölu nema fyrir átta milljarða – borgað í evrum.“ **- jbg**



**FINNI Í DR. SPOCK** Óttast ekki agenta Universal sem væntanlegir eru á tónlistarhátíðina Nokia on Ice. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT** 2. kerra, **6.** í röð, **8.** af, **9.** þunnur vökvi, **11.** gangþófi, **12.** óhreint vatn, **14.** þvílíkt, **16.** tveir eins, **17.** skordýr, **18.** drulla, **20.** fæddi, **21.** könnun.
**LÓÐRÉTT** 1. elds, **3.** frá, **4.** verkfæri, **5.** til sauma, **7.** kökugerð, **10.** skaut, **13.** tilvist, **15.** fita, **16.** skaði, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. vagn, **6.** áþ, **8.** frá, **9.** lap, **11.** íl, **12.** skólp, **14.** slíkt, **16.** tt, **17.** fló, **18.** aur, **20.** öl, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT:** 1. báls, **3.** af, **4.** gripkló, **5.** nál, **7.** bakstur, **10.** pól, **13.** líf, **15.** tólg, **16.** tap, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Í 22 ár.
2. Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool.
3. Spy Next Door.


**Sýndu aðhald í rekstri með faglegri ræstingu!**

Hreint RÆSTING

• Reykjavík • Akureyri • Selfossi

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is


MALLORCA PERLA: VALIN BESTA HÚSKATTARLÆÐAN TVÖ ÁR Í RÖÐ

# Verðlaunaköttur sem elskar popp og stríðir hundum

„Jú, hún Mallorca Perla er alveg mögnuð. Það var ekki bara á sýningunni núna sem hún var valin besta húskattarlæðan heldur hefur hún verið valin besta húskattarlæðan tvö ár í röð,“ segir Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir, eigandi læðunnar sem varð stigahæst í flokki húskatta á sýningu Kynjakatta á dögunum. Um 160 kettir tóku þátt í sýningunni í nokkrum flokkum en þótt flestir kettir sýningarinnar séu hreinræktaðir eru alltaf nokkrir afburða „venjulegir“ húskettir sem mæta til keppni.

Mallorca Perla á ekki langt að sækja snilli sína því afi hennar er kötturinn Muri sem hefur þótt sýna ótrúlega leikhæfileika, meðal annars í Bjarkarmyndbandinu og svo í hlutverki kattarins sem gleypir mann í Símaauglýsingunni. Faðir Mallorcu Perlu, Jökull, er sonur Mura en þeir kettir eru af Abyssiníu-kyni. Móðir Mallorcu Perlu er hins vegar af hinu stutthærða Conrix Rex-kyni. Abyssiníu-kettirnir sem og síðhærða útgáfan af þeim, Sómalí, hafa notið mikilla vinsælda hér á landi undanfarið og verið eftirsóttir.

„Hún hefur geðslag föðurfjölskyldu sinnar sem og andlitsfallið. Hún er mjög vel gefin, forvitin, uppátækjasöm og blíð,“ segir Ragnheiður. Uppátæki Mallorcu Perlu geta verið af ýmsum toga en á sýningunni komst hún til að mynda yfir popppoka og þótti hafa himin höndum tekið að fá popp til að gæða sér á. Hún er ekki mikið fyrir aðra ketti og sem stela athyglinni frá henni en finnst gaman að stríða nágrannahundinum. „Mér þótti nú nóg komið um daginn og kallaði því á hana. Nágranninn varð steinhissa að sjá kött hlýða kalli. Hún er frekar óvenjuleg.“ Ragnheiður segir að mikið sé dekrað við heimilislæðuna en henni þyki best ef hún er kjössuð og kölluð „mömmustelpa“. „Hún er ákaflega kelin og fríð. Maður er ekkert hissa á því að hún sé valin besti húskötturinn.“

**juliam@frettabladid.is**



**AF LEIKARAÆTTUM** Mallorca Perla var stigahæsta húskattarlæðan á sýningu Kynjakatta um þarsíðustu helgi. Henni kippir í kynið því afi hennar, kötturinn Muri, átti stórkostlegan mótleik á móti Björk Guðmundsdóttur í tónlistarmyndbandi hennar, Triumph of a Heart. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MURI Á TÖKUSTAÐ** Kötturinn Muri með eiganda sínum, Gunnlaugu Þorvaldsdóttur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Útgáfurisinn Forlagið treysti sér ekki til að gefa út væntanlega bók **Bubba Morthens** um sögu laxveiða í Laxá í Aðaldal, Nessvæðið, en Bubbi er ekki maður sem lætur neitt stoppa sig. Hann hafði samband við kvennaforlagið Sölku og þær voru meira en fúsar til að gefa út bókina en Einar Falur ljósmyndari vinnur verkið með Bubba. Og verkefnið bara vex því nú hefur Bubbi komist að samkomulagi við RÚV um að gera heimildarmynd sem byggist á sama verkefni en Vötn og veiði greina frá því að Bubbi hafi nú þegar undir höndum gríðarlegt magn af kvikmyndaefni sem gagnast vel.



Meðan Bubbi vex eru aðrir refir skornir. Mörgum brá í brún þegar fréttist að **Sigrún Stefánsdóttir**, dagskrárstjóri á Rás 2, væri búin að slá út hina rótgrónu Spurningakeppni fjölmiðlanna. Unnendur þáttanna hafa stofnað Facebooksíðu þar sem skorað er á forráðamenn RÚV að draga þessa ákvörðun til baka og á skömmum tíma söfnuðust hundrað og fimmtíu manns á síðuna og fer vaxandi. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Ágúst Héðinsson og Bylgjan vilji koma til bjargar og hafi þegar sett sig í samband við rithöfundinn snjalla, **Ævar Örn Jósepsson**, sem annast hefur keppnina undanfarin fimm ár. **- jbg**







Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FISKI Í DAG**

**ýsuflök, lúðusneiðar laxaflök, fiskréttir hörpuskel, humar, rauðmagi og margt fleira.**

**HUGSUM UM HEILSUNA OG BORÐUM FISK.**

**Veljum íslenskt**



**opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00**


# Friðrik Ómar með til Moskvu

Einvalalið tónlistarmanna fylgir Jóhönnu Guðrúnu til Moskvu og styður við bakið á henni á stóra sviði Eurovision-keppninnar. Meðal þeirra er söngvarinn Friðrik Ómar en hann mun verða í bakröddunum ásamt Heru Björk og Ernu Hrönn. „Þetta er þá í annað skiptið, ég er bara nýgræðingur í þessu,“ segir Friðrik en svo skemmtilega vill til að Hera Björk var nálægt því að tryggja sér sæti í Moskvu þegar hún lenti í öðru sæti í dönsku Eurovision-keppninni.

Friðrik segir það eilítið öðruvísi tilhlökkunarefni en þegar hann fór með Eurobandinu í fyrra. „Þetta verður bara alveg rosalega gaman en þetta er náttúrulega fyrst og fremst vinnuferð. Við ætlum okkur að ná góðum árangri og það eru allir í hópnum sammála um það,“ segir Friðrik sem vill síður en svo gera lítið úr vægi bakradda. „Við syngjum „live“ á sviðinu og það er erfitt hlutverk að vera í bakröddunum, við megum ekkert klikka,“ segir Friðrik.

Og hann er ekkert smeykur við að stela senunni af Jóhönnu þótt Eurobandið hafi notið töluverðra vinsælda í Serbíu. „Nei, Jóhanna er frábær söngkona og það er mikill heiður að fá að vinna með henni. Og svo reynum við bara að nýta alla athygli sem við fáum til góðs.“ **- fgg**



**SAMAN Á SVIÐINU** Jóhanna Guðrún fær að njóta liðsinnis Friðriks Ómars á sviði Eurovision-keppninnar í Moskvu.



Undirfatadagar
til 29. mars
15%
afsláttur
af öllum
undirfötum
Mikið af
nýjum vörum
Komdu í mátun
Hjá okkur færðu ráðgjöf og mælingu við val á brjóstahöldurum.
Komdu og nýttu þér frábæra þjónustu og gott verð.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Örlítill misskilningur*

Manneskjan er hugvitssöm skepna. Svo hugvitssöm reyndar að fréttir af framúrstefnulegum tækninýjungum eru löngu hættar að koma okkur á óvart. Engu síður hrökk ég í kút um daginn þegar rödd á Rás 2 tilkynnti mér að fermingarvélarnar væru komnar í verslanir. „Fermingarvélar“ át ég upp eftir útvarpinu og klóraði mér í höfðinu steinhissa. Hvernig gat þessi uppfinning hafa farið fram hjá mér? Ég minntist þess hvorki að hafa lesið um slíkt tæki né séð fjallað um það í sjónvarpinu. Eftir nánari umhugsun fannst mér þetta þó rökrétt framhald á fermingarbrjálæði þjóðarinnar. Það hafði auðvitað bara verið tímaspursmál hvenær við næðum að vélvæða það eins og annað.

**TÆKINU** var ekki lýst neitt sérstaklega í auglýsingunni en ég var ekki lengi að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Þetta hlaut að vera einhvers konar klefi, líkastur sturtuklefa eða ljósabekk sem fermingarbarnið træði sér inn í. Síðan væri ýtt á takka og beðið í nokkrar mínútur uns krakkinn kæmi út nýfermdur. Ég ályktaði að fermingarvélin væri hlutur sem stórfjölskyldan kæmi sér saman um að kaupa, nú eða húsfélögin því varla þarf slík græja að vera til á hverju heimili. Þetta hlaut líka að vera rándýrt apparat svo eflaust þyrftu þeir efnaminni enn að sætta sig við gömlu aðferðina, það er að segja þá að ganga til prestsins og mæta í þessa hefðbundnu fermingarathöfn sem við þekkjum svo vel.

**ÁÐUR** en ég áttaði mig á misskilningnum var ég farin að velta fyrir mér ýmsum aukabúnaði sem koma mætti fyrir í fermingarvélinni. Það væri til dæmis hentugt ef hún væri brúnkuklefi í leiðinni og svo mætti kannski forrita hana þannig að hún gæti sett gervineglur á fermingarstúlkur og plokkað á þeim augabrúnirnar. Hugsið ykkur hagræðið. Krakkanum er skellt í vélina og kemur ekki aðeins kaffibrúnn út úr henni með nýplokkaðar augabrúnir heldur nýfermdur í þokkabót. Allur sá tími sem áður fór í að sitja á hörðum kirkjubekkjum nýtist síðan í fermingarundirbúninginn sjálfan, baksturinn og skreytingarnar.

**ÞAÐ** var ekki fyrr en ég fletti blaðinu daginn eftir og sá þessa sömu auglýsingu myndskreytta að ég áttaði mig á misskilningnum. Fermingarvélar eru víst bara ósköp venjulegar fartölvur sem þykja góðar fermingargjafir. Ég dauðskammaðist mín fyrir kjánaskapinn en sé núna að kannski liggja tækifæri í misskilningnum. Er nýsköpun ekki töfraorðið þessa dagana?



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er föstudagurinn 27. mars, 86. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.03 | 13.33 | 20.04 |
| Akureyri | 6.46 | 13.18 | 19.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


